



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

2021

Framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs

Í LAUGARNES- OG LANGHOLTSHVERFI



Starfshópin skipa:

Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundamála SFS

Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólamála SFS

Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir, verkefnisstjóri á grunnskólaskrifstofu SFS

Haraldur Sigurðsson, framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar Kringlumýri

Hreiðar Sigtryggsson, skólastjóri Langholtsskóla

Jón Páll Haraldsson, skólastjóri Laugalækjarskóla

Ósk Soffía Valtýsdóttir, deildarstjóri frumathugana mannvirkjadeildar USK

Sigríður Heiða Bragadóttir, skólastjóri Laugarnesskóla

Sigrún Sveinbjörnsdóttir, verkefnisstjóri á frístundaskrifstofu SFS

Ráðgjöf við hópinn var í höndum Önnu Kristínar Sigurðardóttur prófessors við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Inngangur

Hópnun, sem skipaður var í janúar 2021, var ætlað að rýna stöðuna í Laugarnes- og Langholtshverfi og koma með tillögur um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í hverfunum. Hópnun var ætlað að skila af sér skýrslu fyrir lok febrúar en frestur var veittur til loka mars 2021. Hópurinn víðaði að sér upplýsingum og fékk m.a. kynningu frá Haraldi Sigurðssyni sérfræðingi á umhverfis- og skipulagssviði á stefnu um íbúðabyggingu í Reykjavík til ársins 2040. Taka skal fram að í vinnu hópsins var tvennt hamlandi; framtíðarskipulag íþróttamannvirkja í Laugardal og framtíðarskipulag safnfrístundar fyrir 3. og 4. bekk í Langholtsskóla og Laugarnesskóla. Hópurinn framkvæmdi SVÓT-greiningu á alls sjö sviðsmyndum sem lagðar voru til í vinnu hópsins. Áttunda sviðsmyndin kom til umræðu eftir SVÓT-greiningu en ekki var talin ástæða til að greina hana. Erindisbréf (fylgiskjal 1) og vinna starfshópsins var kynnt skólaráðum og starfsmönnum skólanna þriggja. Stjórnendur Kringlumýrar fengu einnig kynningu á erindisbréfi og vinnu starfshópsins.

Eftir greininguna var ákveðið að setja hér fram þrjár sviðsmyndir og fjalla um svót greiningu þeirra:

- I. Skólarnir þrír haldi sér í núverandi mynd og byggt verði við þá alla til að mæta auknum nemendafjölda á næsta áratug í skólahverfunum í takt við forsagnir (fylgiskjal 2 og 3).
- II. Færa tvo elstu árganga Laugarnesskóla yfir í Laugalækjarskóla og því byggt við hann. Byggt verði við Langholtsskóla eins og fram kemur í forsögn.
- III. Opnaður verði nýr unglingaskóli í Laugardal fyrir alla unglinga úr skólunum þremur. Skólarnir þrír yrðu þá allir yngri barna skólar fyrir nemendur í 1.-7. bekk.

Sviðsmyndirnar fjórar sem útilokaðar voru:

- IV. Opnaður yrði nýr unglingaskóli fyrir Laugarneshverfi og byggt verði við Langholtsskóla.
- V. Byggt yrði nýr skóli fyrir 1.-7. bekk í Laugarneshverfi og Laugarnesskóli fengi aftur til sín 7. bekk. Byggt yrði við Laugalækjarskóla sem yrði unglingaskóli fyrir 8.-10. bekk og byggt yrði við Langholtsskóla.
- VI. Byggt yrði við Laugalækjarskóla sem yrði unglingaskóli með félagsmiðstöð fyrir 8.-10. bekk fyrir nemendur allra þriggja skólanna og byggt yrði við Laugarnesskóla sem yrði fyrir 1.-7. bekk.
- VII. Byggt yrði nýr heildstæður skóli sem þjónar nýjum byggingarreitum í og við Skeifu.
- VIII. Byggt yrði við Laugalækjarskóla sem yrði heildstæður skóli fyrir 1.-10. bekk og Laugarnesskóli yrði fyrir 1.-7. bekk. Byggt yrði við Langholtsskóla samkvæmt forsögn.

Eftir SVÓT greiningu sviðsmynda og rýni í spátölur um fjölda nemenda (fylgiskjal 4) í Laugardal til ársins 2040 var hópurinn sammála um að ekki væri ástæða til að fjalla frekar um fleiri tillögur en þrjár þar sem of margir ágallar voru á þeim að mati hópsins.

Mikilvægt er að rýna vel samgöngur milli hverfa. Í Græna plani Reykjavíkurborgar er lögð áhersla á að þjónusta í hverfum verði í göngu- eða hjólaferi. Yfirfara þarf göngu- og hjólaferi barna með tilliti til þess. Sérstaklega skal hugað að þverun Sundlaugarvegjar. Rýna þarf samgönguæðar, hvernig ferðir Strætó falla að þjónustu við nemendur sem koma úr þessum hverfum og kanna möguleika á þörf fyrir annars konar samgöngubætur.

Greinargerð

Um nokkurra ára skeið hefur verið ljóst að vegna viðvarandi fjölgunar nemenda er verulega farið að þrengja að í skóla- og frístundahúsnæði Laugarnesskóla, Laugalækjarskóla og Langholtsskóla eins og sjá má á mynd 1. Í forsögn fyrir Laugarnesskóla sem var skilað 2017 og aftur 2019 (í drögum) kemur þörfin fyrir viðbyggingu skýrt fram. Spár til 20 ára gera ráð fyrir fjölgun nemenda í þessum

skólahverfum úr 1.648 árið 2020 í 1.774 árið 2040 og því er ljóst að bregðast þarf við vandanum strax (mynd 1).

Mynd 1. Nemendafjöldi og þol bygginga skólanna þriggja til ársins 2040.

	2020			2030		2040	
	Þol húsnæðis	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði
Langholtsskóli	558	706	-148	662	-104	665	-107
Laugalækjarskóli	348	353	-5	421	-73	423	-75
Laugarnesskóli	431	589	-158	683	-252	686	-255
Samtals	1337	1648	-311	1766	-429	1774	-437

*Tölur um þol húsnæðis miðast við 11 m² fyrir hvern nemanda. Færanlegar skólastofur eru ekki teknar með í m² grunnskólanna.

Starfshópurinn ákvað strax að skoða allar mögulegar sviðsmyndir fyrir svæðið í heild jafnt sem fyrir hvern skóla. Á tímabili var unnið með átta hugsanlegar sviðsmyndir eins og áður hefur komið fram en eftir svót greiningu var þeim fækkað niður í þrjár og er þeim lýst nánar í lok skýrslu.

Langholtsskóli

Langholtsskóli er einn af fjölmennustu grunnskólum Reykjavíkurborgar með 707 nemendur (1. janúar 2021). Það eru mun fleiri nemendur en skólinn rúmar og eru nú 8 færanlegar kennslustofur við skólann og mikil þrengsli í list- og verkgreinum, í fjölnotasal/mötuneyti og íþróttum. Nemendur sækja frístundastarf í félagsmiðstöðina Þrótttheima (5.-10. bekkur) og frístundaheimilið Glaðheima (1.-2. bekkur), staðsett við Holtaveg 11 og safnfrístundaheimilið Dalheima (3.-4. bekkur), staðsett í Laugardal.

Samkvæmt nemendaspá mun börnum fækka aðeins á næstu árum í skólahverfinu, en þó ekki þannig að húsnæðið rúmi allan nemendafjöldann. Þarfragreining sýnir að þörf er á að byggja við skólann, bæði til að félagsmiðstöðin Þróttheimar fái aðstöðu í skólahúsnæðinu, og til að rúma áætlaðan fjölda nemenda. Auk þess sem þörf er á endurbótum á eldri byggingum og að uppfæra í samræmi við fjölbreytni í kennsluháttum og framtíðarsýn skólans um aukna teymiskennslu.

Laugalækjarskóli

Laugalækjarskóli er hverfis-skóli fyrir nemendur í 7. til 10. bekk í Laugarneshverfi. Haustið 2020 voru um 353 nemendur og 45 starfsmenn í skólanum. Kennsla og félagsmiðstöðvastarf rúmast í dag innan skólabyggingarinnar. Auk þess fer kennsla í íþróttum fram í íþróttamannvirkjum í hverfinu. Mikil uppbygging er fyrirhuguð í skólahverfi Laugalækjarskóla á næstu árum en samkvæmt spá gæti nemendafjöldinn árið 2030 verið allt að 421 nemendur. Miðað við fjölgun nemenda á næstu árum þarf að endurskoða húsnæði skólans og gera grein fyrir væntanlegri rýmisþörf hans.

Laugarnesskóli

Laugarnesskóli er hverfis-skóli nemendur í 1. til 6. bekk í Laugarneshverfi. Haustið 2020 voru 589 nemendur og 95 starfsmenn í skólanum. Það eru mun fleiri nemendur en skólinn rúmar og eru nú 7

færanlegar kennslustofur við skólann og mikil þrengsli í list- og verkgreinum, í fjölnotasal/mötuneyti, íþróttum og rými fyrir sérkennslu. Auk þess eru 2 færanlegar kennslustofur og „gamla smíðastofan“ fyrir starf frístundaheimilisins. Yngstu nemendur skólans, þ.e. börn í 1. og 2. bekk eru í frístundaheimilinu Laugarseli sem er starfrækt við Laugarnesskóla en eldri nemendur skólans, börn í 3. og 4. bekk fara í Dalheima sem er safn-frístundaheimili fyrir 3. og 4. bekk Laugarnesskóla og Langholtsskóla. Auk þess sækja elstu nemendur kennslu í íþróttum í íþróttahúsi við Hátún. Mikil uppbygging er fyrirhuguð í skólahverfi Laugarnesskóla á næstu árum sem samkvæmt spá gæti nemendafjöldinn orðið töluvert meiri árið 2030, eða um 683 nemendur.

Frístundastarf samofið skólastarfi

Samkvæmt *Stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025* er almennt gert ráð fyrir því að starfsemi frístundaheimila og félagsmiðstöðva fari fram í húsnaði grunnskóla.

Frístundaheimili á yngsta stigi

Í grunnskólum sem hafa yngsta stig þarf að vera góð aðstaða fyrir frístundaheimili. Hlutverk frístundaheimila er að bjóða upp á fjölbreytt frístundastarf þegar hefðbundnum skóladegi barna í 1.-4. bekk lýkur. Leiðarljós frístundaheimilanna er að hver einstaklingur fái að njóta sín og þroskast í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu. Starfsemi frístundaheimila byggir á hugmyndafræði frístundamiðstöðva og frístundastarfs án aðgreiningar. Markmið frístundaheimila er að bjóða upp á innihaldsríkan frítíma þar sem börnin fá tækifæri til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni. Lögð er áhersla á að þroska félagslega færni í samskiptum í gegnum leik og starf sem og virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu (Starfsskrá frístundamiðstöðva SFS, 2015).

Til er form fyrir samninga milli grunnskóla og frístundaheimila þar sem fram kemur hvers konar rými frístundaheimili þurfa að búa yfir. Þar kemur m.a. fram að stærð sérrýmis frístundaheimilis þurfi að vera u.þ.b. 1 m² af nettó vinnurými fyrir hvert barn en 2 m² fyrir barn með fötlun og heildarrýmið 4 m² á barn en 8 m² fyrir barn með fötlun. Rými frístundaheimila getur því að ¼ hluta verið rými sem er samnýtt með grunnskóla. Æskilegt er að frístundaheimilið hafi eitt sérrými fyrir 1. og 2. bekk og annað sérrými fyrir 3. og 4. bekk. Sjá samningsform í fylgiskjali 5.

Félagsmiðstöð á miðstigi

Í grunnskólum sem hafa miðstig en ekki unglíngastig þarf að gera ráð fyrir aðstöðu fyrir félagsmiðstöðvastarf fyrir 10-12 ára. Gert er ráð fyrir að félagsmiðstöðin sem er við unglíngaskólann sem börnin fara í sjái um starfið.

Félagsmiðstöð á unglíngastigi

Í grunnskólum sem hafa unglíngastig þarf að vera góð aðstaða fyrir félagsmiðstöð. Félagsmiðstöðvar eru fyrir öll börn og unglínga á aldrinum 10-16 ára. Hlutverk félagsmiðstöðva er tvíþætt. Annars vegar er hlutverk þeirra að bjóða börnum og unglíngum á aldrinum 10-16 ára upp á frístundastarf sem hefur forvarnar-, uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og þroska. Hins vegar er hlutverk þeirra að bjóða upp á aðstöðu til afþreyingar og samveru með jafnöldrum í öruggu umhverfi. Áhersla er lögð á að virkja börn og unglínga til virkrar þátttöku og framkvæmda í starfinu, einkum þau sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning vegna fötlunar eða félagslegra aðstæðna. Hópastarf og opið starf eru þar kjölfestan. Gert er ráð fyrir að þjónustutími félagsmiðstöðva sé tvískiptur. Annars vegar er um að ræða viðveru frístundaráðgjafa á skólatíma barna og unglínga. Hins vegar er um að ræða almennan opnunartíma í starfi félagsmiðstöðva sem skiptist í dagopnun og kvöldopnun.

Í formi fyrir samninga milli grunnskóla og félagsmiðstöðva þar sem fram kemur hvers konar rými félagsmiðstöðvar þurfa að búa yfir. Þar kemur m.a. fram að sérrými félagsmiðstöðvar þurfi að vera að lágmarki 65 m² en að heildarrými sem börn, unglingar og starfsmenn félagsmiðstöðvar hafi aðgang að eftir skólatíma sé að lágmarki 350 m². Sérrými telst hluti af fermetrafjölda heildarrýmis. Sjá samningsform í fylgiskjali 6.

Skólahljómsveit Austurbæjar

Skólahljómsveit Austurbæjar hefur um árabil verið með megin starfsemi sína í Laugarnesskóla, æfinga- og kennsluáðstöðu ásamt skrifstofu. Vegna sívaxandi þrengsla í Laugarnesskóla hefur hljómsveitin misst æfinga- og skrifstofuáðstöðu sína þar. Í byrjun árs 2021 fluttust hljómsveitaæfingar því yfir í Laugalækjarskóla. Stórar samæfingar hljómsveitarinnar fara nú fram í sal skólans, ásamt því að kennslustofur skólans eru nýttar fyrir minni æfingar og kennslu. Mikil uppbygging er fyrirhuguð í skólahverfum skólahljómsveitar Austurbæjar á næstu árum og miðað við fjölgun nemenda á næstu árum þarf að huga að aðstöðu fyrir skólahljómsveitina í þeim sviðsmyndum sem starfshópurinn er að leggja til að fara í meiri úrvinnslu.

Íþróttaaðstaða í Laugardalnum samofin skólastarfi

Engin íþróttaaðstaða er við Laugalækjarskóla en nemendur skólans sækja íþróttir í mismunandi íþróttamannvirki í Laugardalnum auk þess að nýta umhverfi utandyra. Hverjum íþróttatíma fylgir því ferðatími nemenda og einnig kemur reglulega fyrir að íþróttaaðstaðan er óaðgengileg vegna skipulagðra viðburða. Í dag eru skipulagðar 32 kennslustundir á viku fyrir íþróttaiðkun nemenda auk valgreina í íþróttum.

Núverandi íþróttahús Laugarnesskóla er staðsett á vesturhluta lóðarinnar. Vegna stærðar íþróttahússins er ekki hægt að sinna skilgreindum tímafjölda í kennslu. Elstu nemendurnir sækja í dag kennslu í íþróttahúsi fatlaðra í Hátúni einu sinni til tvisvar í viku. Gera má ráð fyrir því að samanlagður ferðatími nemenda í og úr íþróttum sé samtals um ein kennslustund fyrir hvern íþróttatíma fjarri skóla. Óvíst er hvort að skólinn muni í framtíðinni hafa aðgengi að íþróttahúsinu í Hátúni. Í dag eru samtals 54 kennslustundir í íþróttum á viku.

Í Langholtsskóla er lítið íþróttahús sem komið er til ára sinna. Íþróttahúsið annar ekki kennslu í íþróttum. Nemendur í 1.-4. bekk sækja báða íþróttatíma sína í íþróttahús skólans. 5.-7. bekkur sækir annan íþróttatíma af tveimur í íþróttasalinn en hinn í íþróttahús TBR við Glæsibæ. Nemendur í 8.-10. bekk sækja báða íþróttatíma sína í íþróttahús TBR. Kennslustundir í íþróttum eru alls 70 talsins, þar af 42 stundir í íþróttahúsi skólans og 28 í TBR.

Í forsögn Langholtsskóla kemur eftirfarandi fram um íþróttaaðstöðu í Laugardalnum:

Samkvæmt upplýsingum frá ÍTR stendur nú yfir mikil vinna varðandi íþróttamannvirki í Laugardal m.a. varðandi Laugardalshöll, íþróttahús fyrir þrótt og skólana í Laugardal og aðstöðu TBR. Því er ekki talið rétt á þessum tímamarki að fara að huga að breytingum á íþróttahúsi við Langholtsskóla.

Deiliskipulag skólanna þriggja

Á öllum stöðunum er til deiliskipulag (fylgiskjöl 7, 8 og 9). Deiliskipulag Langholtsskóla frá 1956, Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla frá 2002. Til að koma fyrir viðbyggingum við þessa skóla þyrfti að koma til breyting á deiliskipulagi, þar sem byggingarreitur, hæð byggingar og byggingarmagn yrði skilgreint. Við slíka vinnu ber að hafa í huga fjölda nemenda og stærð skólalóðar með tilliti til

útileiksvæðis á hvern nemenda skólans. Í forsögn fyrir Laugarnesskóla sem var skilað 2017 og aftur 2019 (í drögum) og Langholtsskóla sem skilað var 2020 kemur skýrt fram að þörf er á viðbyggingum við skólana. Þar koma fram tillögur og tilmæli starfshópanna varðandi stækkunarmöguleika og staðsetningu viðbygginga.

Viðmið um skólastærðir

Varðandi stærðir skóla hefur skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar sett fram eftirfarandi viðmið:

Nýbyggingar heildstæðra grunnskóla skulu að jafnaði vera fyrir 550-650 nemendur. Heildstæðir grunnskólar (hvort heldur er eining í sameinuðum skóla eða stakstæður) séu að lágmarki 200 barna, eða 140 barna ef skólinn er fyrir 1. – 7. bekk; Frístundaheimili við grunnskóla þjónusti að lágmarki 60 börn, félagsmiðstöð fyrir 5. – 7. bekk 60 börn og félagsmiðstöð fyrir 8. – 10. bekk 60 unglinga.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hefur á undanförunum misserum verið að móta hugmyndir um nýjar útfærslur sem fela í sér meiri samlegð skóla- og frístundastarfs og samnýtingu á aðstöðu í tengslum við *Græna planið*.

Sviðsmyndir

Sviðsmynd I

Í sviðsmyndinni felst að skólarnir þrír haldi sér í núverandi mynd og byggt verði við þá alla til að mæta auknum nemendafjölda í skólahverfunum í takt við forsagnir. Því þarf að:

- Stækka Laugarnesskóla en gert verði ráð fyrir minna byggingarmagni en lýst er í forsagnarskýrslu. Gert verði ráð fyrir frístundaheimili fyrir 1. og 2. bekk.
- Byggja við Laugalækjarskóla og samnýting verði við félagsmiðstöð fyrir sameiginlegt miðstig Laugarnes- og Laugalækjarskóla og unglingastig Laugalækjarskóla og skólahljómsveit.
- Byggja við Langholtsskóla og gert verði ráð fyrir samnýtingu við frístundaheimili fyrir 1. og 2. bekk og félagsmiðstöð fyrir alla nemendur Langholtsskóla.
- Gera safnfrístund fyrir 3. og 4. bekk í Laugardalnum.
- Huga að þörf Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla fyrir íþróttakennslu.

Mynd 2. Nemendafjöldi og þol húsnæðis miðað við sviðsmynd I.

			2020		2030 (Spá)		2040 (Spá)	
	Stærð skólahúsnæðis (fm)	Þol skólahúsnæðis (nem.fjöldi)	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði
Langholtsskóli	6.317	548	706	-158	662	-114	665	-117
Laugalækjarskóli	3.898	334	353	-19	421	-87	423	-89
Laugarnesskóli	4.955	432	589	-157	683	-251	686	-254
Samtals	15.170	1.314	1.648	-334	1.766	-452	1.774	-460

*Tölur um þol húsnæðis miðast við 11 m² fyrir hvern nemanda í skólastarfi og 1 m² fyrir hvert barn í frístundaheimili í skólum sem hafa yngsta stig. Gert er ráð fyrir 65 m² fyrir félagsmiðstöð í unglingaskólum auk 108 m² fyrir sértæka félagsmiðstöð þar sem einhverfudeild er staðsett. Gert er ráð fyrir 161 m² rými fyrir skólahljómsveit í Laugalækjarskóla.

Styrkleikar og tækifæri: Mjúk breyting þar sem skólarnir þrír halda sínum sterka skólabrag og skólagerð sem mikil ánægja hefur verið með í skólasamfélaginu. Með byggingu við Laugalækjarskóla væri hægt að bæta við byggingu íþróttahúss. Tækifæri til bygginga á lóð Laugarnesskóla þar sem færanlegar kennslustofur eru til að minnka byggingarmagn. Jafnframt að Skólahljómsveit Austurbæjar færi alla aðstöðu sína í Laugalækjarskóla. Til að stækka byggingarsvæði væri ef til vill hægt að loka Reykjavegi að hluta og færa nýja viðbyggingu út á hann.

Veikleikar og ógnanir: Ekki er hægt að byggja skv. þörf við Laugarnesskóla innan núverandi heimilda. Ekki liggur fyrir heildaráætlun fyrir frístundaheimili og íþróttaaðstöðu í Laugardalnum.

Sviðsmynd II

Í sviðsmyndinni felst að færa tvo elstu árganga Laugarnesskóla (5. og 6. bekk) yfir í Laugalækjarskóla og byggt verði við hann. Byggt verði við Langholtsskóla eins og fram kemur í forsögn. Því þarf að:

- Byggja við Laugalækjarskóla og gera ráð fyrir starfsemi félagsmiðstöðvar og skólahljómsveitar í skólanum.
- Byggja við Langholtsskóla og gera ráð fyrir samnýtingu við félagsmiðstöð fyrir alla nemendur Langholtsskóla.
- Gera ráð fyrir að í 1. og 2. bekkur úr Langholtsskóla fái aðstöðu í Dalheimum
- Gera þarf ráð fyrir íþróttaaðstöðu í Laugarnesskóla.
- Gera þarf ráð fyrir safnfrístund fyrir 3. og 4. bekk í Laugardalnum fyrir nemendur í Langholtsskóla og Laugarnesskóla.

Styrkleikar og tækifæri: Möguleiki á faglegri samfellu á miðstigi í Laugalækjarskóla og stærð Laugarnesskóla verði viðráðanlegri. Félagsmiðstöð fyrir miðstig í sama húsnæði og nemendur. Núverandi húsnæði Laugarnesskóla endurbætt í samræmi við nútímakröfur og aðstæður fyrir þennan aldurshóp.

Veikleikar og ógnanir: Hörð breyting með mikilli röskun á skólabrag í Laugarnes- og Laugalækjarskóla. Skólagerðirnar óvenjulegar áfram. Mikil fjölgun í Laugalækjarskóla og vandasamt að byggja fallega að þessari stærðargráðu við Laugalækjarskóla. Vöntun á íþróttaaðstöðu við Laugalækjarskóla.

Mynd 3. Nemendafjöldi og þol húsnæðis miðað við sviðsmynd II.

	Stærð skólahúsnæðis (fm)	Þol skólahúsnæðis (nem.fjöldi)	2020		2030 (Spá)		2040 (Spá)	
			Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði
Langholtsskóli	6.317	548	706	-158	662	-114	665	-117
Laugalækjarskóli	3.898	334	560	-226	666	-332	669	-335
Laugarnesskóli	4.955	432	382	50	438	-6	440	-8
Samtals	15.170	1.314	1.648	-334	1.766	-452	1.774	-460

*Tölur um þol húsnæðis miðast við 11 m² fyrir hvern nemanda í skólastarfi og 1 m² fyrir hvert barn í frístundaheimili í skólum sem hafa yngsta stig. Gert er ráð fyrir 65 m² fyrir félagsmiðstöð í unglingskólum auk 108 m² fyrir sértæka félagsmiðstöð þar sem einhverfudeild er staðsett. Gert er ráð fyrir 161 m² rými fyrir skólahljómsveit í Laugalækjarskóla.

Sviðsmynd III

Í sviðsmyndinni felst að opnaður verði nýr unglingskóli í Laugardal fyrir alla unglunga úr skólunum þremur sem yrðu þá allir fyrir nemendur í 1.-7. bekk. Því þarf að:

- Finna húsnæði í Laugardalnum eða byggja nýtt fyrir nýjan safn-unglingskóla þar sem einnig væri gert ráð fyrir félagsmiðstöð.
- Gera þarf ráð fyrir frístundaheimilum í öllum þremur skólunum. Einnig þarf að gera ráð fyrir rými fyrir félagsmiðstöðvastarf fyrir miðstig í skólunum þremur.
- Gera þarf ráð fyrir rými fyrir skólahljómsveit Austurbæjar í Laugalækjarskóla.

Styrkleikar og tækifæri: Möguleiki að byggja upp öflugan unglingskóla með áherslu á íþróttir, jákvæða unglingsmenningu og aðstöðu í samræmi við nútímakröfur um nám, kennslu og frístundastarf. Húsnæði frístundaheimila tryggt í yngri barna skólunum. Tækifæri í fjölbreytni valgreina og tenging við íþróttamannvirki í dalnum.

Veikleikar og ógnanir: Veigamikil breyting á skólalaldi í Laugardalnum og hætta á að sérkenni skólanna tapist. Hætta á að mannauður tapist. Gæti tekið langan tíma að skapa nýjan skólabrag í þremur yngri barna skólum. Fjöldmennar unglingsdeildir geta kallað á erfiða unglingsmenningu. Vegalengdir í unglingskóla, gæti orðið flókið að finna góðar samgöngur.

Mynd 4. Nemendafjöldi og þol húsnæðis miðað við sviðsmynd III.

	Stærð skólalúsnæðis (fm)	Þol skólalúsnæðis (nem.fjöldi)	2020		2030 (Spá)		2040 (Spá)	
			Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði	Nem. fjöldi	Fjöldi vs húsnæði
Langholtsskóli	6.317	548	497	51	469	79	470	78
Laugalækjarskóli	3.898	334	337	-3	389	-55	391	-57
Laugarnesskóli	4.955	432	341	91	395	37	397	35
Nýr unglingskóli			473		513		516	
Samtals	15.170		1.648		1.766		1.774	

*Tölur um þol húsnæðis miðast við 11 m² fyrir hvern nemanda í skólalúsnæði og 1 m² fyrir hvert barn í frístundaheimili í skólum sem hafa yngsta stig. Gert er ráð fyrir 65 m² fyrir félagsmiðstöð í unglingskólum auk 108 m² fyrir sértæka félagsmiðstöð þar sem einhverfudeild er staðsett. Gert er ráð fyrir 161 m² rými fyrir skólahljómsveit í Laugalækjarskóla.

Lokaorð

Hér hafa verið reifaðar þrjár sviðsmyndir sem starfshópurinn valdi og taldi álitlegastar af þeim sjö sviðsmyndum sem fram komu í hugmynda- og greiningarvinnu hópsins. Hópurinn fundaði alls sjö sinnum frá byrjun febrúar til loka mars árið 2021. Þessar þrjár sviðsmyndir eru því tillögur starfshópsins til áframhaldandi vinnslu.

Fylgiskjöl

1. Erindisbréf fyrir starfshópinn
2. Forsögn Laugarnesskóla (drög, mars 2021)
3. Forsögn Langholtsskóla
4. Nemendafjöldi og spá til ársins 2040
5. Samningsform - frístundaheimili
6. Samningsform - félagsmiðstöð
7. Gildandi deiliskipulag - Langholtsskóli
8. Gildandi deiliskipulag - Laugarnesskóli
9. Gildandi deiliskipulag - Laugalækjarskóli

ERINDISBRÉF¹

Starfshópur um framtíðarstarf skóla- og frístundastarfs í Laugarnesskóla, Laugalækjarskóla og Langholtsskóla.

Ábyrgðarmenn: Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundaskrifstofu og Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu.

Um nokkurra ára skeið hefur verið ljóst að vegna viðvarandi fjölgunar nemenda er verulega farið að þrengja að í skóla- og frístundahúsnæði Laugarnesskóla, Laugalækjarskóla og Langholtsskóla.

Þegar hefur farið fram töluverð rýni á húsnæði Laugarnesskóla og Langholtsskóla. Það er mat umhverfis- og skipulagssviðs að ýmis vandkvæði séu á því að byggja frekar við Laugarnesskóla. Þessi staða kallar á endurskoðun á þeirri vinnu sem staðið hefur yfir til að fá ferska sýn á stöðuna.

Á fundi skóla- og frístundaráðs 26. janúar 2021 var samþykkt að stofna starfshóp til að meta og útfæra tillögur um framkvæmd grunnskóla- og frístundastarfs í Laugarneshverfi og Langholtshverfi í ljósi aukningar nemendafjölda á einstökum starfsstöðvum á undanförunum árum.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að leggja fram tillögur um skóla- og frístundastarf í Laugarneshverfi og Langholtshverfi til framtíðar með hagsmuni barna og unglunga í hverfunum að leiðarljósi.

Helstu verkefni:

- Að skoða tillögur, greiningargögn og ábendingar sem fram hafa komið í vinnu skóla- og frístundasviðs og umhverfis- og skipulagssviðs.
- Að hafa samráð við umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar um skipulags- og samgöngumál í hverfunum.
- Að huga að og meta mótvægisáðgerðir í tengslum við þær tillögur sem hópurinn leggur fram.
- Að leggja fram útfærðar tillögur sem hafi það að markmiði að tryggja farsælt og gott skóla- og frístundastarf í Laugarneshverfi og Langholtshverfi.

¹ Erindisbréf skulu gerð í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa:
http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_reykjavikurborgar_um_starfs-og_styrihopa.pdf

Starfshópurinn skipa:

Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundamála SFS
Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólamála SFS
Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir, verkefnisstjóri á grunnskólaskrifstofu SFS
Sigrún Sveinbjörnsdóttir, verkefnisstjóri á frístundaskrifstofu SFS
Sigríður Heiða Bragadóttir, skólastjóri Laugarnesskóla
Jón Páll Haraldsson, skólastjóri Laugalækjarkóla
Hreiðar Sigtryggsson, skólastjóri Langholtsskóla
Ósk Soffía Valtýsdóttir, deildarstjóri USK, Frumathuganir mannvirkja
Haraldur Sigurðsson, framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar Kringlumýri

Starfsmenn/verkefnisstjórar starfshópsins:

Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir og Sigrún Sveinbjörnsdóttir

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu ef svo ber undir.

Starfstími:

Hópurinn starfar til 28. febrúar 2021.

Reykjavík, janúar 2021

Helgi Grímsson sviðsstjóri

Laugarnesskóli og Laugarsel

Drög

Drög



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
Skóla- og frístundasvið
Apríl 2021

Drög

Efnisyfirlit

1. Lýsing verkefnis	4
1.1 Inngangur	4
1.2 Framtíðarsýn.....	4
1.3 Vistvæn hönnun	4
1.4 Nærsamfélagið og skólahverfið	5
1.5 Nemendafjöldi	5
1.6 Undirbúningur	5
2. Núverandi aðstæður og þarfagreining	6
2.1 Námsvæði og frístundastarf	8
2.1.1 Almenn námsrými	8
2.1.2 Vísindasvæði – náttúrstofa	9
2.1.2 Smiðja- list og verkgreinastofa.....	9
2.1.3 Fjölnotasmiðja	10
2.1.4 Leiklist	10
2.1.5 Tónmennt	11
2.1.6 Skólahljómsveit.....	11
2.1.7 Heimilisfræði.....	11
2.1.8 Bókasafn - upplýsingaver	11
2.1.9 Námsver.....	11
2.2 Félagsaðstaða	12
2.2.1 Hátíðasalur - salurinn verður óbreyttur	12
2.2.2 Matsalur.....	12
2.2.3 Fjölnotalalur	12
2.3 Frístundaheimili	12
2.3.1 Lýsing á dagskipulagi Laugarsels	13
2.3.2 Frístundaheimili – Laugarsel	13
2.4 Stjórnun	14
2.4.1 Almenn skrifstofa.....	14
2.4.2 Undirbúningsrými starfsmanna	14
2.4.3 Hvíldar – og kaffistofa starfsmanna	14
2.4.4 Fatageymsla	15
2.4.5 Eldhús- og matvælageymsla	15
2.4.6 Vagnageymslur	15
2.4.7 Tæknirými	16
2.4.8 Sorp.....	16
2.5 Íþróttahús	16

2.6 Lóð	16
3. Samantekt.....	16
Sviðsmynd I.....	16
4. Frumkostnaðaráætlun	17
.....	18
Viðaukar og minnisblöð	22

1. Lýsing verkefnis

1.1 Inngangur

Laugarnesskóli er einn af fjölmennustu grunnskólum Reykjavíkurborgar. Haustið 2020 voru um 583 nemendur í skólanum. Skólinn er einsetinn grunnskóli fyrir 1. – 6. bekk. Starfsemin fer fram í skólabyggingunni og í 7 færanlegum kennslustofum á skólalóðinni. Auk þess er færanlegar kennslustofur og „*gamla smíðastofan*“ fyrir frístundastarfið. Mikil uppbygging er fyrirhuguð í skólahverfi Laugarnesskóla á næstu árum sem samkvæmt spá gæti nemendafjöldinn orðið töluvert meiri árið 2023, eða yfir 630 nemendur.

1.2 Framtíðarsýn

Nemendur, starfsfólk og stjórnendur Laugarnesskóla hafa tekið höndum saman í lýðræðislegri hugmyndavinnu þar sem raddir allra hafa fengið að heyrast um það hvernig ný viðbygging við Laugarnesskóla þurfi að vera. Fram hefur komið skilningur á því að ný viðbygging við gamlan skóla er ekki einfalt úrlausnarefni því bæði þarf að uppfylla kröfur nútíma skólastarfs og bera virðingu fyrir því að skólinn stendur á gömlum merg og á sér margar ríkar hefðir.

Laugarnesskóli hefur að mörgu leyti mikla sérstöðu meðal grunnskóla borgarinnar. Má þar nefna sem dæmi skólaselid í Katlagili sem gefur einstök tækifæri í útikennslu, umhverfis- og náttúrumennt; morgunsönginn sem tvinnar saman íslenskunám og eflingu samkenndar meðal nemenda, sem og ríka sviðslistahefð sem styrkir sjálfsmýnd og þjálfar samvinnubrögð og tjáningu. Stefna skólans er að viðhalda grónum hefðum og þróa þær með það að leiðarljósi að nemendur skólans þroskist við að taka þátt í þeim.

Kennsluhættir í Laugarnesskóla einkennast af fjölbreytni og einstaklingsmiðuðu námi. Sérstök áhersla er lögð á að list- og verkgreinar auðgi nám nemenda, unnið er með samþættingu námsgreina og undanfarin ár hefur verið stígandi í nýtingu skólans á upplýsingatækni. Sveigjanleiki í stundaskránni gefur möguleika á að brjóta upp skólastarfið og vinna að heildstæðum verkefnum með hverjum árgangi og einnig verkefnum sem tveir eða fleiri árgangar vinna saman. Verkefni eins og útikennsla, val og árviss þemaverkefni er auðvelt að fella inn í stundaskrána

Þá má einnig nefna að Laugarnesskóli hefur um árabil sett nemendalýðræði á oddinn og er viðurkenndur Réttindaskóli UNICEF. Elstu nemendur skólans gegna þar veigamiklu hlutverki sem fyrirmyndir þeirra yngri í þeirri eflingu félagsfærni sem lýðræðislegt skólastarf hefur í för með sér. Frístundaheimilin Laugasel og Dalheimar ásamt félagsmiðstöðinni Laugó hafa einnig tekið þátt í innleiðingu Barnasáttmálans og fengið viðurkenninguna Réttindafrístund UNICEF.

Hugmyndir nemenda, starfsfólks og stjórnenda um nýja viðbyggingu við Laugarnesskóla miða við þá sýn að viðbyggingin styðji við ofangreind einkenni skólans.

1.3 Vistvæn hönnun

Við undirbúning, hönnun, byggingu og rekstur bygginga Reykjavíkurborgar er áhersla lögð á umhverfissjónarmið. Fyrir liggur samþykkt frá borgarráði um að umhverfisstærð Breeam skuli notað til að votta byggingar Reykjavíkurborgar. Við byggingu viðbygginga skal horft til þess markmiðs að byggingar nái stuðlinum Breeam excellent. Við endurbætur eldra húsnæðis eru ekki kröfur um vottun, en skal það gert á sem vistvænastan máta.

Mikilvægt er að unnið sé á markvissan hátt með vistvæni í hönnunarferlinu s.s. í stjórnun og skipulagi, með gerð lífsferilsgreininga, í efnisvali og að hugað sé að heilsu og vellíðan.

1.4 Nærsamfélagið og skólahverfið

Skólahverfi Laugarnesskóla afmarkast af skólahverfi Háteigsskóla í suðri, Austurbæjarskóla í vestri og Langholtsskóla í austri. Skólinn er í útjaðri Laugardalsins og örstutt er í Laugardalslaugina, Fjölskyldu – og húsdýragarðinn, Skautahöllina og önnur íþróttasvæði.

1.5 Nemendafjöldi

Laugarnesskóli er einn af fjölmennustu grunnskólum Reykjavíkurborgar. Haustið 2020 voru um 583 nemendur í skólanum. Starfsemin fer fram í skólabyggingunni og í 5 færanlegum kennslustofum á skólalóðinni. Auk þess eru færanlegar kennslustofur og „gamla smíðastofan“ fyrir frístundaheimilið. Mikil uppbygging er fyrirhuguð í skólahverfi Laugarnesskóla á næstu árum sem samkvæmt spá gæti nemendafjöldinn orðið töluvert meiri árið 2023, eða yfir 630 nemendur.

Starfsmenn eru 91. Með fjölgun nemenda í 630 er gert ráð fyrir því að fjöldi starfsmanna verði 120.

	Raunfjöldi			Spá		
Skóli	2020	2020	2021	2022	2023	2024
Laugarnesskóli	583	583	573	562	555	548
Uppbygging		20	50	90	100	110
Samtals	583	606	623	652	655	658

1.6 Undirbúningur

Samkvæmt erindisbréfi dags. í Reykjavík 21. október 2019 var skipaður starfshópur sem var ætlað að gera þarfagreiningu og leggja fram tillögu til framtíðar um húsnæðisþörf fyrir skóla- og frístundastarf fyrir nemendur í Laugarneshverfi, sem sækja skóla í Laugarnesskóla

Skipaður var starfshópur með starfsfólki frá Skóla- og frístundasviði, stjórnendum skóla- og frístundastarfs og deild frumathugana mannvirkja á Umhverfis- og skipulagssviði.

Hlutverk hópsins er að greina og leggja fram tillögu til framtíðar um húsnæðisþörf fyrir skóla- og frístundastarf fyrir nemendur í Laugarneshverfi, sem sækja skóla í Laugarnesskóla.

Helstu verkefni:

- Að greina núverandi húsakost.
- Greina húsnæðisþarfir miðað við nútíma skóla- og frístundastarf.
- Vinna þarfagreiningu, forsögn og hagsmunaaðilagreiningu
- Að leggja fram frumtillögur varðandi húsnæði sem hafi það að markmiði að tryggja farsælt og gott skóla- og frístundastarf í Laugarnesi til framtíðar.

Starfshópurinn skipa

Rúnar Gunnarsson, skrifstofa framkvæmda og viðhalds
Soffía Vagnsdóttir, skóla- og frístundasvið
Daníel Benediktsson, skóla- og frístundasvið
Soffía Pálsdóttir, skóla- og frístundasvið
Sigríður Heiða Bragadóttir, skólastjóri Lauganesskóla
Haraldur Sigurðsson, framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar Kringlumýrar

Starfsmaður starfshópsins:
Anna María Benediktsdóttir, skrifstofa framkvæmda og viðhalds.

Vinnuferli

Hópurinn hefur fundað reglulega og farið hefur verið í vettvangsferð í Laugarnesskóla. Hópurinn hefur aflað upplýsinga um tölulega greiningu á áætluðum nemendafjölda í skólanum í framtíðinni, unnið að þarfagreiningu fyrir skólann og skilgreint framtíðarsýn skóla- og frístundaheimilis. Einnig hefur hópurinn unnið að tillögum um mögulega stækkun skólans. Í vinnuferlinu var unnið út frá núverandi húsnæði skólans og þörf fyrir aukið varanlegt húsrými.

2. Núverandi aðstæður og þarfagreining

Núverandi húsnæði skólans er nú 5032 m². Sjö færanlegar kennslustofur fyrir almenna kennslu eru á lóðinni. Auk þess er „gamla smíðastofan“ notuð fyrir frístundaheimilið Laugarsel og auk þess eru tvær færanlegar stofur á lóðinni sem að tilheyra Laugarseli.

Laugarnesskóli er byggður í þremur áföngum. 1. áfanginn austurálman er byggð 1935. 2. áfangi skólans aðalbyggingin var tekin í notkun árið 1944 og eru höfundar hennar arkitektarnir Einar Sveinsson og Ágúst Pálsson. Húsið er friðað að hluta til vegna byggingarlistalegs gildis. Teiknistofan ARK/HD teiknuðu viðbyggingu við skólann árið 2003.

Árið 1942 var einnar hæðar timburhús byggt á lóð skólans sem nú er notað sem frístundaheimili. Eftir að skólinn varð einsetinn voru settar niður færanlegar kennslustofur á lóð skólans. Fjöldi nemenda í Laugarnesskóla hefur verið breytilegur milli ára. Fjölmennastur var skólinn á árunum 1950 og 1954 en þá voru tæplega 1800 nemendur í skólanum, og í barnaskóla og gagnfræðaskóla sem starfaði á árunum 1948-1968.

Fyrsti áfangi skólabyggingarinnar

Fyrsti áfangi skólabyggingarinnar er í dag aðallega nýtt sem stjórnunarálma skólans. Á 1. hæð byggingarinnar er bókasafn skólans en á 2. og 3. hæð skólans eru skrifstofur, almenn afgreiðsla skólans, kaffistofa starfsfólks. Á 3. hæð skólans eru meðal annars skrifstofur námsráðgjafa, sálfræðings, gagnageymsla, undirbúningsrými kennara auk fundarherbergja og stoðryma.

Annar áfangi skólabyggingarinnar

Annar áfangi eða aðalbygging skólans samanstendur af kjallara, þremur hæðum og risi. Meðfram þremur hliðum hússins eru kennslustofur en á milli þeirra er stór skáli (miðrymi) sem nær upp í gegnum hæðirnar þrjár. Á milli stiganna upp á aðra hæð er stór pallur og kringum hann grindverk sem Ásmundur Sveinsson myndhöggvari smíðaði. Veggir skálans eru prýddir málverkum eftir Jóhann Briem. Á jarðhæð og á palli er náttúrugripasafn skólans sem er hið stærsta sinnar tegundar hérlendis.

Myndastyttur eftir Ásmund Sveinsson eru báðum megin við stigagangana upp á rishæð. Hátíðarsalurinn skipar mikilvægan sess í skólastarfinu en þar safnast nemendur meðal annars saman á morgnana í morgunsöng. Einnig er salurinn nýttur yfir daginn meðal annars í frímínútum nemenda. Meðfram salaveggjum er náttúrugripa- og listaverkasafn skólans. Salurinn verður óbreyttur.

Á 1. hæð annars áfanga er anddyri og aðalinngangur skólans. Á 1. hæð eru 4 almennar kennslustofur og ein minni kennslustofa sem er notuð sem námsver. Heimilisfræðistofa er einnig á 1. hæð, ræstirými og búningsaðstaða fyrir íþróttasal sem er áfastur hæðinni með tengigangi. Undir palli eru geymslur. Á annarri hæð eru átta almennar kennslustofur og námsver. Á þriðju hæð eru 7 almennar kennslustofur, námsver og eitt salerni. Í risi er náttúrufræðistofa og rými fyrir kennslu í leiklist og söng, geymslur og ein snyrting.

Þriðji áfangi skólabyggingarinnar

Þriðja áfangi skólabyggingarinnar var tekin í notkun árið 2006 í viðbyggingu sem var um það bil 1500 m². Í kjallara eða á 1. hæð eru meðal annars þrjár smiðjur/verkgreinastofur. Stofurnar eru notaðar fyrir smíði, textíl og myndlist. Á 1. hæð er anddyri skólans, matsalur, eldhús, tónmenntastofa, geymslur og snyrtingar. Á 2. hæð skólans eru námsrými sem áður voru ætluð í teymiskennslu en eru nú almennar kennslustofur. Miðrými er notað að hluta til fyrir frístundaheimilið Laugarsel, einnig er þar skrifstofa fyrir frístundaheimilið.

Smíða og færanlegar kennslustofur

Smíðahúsið svokallað er einlyft timburhús, byggt árið 1942. Það er um 335 m² að stærð að meðtöldum kjallara sem er gluggalaus og með ófullnægjandi lofthæð. Húsið er í dag notað fyrir Laugarsel frístundaheimilið. Ekki er gert ráð fyrir áframhaldandi nýtingu smíðastofunnar og færanlegu kennslustofanna.

Hefðir í skólastarfinu

Frá því að Laugarnesskóli hóf störf hafa ýmsar hefðir orðið til sem eru orðnar fastir liðir í skólastarfinu og margt er það sem skapar honum einstaka sérstöðu meðal grunnskóla Reykjavíkur. Má þar nefna listaverka- og náttúrugripasafn skólans, söng og leiklistarhefðir að ógleymdu skólaselinu í Katlagili í Mosfellsdal sem á sér yfir 50 ára sögu skógræktar, uppbyggingar og útikennslu. Stefna skólans er að viðhalda hefðum og þróa þær með það að leiðarljósi að nemendur skólans þroskist við að taka þátt í þeim.

Helstu úrbætur

Miðað við núverandi nemendafjölda er húsnæði skólans of lítið. Síðustu ár hefur verið mikil fjölgun nemenda í skólanum og hefur verið brugðist við því með því að bæta við færanlegum kennslustofum á lóð skólans.

Fjölga þarf almennum námssvæðum skólans sem samsvarar um 10 kennslustofum, fjölga námsverum, gera nýja vísindasmiðju og fjölnotasmiðju sem nýtist fyrir sérgreinakennslu og frístundaheimilinu. Gera aðstöðu fyrir skólahljómsveit Austurbæjar og nýja tónmenntastofu vegna mögulegrar stækkunar á núverandi matsal og eldhúsi. Gera nýjan fjölnotasal sem nýtist bæði skólanum og frístundaheimilinu. Frístundaheimilið Laugarsel sem í dag er staðsett í færanlegum stofum og „gömlu smíðastofunni“ verður hluti af nýrri viðbyggingu.

Mögulega þarf að finna „gömlu smíðastofun/húsinu“ nýja staðsetningu á lóðinni. Einnig er gert ráð fyrir nýju bókasafni og upplýsingaveri. Bæta þarf aðstöðu starfsmanna, meðal annars stækka kaffistofu og undirbúningsrými starfsfólks, fundaraðstöðu og almenna aðstöðu.

Frístundaheimili 1. og 2. bekkjar, Laugarsel er í færanlegum stofum á lóðinni. Rými innan skólabyggingar eru samnýtt með skólanum. Dalheimar er safnfrístundaheimili í Laugardalnum fyrir 3. og 4. bekk barna í Laugarnesskóla og Langholtsskóla.

Nýbygging og endurskipulagning

Við þarfagreiningu á núverandi húsnæði og mögulegri viðbyggingu er gert ráð fyrir eftirfarandi skiptingu á húsnæðinu. Vegna stærðar á ætlaðri byggingaþörf Laugarnesskóla og friðunarsjónarmiða er ekki talið æskilegt að byggja við núverandi íþróttahús.

- Fyrsti áfangi byggingarinnar verður stjórnunar- og þjónustumiðja.
- Annar áfangi byggingarinnar verður miðja fyrir almennt nám nemenda auk kennslu í heimilisfræði.
- Þriðji áfangi verður miðja fyrir matsal, eldhús, lista- og verkgreinar og almenn kennslurými.
- Fjórti áfangi verður miðja fyrir fjölnotasal, almenn kennslurými, rými skólahljómsveitar, fjölnotasmíðjur, bókasafn/upplýsingaver og frístundaheimili.
- Íþróttahús og búningsklefar óbreytt.

Ljóst er að húsnæði fyrir skóla- og frístundastarf við Laugarnesskóla er orðið of lítið. Skólinn rúmar ekki þann nemendafjölda sem nú tilheyrir skólahverfinu. Gert er ráð fyrir að húsnæði Laugarnesskóla þurfi að rúma um 630 börn og 120 starfsmenn. Skólinn verður allt að 7.250 m², þar af 2200 m² ný viðbygging. Að auki þarf að breyta 450 m² af núverandi skólahúsnæði. Hér að neðan er nánari þarfagreining á rýmisþörf fyrir skóla- og frístundastarfið.

Í forsögninni er ekki farið yfir viðhaldsþörf byggingarinnar. Mælt er með endurbótum og breytingum ýmissa rýma í núverandi byggingu. Ástandsúttekt byggingarinnar var gerð á síðasta ári þar sem viðhaldsþörf var metin.

2.1 Námsvæði og frístundastarf

2.1.1 Almenn námsrými

Í dag eru 19 almennar kennslustofur í Laugarnesskóla, flestar á bilinu 44,0 m² – 48,0 m². Í viðbyggingu skólans frá árinu 2008 voru tvö námsrými ætluð fyrir teymiskennslu en þeim rýmum hefur nú verið skipt niður svo að þar eru nú minni stofur. Kennslurými í eldri byggingum Laugarnesskóla eru hefðbundnar kennslustofur, þar sem að lokað er á milli kennslustofa og fram á gang. Í dag er einnig kennsla í minni kennslustofum í eldri byggingunni en lagt er til að þær stofur verði í framtíðinni notaðar sem námsver. 7 færanlegar kennslustofur eru í dag úti á skólalóðinni sem eru nýttar til almennrar kennslu.

Fjöldi almennra kennslustofa í núverandi húsnæði.

- 1. hæð - 4 kennslustofur 43,0 m² – 45,0 m²
- 2. hæð - 8 kennslustofur 44,0 m² – 48,0 m²
- 3. hæð - 7 kennslustofur 44,0 m² – 48,0 m²

Í viðbyggingu frá árinu 2008 eru eftirfarandi námsrými eða kennslustofur.

- 2. hæð - 1 kennslustofa 46 m²
- 2. hæð - 2 kennslustofur 96 m²

Mögulegar úrbætur

- Fjölga þarf almennum kennslurýmum í nýrri viðbyggingu um allt að 10 kennslurými.
- Nota minni kennslustofur fyrir námsver.
- Útfærsla á kennslurýmum byggist á kennsluháttum skólans.
- Lagt er til að hverju námssvæði sé hægt að skipta og vinna þar í minni hópum.
- Æskilegt er að á milli hópa svæða verði tenging sem hægt er að opna og loka eftir þörfum.
- Húsgögn mega gjarnan vera létt og færanleg og bjóða upp á möguleika á því að vinna í hópum.
- Mikilvægt er að þeir nemendur sem fá aðstoð geti notið hennar í nálægð við önnur námssvæði.
- Í námunda við námssvæðin þarf að koma fyrir fatahengi og hirslur fyrir skófatnað nemenda.
- Huga þarf vel að hljóðvist og lýsingu á námssvæðum.
- Í 2. áfanga skólans er lagt til að hægt verði að opna á milli kennslustofa og bjóða þannig upp á samnýtingu kennslusvæða.

Óskir frá nemendapingi

- Námsrymi verði alvöru framtíðarstofur.
- Skólastofur, eitt herbergi sem þar sem tveir bekkir geta verið saman.
- Stofur af mismunandi stærð.
- Stærri og litríkar stofur.

2.1.2 Vísindasvæði – náttúrustofa

Núverandi raungreinastofa er á 4. hæð skólans. Æskilegt er að tengja það námssvæði nær öðrum námssvæðum og verði staðsett í framtíðinni nær öðrum námssvæðum. Æskilegt er að skipta rýminu niður í minni rými og hafa góða tengingu er við útisvæðin þannig að nemendur geti farið út og safnað í efnissmiðju til nánari skoðunar. Mögulega getur hluti náttúrustofunnar verið að hluta til utandyra. Í vísindastofunni þurfa að vera víðsjár, smásjár og önnur viðeigandi tæki sem að tilheyra raungreinakennslu.

Mögulegar úrbætur

- Lagt er til að núverandi raungreinastofu verði breytt og stofan verði hluti af rými þar sem fer fram kennsla í skapandi greinum eins og leiklist og dans.
- Laga þarf loftgæði í stofunni.

2.1.2 Smíðja- list og verkgreinastofa

Kennsluhættir í Laugarnesskóla einkennast af fjölbreytni og einstaklingsmiðuðu námi. Sérstök áhersla er lögð á að list- og verkgreinar auðgi nám nemenda, unnið er með samþættingu námsgreina og undanfarin ár hefur verið stígandi í nýtingu skólans á upplýsingatækni.

Samkvæmt aðalnámsskrá er kennsla í list og verkgreinum allt að 6 námsstundir á viku. Kennsla er í smíði/hönnun, myndlist, textíl, heimilisfræði og tónlist og leiklist. Miðað er við 35 kennslustundir á viku. Núverandi list- og verkgreinastofur eru á jarðhæð viðbyggingar frá árinu 2008. Kennsla í leiklist er á 4. hæð Laugarnesskóla. Tónlistarnám skólans er á 1. hæð. Nýleg heimilisfræðistofa er á 1. aðalbyggingu skólans. Aðstoðu vantar fyrir skólahljómsveit Austurbæjar.

Skólinn nær ekki að uppfylla skyldur sínar við nemendur um list- og verkgreinar samkvæmt viðmiðunarstundaskrá. Nemendur fá því nokkuð færri kennslustundir í hverri list- og verkgrein.

Lagt er til að sullherbergi sem notað hefur verið sem hluti að kennslu í list- verkgreinum verði lagt niður sem námsrými og það verði mögulega nýtt sem búningsrými starfsmanna.

Mögulegar úrbætur

- Lagt er til að ný fjölnotasmiðja verði framtíðarstofa þar sem mögulegt er að hafa hliðarstofur rými til að kenna textíl, hönnun, myndlist. Nánari lýsing á fjölnotasmiðju og snillismiðju er að neðanverðu.
- Mögulegt hljóðver/myndver.
- Hluti af heimilisfræðistofu gæti einnig verið hluti af nýrri framtíðarstofu. Sú stofa gæti verið fyrir yngstu börnin þar sem að kennd eru undirstöðuatriðin í heimilisfræði.

Fjölnotasmiðjan getur einnig verið aðstaða sem nýtist fyrir frístundaheimilið

2.1.3 Fjölnotasmiðja

Fjölnotasmiðja / Verkstæði / Makerspace

Í nýbyggingu skal gert ráð fyrir fjölnota smiðju. Þetta rými samnýtist af skólanum og frístundaheimilinu. Verkstæðið er ætlað fyrir föndur, málningarvinnu, hjólaviðgerðir eða gera búninga svo eitthvað sé nefnt. Það þarf að vera hægt að koma inn í þetta rými beint af skólalóðinni til dæmis með reiðhjól eða anna búnað sem þarfnast viðgerðar. Þetta er grófrými.

Snillismiðja - Fab-lab

Tengt nýjum heimasvæðum og/eða fjölnotasmiðju og frístundaheimili skal vera Fab-Lab / Snillismiðja, sem er tæknismiðja þar sem mögulegt er að koma hugmyndum í framkvæmd, með því að hanna og framleiða hluti með aðstoð stafrænnar tækni. Þar þarf að vera mögulegt að koma fyrir þrívíddarprentara, vínyskera, laserskera, efnivið, svo og tölum til að hanna og forrita. Þetta er ekki eins gróft rými og verkstæði.

Hljóð- og myndver

Mælt er með að koma upptökuherbergi og hvers kyns mynd- og hljóðvinnsluherbergi (green screen herbergi) nær snillismiðju og félagsmiðstöð. Gott væri að koma upp sameiginlegu vinnurými fyrir fjölnotasmiðju, snillismiðju, hljóð- og myndver, sértæku rýmin væru þá minni, út frá einskona miðju.

Áhugi er á að gera gróðurhús eða koma upp aðstöðu til að rækta grænmeti og kryddjurtir sem nýtast myndu í heimilisfræðikennslu, fyrir félagsmiðstöð og náttúrufræði.

2.1.4 Leiklist

Í Laugarnesskóla er mikil áhersla á kennslu skapandi listgreina þar á meðal leiklist og dans. Í frímínútum skólans er til að mynda ávalt boðið upp á dans í hátíðarsal skólans. Í dag fer kennslan í leiklist og dansi aðallega fram í kennslurými á 4. hæð skólans.

Mögulegar úrbætur

- Óskað er eftir því að kennslan verði áfram á 4. hæðinni en rýmið stækkað og núverandi raungreinastofa verði hluti af námsrýminu.
- Óskað er eftir því að í nýjum fjölnotasal/matsal verði svið svo að hægt sé að hafa sýningar í salnum.

2.1.5 Tónmennt

Í dag er kennsla í tónmennt á 1. hæð skólans í rými sem er næst matsal skólans. Skoðað hefur verið að námsrýmið þar sem að tónmennt er kennd verði hluti af matsal skólans.

Mögulegar úrbætur

- Engin aðstaða er í dag fyrir skólahljómsveit skólans, óskað er eftir því að í endurbyggingu - viðbyggingu skólans verði aðstaða fyrir skólahljómsveit Austurbæjar.

2.1.6 Skólahljómsveit

Núverandi tónlistarstofa Laugarnesskóla verður mögulega notuð til að stækka núverandi matsal og þarf því annað rými fyrir tónlistarstarfið. Tónmenntastofan á að vera rúmgóð og björt. Gera þarf ráð fyrir vinnuaðstöðu fyrir kennara til undirbúnings og samskipta við nemendur og kennara. Einnig þarf að gera ráð fyrir geymslu fyrir hljóðfæri, tæki og gögn sem fylgja tónlistarnámi. Einnig þarf að athuga hvort að hér verði minni rými til einkakennslu í tónlist. (8 m² -15 m²)

Æskilegt er að ný tónmenntastofa tengist nýjum fjölnotasal. Tónmenntastofa þarf að geta haft hreyfisvæði, hefðbundið námssvæði og æfingasvæði. *(ekki er tekin afstaða til stærð rýma fyrir skólahljómsveit í forsögninni)*

2.1.7 Heimilisfræði

Núverandi heimilisfræðistofa er staðsett í 2. áfanga skólans og var hún gerð árið 2008. Með auknum fjölda nemenda í skólanum er lagt til að bæta við aðstöðuna.

Mögulegar úrbætur

- Ný aðstaða fyrir heimilisfræði verður mögulega í nýrri framtíðarstofu þar sem komið verður fyrir einfaldri aðstöðu til undirbúnings fyrir matseld sem hentar yngstu nemendum skólans.

2.1.8 Bókasafn - upplýsingaver

Núverandi bókasafn er staðsett á 1. hæð skólans í 1. áfanga byggingarinnar. Auk útlána bóka og námsgagna er bókasafnið vinnusvæði og gagnasmiðja fyrir nemendur og kennara. Á skólasafni er vinnuaðstaða þar sem nemendur og starfsmenn geta unnið í ró að ýmsum verkefnum. Almenn ánægja nemenda og starfsmanna er með bókasafnið og þá sérstaklega það ævintýralega andrúmsloft sem að þar ræður ríkjum en óskað en óskað hefur verið eftir því að bókasafnið verði stækkað svo það nái að sinna þeim væntingum sem gerðar eru í dag til starfsemi þeirra.

Mögulegar úrbætur

- Lagt er til að í nýrri viðbyggingu verði upplýsingaver fyrir nemendur þar sem að þeir að geta unnið að víðtækri upplýsingaöflun það þarf að vera í ágætum tengslum við ný námssvæði, frístundaheimili. Hér þarf að vera vinnuaðstaða fyrir nemendur og aðstöðu fyrir starfsfólk.
- Núverandi bókasafn verður mögulega sérkennslurými en er það ósk stjórnenda skólans einnig hefur verið skoðað hvort að kaffistofa starfsmanna verði þar staðsett.

2.1.9 Námsver

Í dag eru fjögur námsver í skólanum. Námsver u.þ.b. 35 m² að stærð eru á 1-3 hæð í 2. áfanga byggingarinnar. 2 námsver í byggingu 3. áfanga skólans sem eru 18 m² og 25 m². Þau rými voru upphaflega ætluð sem vinnurými kennara en hafa nú aðra nýtingu.

2. 2 Félagsaðstaða

2.2.1 Hátíðasalur - salurinn verður óbreyttur

Á 1. hæð skólans er hátíðarsalur sem skipað hefur mikilvægan sess í skólastarfinu en þar safnast nemendur meðal annars saman á morgnana í morgunsöng. Einnig er salurinn nýttur yfir daginn meðal annars í frímínútum nemenda. Meðfram salaveggjum er náttúrugripa- og listaverkasafn skólans. Salurinn verður óbreyttur.

2.2.2 Matsalur

Í viðbyggingu frá árinu 2006 er salur á 1. hæð sem er meðal annars notaður sem matsalur. Vegna stærðar salarins þarf að fjórskipta nemendum í matmálstímum og yngstu nemendurnir hefja borðhald kl. 11.10. Engin aðstaða er til uppfærslu á leikritum og söngleikjum. Frístundaheimilið framreiðir í dag síðdegishressingu í matsalnum.

2.2.3 Fjölnotasalur

Lagt er til að til viðbótar við matsalinn í 3. áfanga skólans verði gerður fjölnotasalur allt að 200 m². Þann sal verður hægt að samnýta með núverandi matsal, fyrir sýningar og frístundaheimilið. Í salnum á að vera svið til uppfærslu leikrita og sýninga almennt. Til viðbótar við fjölnotasal á einnig að gera ráð fyrir baksviði og geymslu tengd leiksviði.

2. 3 Frístundaheimili

Frístundaheimilið Laugarsel er í Laugarnesskóla. Allir nemendur Laugarnesskóla eiga möguleika á því að taka þátt í frístundastarfi. Yngstu nemendur skólans, þ.e. börn í 1. og 2. bekk eru í Laugarseli sem er starfrækt við Laugarnesskóla en eldri nemendur skólans, börn í 3. og 4. bekk fara í Dalheima sem er safnfrístundaheimili fyrir 3. 4. bekk Laugarnesskóla. Í dag eru tæplega 200 börn sem nýta sér þjónustuna, en búist er við mikilli fjölgun í Laugarnesskóla á næstu árum og gera má ráð að fjöldi barna í 1. og 2. bekk verði um 220 börn á ári sem nýti sér þjónustuna.

Í dag hefur það meðal annars aðstöðu í færanlegum stofum á lóð og í „gömlu smíðastofunni“ á lóð skólans. Lagt er til að frístundaheimilið verði hluti af nýrri viðbyggingu skólans. Börn í frístundaheimilinu nýta í dag einnig að hluta til aðra aðstöðu í skólanum. Á 2. hæð skólans í 3. áfanga skólans var gert ráð fyrir aðstöðu frístundaheimilisins. Þar hafa starfsmenn frístundaheimilis 17 m² skrifstofu. Samnýting í dag er á matsal, íþróttasal, bókasafni og rými fyrir framan skrifstofu frístundaheimilis og kennslustofum á 2. hæð fyrir ofan matsal.

Mikilvægt er að frístundaaðstaðan hafi góða tengingu við fatahengi (samnýtt) og útisvæði skólans. Æskilegt að Laugarsel bjóði upp á ólík rými þar sem nemendur geta sest niður og sinnt ólíkum hugðarefnum.

Samkvæmt gátlistum, viðmiðum, um húsnæði frístundaheimila er miðað við að frístundaheimili hafi 1 m² á hvert barn í hjartarými og 4 m² í heildarrými á hvert barn. Gert er ráð fyrir að á árum verði um 220 börn í Laugarseli og því þyrfti hjartarými Laugarsels að vera að lágmarki 220 m² og samnýtanlegt rými 750 m².

Í svona fjölmönnum barnahóp eru misjafnar þarfir einstaklinga sem geta verið t.d. blindir, hreyfihamlaðir, einstaklingar sem þurfa mikla aðstoð vegna ýmissa erfiðleika í samskiptum og einstaklingar sem eru næmir fyrir áreiti og þurfa afdrep til þess að komast í ró og næði o.fl.

Einnig eru áhugasviðin fjölbreytt og því þarfirnar fyrir rými og aðstöðu ólík. Rýmin og aðstaðan þurfa að vera fjölbreytt til þess að koma sem best til móts við þarfir hvers og eins. Markmiðið er að allir einstaklingar eigi kost á að taka þátt í starfinu og að unnið sé út frá styrkleikum þeirra.

2.3.1 Lýsing á dagskipulagi Laugarsels

Kl. 13.40 – 14:30

Börnin mæta og skrá sig og fara síðan í síðdegishressingu sem er í matsalnum frá klukkan 13:40-14:15. Eftir síðdegishressingu er útivera til kl. 14:30. Á þessum tíma eru einnig börn sem fara í tómsundur og sumir koma aftur. Starfsfólk skiptist niður á stöðvar eins og listastöð, matsalur, tómsundur, fatahengi, útivera og undirbúningur.

Kl. 13:40-16:00

Fjölbreytt val og klúbbastarf. Það er alltaf í boði listasmiðja, byggingarherbergi, spil, lestur, hlutverkaleikur og útivera (þetta er í boði í hjartarámi Laugarsels). Einnig er aðstaða fyrir síðdegishressingu.

14:30-16:00

Á þessum tíma eru einnig fjölbreyttir klúbbar í samnýtanlegum rýmum í íþróttasal, bókasafni, matsal og opnu rými fyrir framan bekkjarstofur. Ef verður leyfir er einnig alltaf opið að fara í útiveru.

Kl. 16:00– 17.00

Á þessum tíma lýkur klúbbastarfinu og við erum mest á hjartasvæði Laugarsels og í útiveru.

2.3.2 Frístundaheimili – Laugarsel

Hjartarámi þarf að vera skipt upp í nokkur smærri rými og gera þarf ráð fyrir því að hægt sé að hafa valtöflur á nokkrum stöðum svo að það komi ekki allir nemendur á sama staðinn að velja á sama tímanum. Það þurfa að vera sófar, stólar og borð.

Í hjartaráminu þarf að gera ráð fyrir:

- Lesrými ásamt val- og upplýsingatöflum.
- Í afþreyingarámi þarf að vera aðstaða fyrir til dæmis, hlutverkaleiki, kubbarými, aðstaða til listsköpunar.
- Eldhúsinnrétting – gera þarf ráð fyrir því að hægt sé að framreiða síðdegishressingu fyrir börnin sem nýta sér frístundaheimilið.
- Það þarf að vera afmarkað rými til að setjast niður í minni hópum, þar sem börn geta komist í ró og næði og hægt er að spila, og spjalla.
- Sjónvarpsrými fyrir PS4, sjónvarp og aðrar leikjatölvur.
- Í skólafríum koma börnin með nesti og þurfa því aðgang að eldhúsi og stórum kæliskáp.
- Aðstaða fyrir undirbúning síðdegishressingar og geymslu matvæla.
- Einnig koma starfsmenn með nesti alla daga þar sem þeir hafa ekki aðgang að mótuneyti og þarf því að taka tillit til þess.
- Inn af hjartarámi koma svo misstór leikrými, þar sem hægt er að bjóða upp á mismunandi viðfangsefni og skipta hópnum í minni einingar.
- Má þar nefna tölvuherbergi, listasmiðju, sal með sviði (síðdegishressing).
- Í frístundaheimilinu þarf að vera þvottaherbergi, með þvottavél og þurrkara. (samnýtanlegt með skólanum.)

- Góð geymsla þarf að vera með hillum, þar sem hægt er að geyma úti- og innileikföng.
- Starfsmannarými samanstendur af skrifstofu stjórnenda (fimm starfsmenn), kaffistofu með eldhúskrók, fatahengi og munaskápum. (samnýtanlegt með skólanum að hluta.)
- Starfsmannasalerni þarf að hafa sturtuklefa. (samnýtanlegt með skólanum.)
- Gera þarf ráð fyrir salernum sem annar 260 börnum og börnum með fötlun. (samnýtanlegt með skólanum.)

2.4 Stjórnun

Núverandi starfsmannaaðstaða Laugarnesskóla er í dag staðsett á 2. og 3. hæð í 1. áfanga skólans. Á 2. hæð er afgreiðsla, móttaka, skrifstofur skólastjóra, aðstoðarskólustjóra og deildarstjóra. Einnig er þar eitt viðtalsherbergi og setkrókur starfsmanna. Kaffistofa starfsmanna er einnig á 2. hæðinni. Á 3. hæð eru herbergi, námsráðgjafa, sálfræðings, hjúkrunarfræðings, gagnasmiðja og vinnurými starfsfólks. Stoðrymi eins og fatageymslur og snyrtingar. Gert er ráð fyrir því að skrifstofur skólustjóra, aðstoðarskólustjóra, deildarstjóra, námsráðgjafa, sálfræðings og hjúkrunarfræðings, fundarherbergi, viðtalsherbergi, gagnageymsla sé óbreytt.

Mögulegar úrbætur

- Bæta aðstöðu þeirra sem að vinna í almennri afgreiðslu skólans.
- Kaffistofa starfsmanna rúmar einungis hluta starfsmanna.
- Vinnuaðstaða kennara/starfsmanna á 3. hæð er ekki nýtt sem skyldi og er óskað eftir tillögu að endurbótum.
- Einnig er óskað eftir að fjölga viðtalsherbergjum/undirbúningsrymum og hafa þau staðsett í kennslurýmum.
- Engin skipti- eða búningaáðstaða er fyrir starfsfólk í dag. Lagt til að breyta aðstöðu í kjallara í núverandi sullherbergi og gera þar skipti – og eða búningaaðstöðu fyrir starfsfólk.
- Fatahengi og munahólf vantar.

2.4.1 Almenn skrifstofa

Almenn móttaka skólans og setkrókur.

Mögulegar úrbætur

- Óskað er eftir því að stækka almenna skrifstofu skólans.

2.4.2 Undirbúningsrymi starfsmanna

Undirbúningsherbergi á að henta fyrir undirbúning, úrvinnslu, tölvuvinnu, skýrslugerð og fleira. Læstir skjalaskápar þurfa vera í herberginu ásamt prenturum og skápum fyrir ýmis gögn. Undirbúningsaðstaðan þarf að vera í tengslum við fundar- og/eða viðtalsherbergi og gjarnan hressing/hvöld.

Mögulegar úrbætur

- *Stækka þarf undirbúningsrymi starfsmanna. Mögulega verður sú stækkun í nýrri viðbyggingu.*

2.4.3 Hvíldar – og kaffistofa starfsmanna

Setustofa starfsfólks er tengd stjórnunarrými skólans á 2. hæð skólans.

Mögulegar úrbætur

- Stækka kaffistofu starfsmanna.
- Tillaga A - Færa kaffistofuna þar sem núverandi bókasafn skólans er staðsett. Núverandi kaffistofu mætti þá nýta fyrir fundaraðstöðu / undirbúningsrými kennara.
- Tillaga B - Tengja kaffistofu og núverandi undirbúningsrými kennara á 3. hæð.
- Tillaga C - Óbreytt stærð á kaffistofu.

Eftirfarandi má gjarnan einkenna kaffistofuna.

- Á kaffistofunni má gjarnan vera kaffihúsa stemning.
- Hún þarf að vera björt og rúmgóð.
- Gott væri ef hægt sé að hólfa stofuna niður ef svo ber undir, helmingur starfsmanna á fundi og helmingur í kaffi.
- Á kaffistofunni má gjarnan koma fyrir aðstöðu fyrir starfsfólk til að ræða saman í ró og næði gefa einnig tækifæri til að halda þar minni fundi og bjóða upp á aðstöðu til að vinna að verkefnum.
- Á kaffistofunni þarf að vera aðstaða til þess að framreiða mat.
- Starfsmenn þurfa að geta geymt matvæli í ísskáp.

2.4.4 Fatageymsla

Núverandi fatageymsla starfsfólks er á 2. hæð. Æskilegt er að stækka fatageymsluna og fjölga munahólfum fyrir starfsmenn. Tvær snyrtingar starfsfólks eru á 2. hæð í stjórnunarálmnu.

Mögulegar úrbætur

- Ný búningsherbergi / sturtuástaða starfsfólks verði í kjallara skólans þar sem núverandi „sullherbergi“ er staðsett. Það verður aðstaða fyrir starfsfólk með bekkjum, fataskápum, fatahengi, skóhillum.

2.4.5 Eldhús- og matvælageymsla

Brýnt er að stækka eldhús og matsal skólans til þess að skólinn fullnægi kröfum heilbrigðiseftirlitsins. Í eldhúsi eru framreiddar máltíðir fyrir börn og starfsmenn, morgunverður, hádegisverður, síðdegishressing (er á vegum frístundaheimilisins) (um 630 manns). Húsnæðið skal miða við framleiðslueldhús þar sem ekki fer fram hrávinnsla. Hafa þarf í huga góða nýtingu á rýminu og heppilega vinnuástöðu starfsfólks. Í eldhúsinu og tilheyrandi rýmum er gert ráð fyrir innréttingum miðað við framleiðslueldhús. Æskilegt er að þær séu sem mest opnar, þægilegar í notkun fyrir starfsfólk og að auðvelt sé að þrifa þær. Innréttingar þurfa að vera sterkar og þola mikla notkun. Ryðfrítt stál er þar góður kostur. Æskilegt er að sem flestar innréttingar séu á hjólum þar sem að því verður komið við. Góð vörumóttaka þarf að vera. Einnig þarf að gera ráð fyrir lager, kælivöru og þurrvöru. Aðstaða starfsfólks eldhús, kaffistofa, snyrtinga, skiptiaðstaða og munahólf starfsmanna. Sérherbergi eða skáp fyrir ræstingu fyrir eldhús. Þvottaherbergi með língeymslu fyrir þvott.

2.4.6 Vagnageymslur

Vagnageymsla fyrir hjól og fleira sem notað er í útiveru barna.

2.4.7 Tæknirými

Tæknirými fyrir tölvur, síma, loftræsingu, fráveitu, vatnsveitu, hitaveitu, rafmagn, sprinkler, brunavarnakerfi.

2.4.8 Sorp

Sorpgeymsla með aðstöðu til flokkunnar. Staðsetja sem næst inngangi eldhúsi og vörumóttöku.

2.5 Íþróttahús

Núverandi íþróttahús Laugarnesskóla er staðsett á vesturhluta lóðarinnar. Vegna stærðar íþróttahússins er ekki hægt að sinna skilgreindum tímafjölda í kennslu. Elstu nemendurnir sækja í dag kennslu í íþróttahúsi fatlaðra í Hátúni einu sinni til tvisvar í viku. Gera má ráð fyrir því að samanlagður ferðatími nemenda í og úr íþróttum er samtals um 1. kennslustund. Óvíst er hvort að skólinn muni í framtíðinni hafa aðgengi að íþróttahúsinu í Hátúni. Í dag eru samtals 54 kennslustundir í íþróttum. Stjórnendur og starfsmenn óska eindregið eftir því að áframhaldandi kennsla yngstu nemendanna verði í núverandi íþróttahúsi.

Mögulegar úrbætur

- *Á nemendapingi var óskað eftir því að fleiri rými til hreyfingar verði innanhús til að mynda klifurveggi, hengirólur og auka hreyfiaðstöðu fyrir nemendur.*

2.6 Lóð

Hjólastandar eru af skorum skammti á lóð skólans, engin yfirbyggð skýli til staðar og engin aðstaða ætluð fyrir hlaupahjól.

3. Samantekt

Gerð var sviðsmynd sem að sýnir hugsanlega stækkun og nýtingu núverandi mannvirkja.

Sviðsmynd I


- Fyrsti áfangi byggingarinnar verður stjórnunar- og þjónustumiðja.
- Annar áfangi byggingarinnar verður miðja fyrir almennt nám nemenda auk kennslu í heimilisfræði.
- Þriðji áfangi verður miðja fyrir matsal eldhús, lista- og verkgreinar og almenn kennslurými.
- Fjórti áfangi verður miðja fyrir fjölnotasal, almenn kennslurými, rými skólahljómsveitar, tónmenntastofa, fjölnotasmiðja, upplýsingaver/bókasafn, vinnuaðstaða, frístundaheimili og almenn stoðrými.
- Íþróttahús og búningsklefar óbreytt.

Laugarnesskóli var friðaður ef mennta- og menningarmálaráðherra þann 3. maí 2011 og er því friðlýst bygging skv. 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Skoðun á viðbyggingar möguleikum Laugarnesskóla, miðað við ofangreindar þarfir og rýmisáætlun sýna að helsti kostur þess að byggja við skólann er á norðaustur hluta lóðarinnar. Um verulega stækkun á núverandi byggingarmagni er að ræða og vandasamt er að byggja við skólann vegna friðunarákvæða og byggingartæknilegra sjónarmiða. Sá kostur að byggja á norðausturhluta lóðarinnar er háður lóðarmörkum og núverandi skólabyggingu. Ný bygging verður ekki hærrí en núverandi skóli.

Ljósgarður mun tengja saman núverandi og nýja viðbyggingu. Núverandi frístundaheimili sem staðsett eru í færanlegum skálum á lóð verði hluti af nýbyggingu. Skoðað hvort að núverandi smíðastofa geti verið áfram á lóðinni en hún fengi þá aðra nýtingu.

4. Frumkostnaðaráætlun


Miðað við ofangreinda rýmisáætlun er viðbyggingarþörf Laugarnesskóla um 2.200 m² endurbætur innanhús eru allt að 450 m². Frumkostnaðaráætlun er allt að 2.100.000.




Grunnmynd kjallara




Grunnmynd 1. hæð



Grunnmynd 2. hæð



Grunnmynd 3. hæð



Grunnmynd 4. hæð



Afstöðumynd

Viðaukar og minnisblöð

Með þessari forsögn fylgja húsrýmisáætlun og viðaukar

- Viðauki 1 – skólastefna Laugarnesskóla
- Viðauki 2 – viðbygging Laugarnesskóla - samantekt
- Viðauki 3 – fagsvæði tónmenntakennslu
- Viðauki 4 – skólahljómsveit Austurbæjar
- Húsrýmisáætlun (drög)

Skólafélag Laugarnesskóla

Hlutverk Laugarnesskóla

Hlutverk Laugarnesskóla er að mennta nemendur með því að skapa þeim fjölbreytt námsumhverfi sem einkennist af samvinnu, lífsgleði og kærleik.

Sérstaða Laugarnesskóla

- Hlýlegt og aðlaðandi umhverfi og gott samstarf við foreldra og grenndarsamfélag
- Fjölbreyttir kennsluhættir og skapandi skólastarf
- Alúð lögð við menningararf skólans
- Umhverfisvitund
- Námsmat sem endurspeglar fjölbreytileika nemenda og styrkir þá í sjálfstæðum vinnubrögðum
- Jákvæð agastjórnun
- Vel menntað starfsfólk

Gildi Laugarnesskóla

- Lífsgleði. Að hafa gaman af lífinu í leik og starfi. Vera jákvæður því þá gengur allt betur
- Nám. Nám í víðasta skilningi er bóklegt, verklegt, nám í mannlegum samskiptum og almennri þekkingu. Að tileinka sér nýja reynslu, hegðun, kunnáttu eða færni.
- Samvinna. Við erum ein heild. Að hjálpast að á að vera sjálfsagt. Samvinna er lykill að árangri og gerir starfið einfaldara. Við víkkum sjóndeildarhringinn, vinnum hraðar og njótum samvistar með samvinnu.
- Kærleikur. Skólinn er gríðastaður þar sem tillitssemi og hlýja ræður ríkjum. Leitumst við að leiðbeina nemendum þannig að þeir rækti með sér samkennd með öllum.
- Ósk. Við erum stöðugt að skoða hvað við getum gert betur og stefnum ávallt á að bæta árangur í starfinu.

Framtíðarsýn Laugarnesskóla

Í Laugarnesskóla hafa stjórnendur skýra framtíðarsýn og forgangsröðun. Þeir hafa að leiðarljósi jákvætt viðhorf til starfsmanna sinna, nemenda og foreldra þeirra. Þeir bera ábyrgð á störfum starfsmanna sinna, nemenda og vinna með þeim að settum markmiðum. Þar er tekið á hegðun með jákvæðum og kerfisbundnum hætti til að auka félagsfærni og nám með því að skilgreina, kenna og styðja við æskilega hegðun. Lögð er áhersla á virkt upplýsingaflæði og að allir sem vinna í skólanum, nemendur og starfsfólk séu upplýstir um hvers konar vinnu og

framkomu er vænst af þeim. Skólastefna skólans á að vera í takt við samfélagsþróunina, vera í stöðugri endurskoðun og samkvæmt menntastefnu Skóla- og frístundasviðs.

Starfsfólk Laugarnesskóla

- verður í fararbroddi í að mæta hverjum einstaklingi á hans forsendum
- leggur áherslu á að nemendur nái árangri, virði reglur, beri ábyrgð og sinni skyldum sínum
- leggur sig fram um að skapa uppbyggjandi starfsumhverfi þar sem metnaður ríkir og virðing er borin fyrir hverjum og einum
- sinnir símenntun og tekur þátt í starfsþróun
- ætlar að standa vörð um sérkenni skólans
- leggur áherslu á samábyrgð heimila og skóla við að mennta nemendur með það að leiðarljósi að útskrifa þá með jákvæða sjálfsmynd sem kunna að axla ábyrgð og nýta tímann vel
- ætlar að auka fjölbreytni í kennsluháttum og þróa námsmat sem endurspeglar fjölbreytileika nemenda og styrkir þá í sjálfstæðum vinnubrögðum

Í Laugarnesskóla er allt starfsfólk samstíga og vinnur saman að stefnumörkun og forgangsröðun. Skólastarfið á að vera uppbyggjandi þar sem metnaður ríkir og virðing er borin fyrir hverjum og einum. Kennsluhættir í Laugarnesskóla einkennast af fjölbreytni þar sem skólinn reynir að koma til móts við ólíkar þarfir og áhuga nemenda. Lögð er áhersla á að auðga list- og verkgreinar og að samþættingu námsgreina. Skólaumhverfi skólans á að vera hlýlegt og aðlaðandi fyrir alla þá sem tengjast skólanum. Einkunnarorð skólans lífsgleði, nám, samvinna, kærleikur og ósk eru kjarni skólastefnu Laugarnesskóla. Það er framtíðarsýn skólans að leitast við að vera í fararbroddi yngri barnaskóla og veita börnum alhliða menntun og þroska með mannrækt og manngæsku að leiðarljósi.

Í skólanum er unnið markvisst að því að koma á jákvæðum og góðum aga með því að vinna samkvæmt PBS vinnulagi. Nemendum er kennt að leysa ágreiningsmál friðsamlega og á jákvæðan hátt, taka tillit til annarra og skilja að engir tveir einstaklingar eru eins.

Til þess að öðlast færni í að leysa ágreiningsmál farsælega þurfa allir að temja sér umburðarlyndi og víðsýni. Lýðræðisleg vinnubrögð og virðing fyrir skoðunum annarra verða því leiðarljós starfsins í skólanum.

Nemendur eru hvattir til að leggja sitt af mörkum til að bæta umhverfið og samfélagið. Markmiðið er samkennd og virðing, færni í mannlegum samskiptum og aukinn skilningur.

Ávallt er leitast við að styrkja samkennd og samstarf starfsfólks, nemenda og foreldra. Einnig hefur skólinn þá framtíðarsýn að nýta menningarrætur sínar og halda í heiðri ýmsum hefðum sem hafa unnið sér sess í sögu skólans en um leið skapa nýjar hefðir fyrir komandi kynslóðir. Með markvissum hætti er sífellt reynt að nýta auðinn í grenndarsamfélaginu til að endurnýja og styrkja skólastarfið.

Skipulag skólastarfsins

Skipulag kennslu innan árganga og milli árganga er í samstarfi stjórnenda og kennara. Nám og kennsla í Laugarnesskóla tekur mið af þeim lögum og reglugerðum sem um skólann gilda. Einnig er tekið mið af stefnu og starfsáætlun Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar eins og hún er hverju sinni, og sérstöðu skólans. Aðalnámskrá grunnskóla skilgreinir og lýsir sameiginlegum námsmarkmiðum sem Laugarnesskóla ber að stefna að og segir til um þann lágmarkstíma sem skólanum ber að bjóða nemendum í einstökum námsgreinum og náms sviðum.

Markmið

Meginmarkmiðið skólastarfs í Laugarnesskóla er að líta á árganginn sem eina heild og kennarar árgangsins bera sameiginlega ábyrgð á nemendum. Markmið eru að:

- stuðla að fjölbreyttum kennsluháttum, fjölbreyttri hópaskiptingu og skólaþróun
- bæta árangur nemenda
- leggja áherslu á list og verkgreinar
- leggja áherslu á íþróttir, sund og útikennslu
- skólaárið sé brotið upp með vettvangsferðum og grenndarsamfélagið skoðað
- skipulagðir séu útivistardagar að vori og haust

Framkvæmd

Tímafjöldi nemenda í hverjum árgangi er samkvæmt viðmiðunarstundaskrá Aðalnámskrár grunnskóla. Í stundaskrárgerð er gert ráð fyrir að í hverjum árgangi séu samliggjandi tímar til að auðvelda skiptingu árgangsins í mismunandi hópa. Sveigjanleiki í stundaskránni gefur möguleika á að brjóta upp skólastarfið og vinna að heildstæðum verkefnum með hverjum árgangi og einnig verkefnum sem tveir eða fleiri árgangar vinna saman. Verkefni eins og útikennsla, val og árviss þemaverkefni er auðvelt að fella inn í stundaskrána. Þetta fyrirkomulag auðveldar að komið sé til móts við þarfir hvers og eins á fjölbreyttan hátt. Hópar geta því verið misfjölmennir eftir viðfangsefnum.

Skóladagurinn hefst klukkan 8:30 en nemendur geta komið í skólann kl. 8:00 og farið inn í stofur. Frímínútur eru tvisvar á dag og fara nemendur út en þrisvar sinnum í viku geta þeir valið að dansa í hádeginu í stað útiveru. Matarhlé er tuttugu mínútur og nemendur fá heitan mat í hádeginu og nær allir nemendur skólans eru í mataráskrift.

Í Laugarnesskóla er lögð áhersla á að nemendur kynnist nærumhverfi sínu og því fara þeir í lengri og styttri ferðalög með kennurum sínum á hverju skólaári. Skólasetur skólans, Katlagil, er sá staður sem nemendur fara oftast á til að fræðast um náttúruna og til að gróðursetja tré. Útikennsla eru fastur liður skólastarfsins. Lögð er áhersla á að kenna nemendum ýmsa útileiki og þekkja grenndarsamfélagið.

Sameiginleg ábyrgð á námi og líðan nemenda er grunnurinn að skipulagi skólans en umsjónarkennarar eiga öðrum fremur að fylgjast með námi og þroska allra nemenda sem þeir hafa umsjón með. Helstu verkefni umsjónarkennara Laugarnesskóla eru að:

- hafa umsjón með og bera ábyrgð á faglegu starfi og framkvæmd kennslu og námsmati í nánu samstarfi og samvinnu við aðra kennara árgangsins
- fylgjast vel með líðan og námsframvindu nemenda og bregðast við ef þurfa þykir
- skipuleggja starf nemenda með gerð námsáætlana, kennsluáætlana og heimavinnuáætlana
- halda utan um starf stuðningsfulltrúa inni í bekk í samstarfi við deildastjóra sérkennslu
- bera ábyrgð á að einstaklingsnámsáætlanir séu gerðar fyrir einstaka nemendur
- fylgjast með skólasókn nemenda og skrá reglulega í Mentor.is, mætingar og atburðadagbók
- framkvæma og skrá námsmat, einkunnir og/eða umsagnir í Mentor.is
- veita foreldrum reglulega upplýsingar um það starf sem fram fer
- leita eftir góðu samstarfi og samvinnu við foreldra nemenda og veitir þeim upplýsingar um líðan, námsstöðu og framvindu
- taka á öllum agamálum og misklíðarefnum sem upp koma í nemendahópnum og leita sér aðstoðar hjá lausnateymi skólans varðandi meðferð þeirra mála.

Skólaár Laugarnesskóla skiptist í þrjár annir og líkur hverri önn með foreldraviðtali þar sem nemendur mæta með foreldrum sínum til að fara yfir námsárangur og líðan.

Nám og kennsla

Í Laugarnesskóla er kennt samkvæmt grunnskólalögum, Aðalnámskrá grunnskóla og áherslum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur. Kennslan er skipulögð þannig að meginmarkmið og kjarnaefni er það sama fyrir allan bekkinn en einstakir nemendur geti unnið með það á mismunandi hátt, til dæmis hvað varðar hraða, efni og námshætti. Skólastarf Laugarnesskóla á að vera uppbyggjandi þar sem metnaður ríkir og virðing er borin fyrir hverjum og einum. Starfsfólk skólans leggur áherslu á, í samvinnu við foreldra, að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi með því að stuðla að víðsýni, umhyggju, jafnrétti, virðingu, sáttfýsi lýðræðislegu samstarfi og ábyrgð. Fjölbreyttir kennsluhættir og skóli án aðgreiningar eru leiðarljós skólans í þeirri vinnu.

Í Laugarnesskóla

- finna nemendur að kennarar hafa miklar væntingar til þeirra um námsárangur og gera til þeirra raunhæfar kröfur
- finna nemendur að starfsfólk skólans sýnir þeim hlýhug og umhyggju
- vita nemendur um ábyrgð sína og skyldur
- þekkja nemendur reglur um umgengni og vinnubrögð og fara eftir þeim

Markmið með námi og kennslu í Laugarnesskóla er að hver nemandi nái eins miklum árangri og mögulegt er. Til að koma á mótis við ólíkar þarfir nemenda eru lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og fjölbreytt námsumhverfi þar sem einstaklingarnir geta fengið að njóta sín. Fjölbreyttar kennsluáðferðir koma til móts við nemendur á þann veg að sterkar hliðar hvers nemenda nýtast og fjölbreytt námsumhverfi gefur færi á að nemendur njóti sín í umhverfi sem

hentar mismunandi námsstíl. Lögð er áhersla á að auðga verk- og listgreinar og á samþættingu námsgreina.

Umsjónarkennarar og sérgreinakennarar bera ábyrgð á námi nemenda sinna. Þeir setja markmið með kennslu sinni samkvæmt aðalnámskrá, skilgreina hvernig hún skuli útfærð og hvernig ætlunin sé að meta árangur nemenda.

Í Laugarnesskóla er lögð áhersla á nám við hæfi hvers og eins bæði í framkvæmd kennslunnar og í skólaþróun. Leiðarljósið er fjölbreyttir og skapandi starfshættir þar sem nemendur eru hvattir til að sýna frumkvæði, sjálfstæði í námi og að bæta árangur sinn. Lögð er áhersla á að nemendur læri að skipuleggja nám sitt undir leiðsögn kennara, setji sér markmið, leggi mat á vinnu sína og taki þannig ábyrgð á eigin námi. Meginstefna skólans er að kenna nemendum í námshópi eða í bekk.

Við gerð kennsluáætlana er stuðst við markmið aðalnámskrár í viðkomandi námsgrein. Út frá þeim eru sett markmið fyrir viðkomandi námshóp og nemendum er ljóst hvert er stefnt og hvernig mati er háttáð. Námsfnið er valið með tilliti til markmiða og þess gætt að hægt sé að uppfylla viðkomandi markmið Aðalnámskrár. Leiðarljósið er að nemendur fái tækifæri til að nálgast viðfangsefnin á fjölbreyttan hátt og þeir ýmist læri hver af öðrum með samvinnu, eða að viðfangsefnin efli frumkvæði og sjálfstæði þeirra í sjálfstæðum vinnubrögðum. Lögð er áhersla á skapandi starf og rík áhersla lögð á list- og verkgreinar. Mikilvægt er að vekja áhuga og forvitni nemenda til að gera tilraunir og draga ályktanir af þeim.

Misjafnt er hvernig kennsluaðferðir henta nemendum, aldurshópum og námsgreinum og vill skólinn koma til móts við þarfir nemenda með sveigjanleika í vinnuáðferðum. Mikil áhersla er lögð á að nemendur kynnist mismunandi vinnulagi á skólagöngu sinni. Þannig öðlast þeir menntandi reynslu og ættu því að geta gert sér betri grein fyrir því hvaða aðferðir henta þeim hverju sinni.

Gerðar eru kröfur um að nemendur sinni námi sínu vel. Markmið náms og kennslu eiga ávallt að vera nemendum sýnileg og stöðugt á að vera að rifja þau upp. Út frá almennum markmiðum setja nemendur sér markmið í samvinnu við kennara sína og foreldra. Auk þess er gert ráð fyrir að nemendur meti stöðu sjálfir sína með reglubundnu millibili. Þetta eykur ábyrgð þeirra á eigin námi. Þeir nemendur sem víkja frá, hvort sem það eru bráðgerir nemendur eða nemendur sem eiga við námserfiðleika að stríða, vinna eftir kennsluáætlunum sem unnar eru fyrir þá. Markmið eru einfölduð eða þau gerð erfiðari. Nemendur eru ólíkir, tileinka sér því nám á mismunandi hátt en námslegar þarfir einstakra nemenda geta þó verið þess eðlis að þörf sé á einstaklingskennslu eða kennslu í litlum hópi um lengri eða skemmri tíma. Þeir nemendur eiga kost á að sækja nám í námsver. Auk þess er atferlismótun í boði fyrir þá nemendur sem þurfa aðhald vegna hegðunar. Börn af erlendum uppruna og börn sem hafa búið lengi erlendis fá kennslu í íslensku og aðstoð við að ná tókum á skólagöngu sinni.

Þetta er í samræmi við ákvæði Grunnskólalaga og Aðalnámskrár grunnskóla um að grunnskólinn skuli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Samkvæmt lögum um grunnskóla ber skólastjóri endanlega ábyrgð á skipulagi og kennslu nemenda.

Námsgögn


Námsgögnum er gerð skil og þau flokkuð. Námsgögn eru öll þau gögn er afmarka inntak náms. Við val námsgagna er haft að leiðarljósi að þau greiði sem best leiðina að settum markmiðum.

Í sumum tilvikum eru námsgögn notuð í því skyni að þjálfa grundvallarfærni, svo sem notkun ákveðins mælitækis, en önnur námsgögn þjóna þeim tilgangi að skýra mikilvæg hugtök eða þekkingaratriði sem best.

Sem dæmi um námsgögn má nefna námsbækur og kennsluleiðbeiningar, ýmsar handbækur, myndbönd, skyggjur, veggspjöld, líkön, verkefni, og margs konar efni fyrir verklega kennslu og tilraunir. Einstaklingsmiðaðir kennsluhættir í Laugarnesskóla felast ekki í því að auka aðgreiningu og koma á getuskiptingu heldur einkum og sér í lagi í að aðlaga nám og kennslu að hæfileikum og áhuga hvers og eins. Sveigjanlegt skólastarf, hefðbundin kennsla, uppgötvunarnám, hópstarf og margt fleira eru hugtök sem lýsa kennslunni í Laugarnesskóla.

Námsmatsstefna Laugarnesskóla

Samkvæmt Aðalnámskrá Grunnskóla 2007 skal námsmat vera fjölbreytt og gefa glögga mynd af stöðu nemenda. Laugarnesskóli hefur markað sér námsmatsstefnu í samræmi við það ákvæði. Leiðarljós stefnunnar er að mat á árangri og framförum nemenda er reglubundinn þáttur í skólastarfi, órjúfanlegur frá námi og kennslu. Megintilgangur námsmats Laugarnesskóla er að skapa forsendur til að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess. Með námsmati er fylgst með því hvernig nemendum tekst að ná markmiðum Aðalnámskrár, skólanámskrár og eigin námsmarkmiðum. Námsmat á að stuðla að námshvatningu, örva nemendur til framfara og meta hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda. Námsmat á að veita nemendum og foreldrum, kennurum, viðtökuskólum og skólafirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda, vinnubrögð og framfarir.



Námsmat þarf að taka mið af síbreytilegu umhverfi skólans. Breytingarnar felast í nýjum áherslum í Aðalnámskrá sem endurspeglast í skólanámskránni, breytilegum áherslum samfélagsins og stöðugum breytingum á nemendahópnum. Því er nauðsynlegt að námsmatsaðferðir séu í stöðugri endurskoðun og þróun. Ferlinu er best lýst með **mynd 1** þar sem sést að ferlið er einskona hringferli án eiginlegs upphafs eða enda.

Þekking, leikni, viðhorf og hæfni eru lykilhugtök í Aðalnámskrá grunnskóla. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að hugtakið hæfni felur í sér þekkingu, leikni og siðferðileg viðhorf. Tekið skal mið af aldri og þroska nemenda og markmiðum menntunar. Mismunandi er hvaða aðferð hentar hverju sinni og því nauðsynlegt að geta beitt fjölbreyttum aðferðum við matið. Lykilhæfni er ekki bara að nemandi hafi tileinkað sér þekkingu heldur að hann geti beitt skilningi og færni í athöfnum. Áhersla á að vera á námið en ekki bara á kennsluna. Hæfni má öðlast víða, einnig utan skólastofunnar og hana má nýta víða. Áhersla er á afrakstur námsins og hæfni nemenda til að nýta sér þekkingu sína. Við gerð skólanámskrár er því mikilvægt að þar komi fram hvaða aðferðir eru vænlegar til námsmats.


Námsmat í Laugarnesskóla

Námsmat Laugarnesskóla er bæði formlegt og óformlegt. Formlegt námsmat felur í sér samræmd próf í 4. bekk, könnunarpróf, stöðupróf, ritgerðir og mismunandi verkefni sem skilað er á ýmsu formi í samræmi við viðfangsefni nemenda hverju sinni. Nemendur í 4. bekk taka samræmd próf í íslensku og stærðfræði. Niðurstöður úr prófunum eru sendar heim með nemendum.

Óformlegt mat er samofið kennslunni og markmið þess er að leggja mat á vinnubrögð, bæði í skólanum og heima. Matið er samofið námi og kennslu og notað til að leiðbeina nemandanum um hvað vel er gert og hvað má betur fara. Til þess eru notaðar [gullakistur](#), [verkmöppur](#), gátlistar, dagbækur, samtöl við nemendur, jafningjamat og virkniathuganir. Ljóst er að sumir þættir námsmatsins eru og verða alltaf huglægari en aðrir. Vægi hvers þáttar er háð aldri, viðfangsefni og aðstæðum einstaklingsins.

Námsmat Laugarnesskóla á að vera byggt á námsmarkmiðum viðkomandi greinar og taka mið af aldri og þroska hvers og eins. Þar sem ekki er rétt né sanngjarnt að meta alla með sömu mælistikunni er nauðsynlegt að áherslumunur sé í mismunandi námsgreinum og árgöngum þrátt fyrir að meginaðferðirnar séu hinar sömu fyrir alla nemendur skólans. Markvisst námsmat á að koma nemanda, foreldrum og kennurum til góða við frekara skipulag náms. Skólaárinu í Laugarnesskóla er skipt í þrjár annir og í lok hverrar annar fá foreldrar og nemendur yfirlit yfir stöðu nemandans.

Í skólanámskrá Laugarnesskóla hefur skólinn markað sér heildarstefnu í flestum kennslugreinum til að fram komi hvað einkenni skólafarið. Í henni kemur jafnframt fram hvernig skólinn skipuleggur kennsluna, hvaða kennsluaðferðum er beitt og hvernig staðið er að námsmati á hverju námsári. Skipulagi hverrar námsgreinar er lýst með markmiðum; inntaki, kennsluskipan, námsgögnum og námsmati.



Mynd 2. Skipulag náms og kennslu í Laugarnesskóla

Á mynd 2 sést skipulag náms og kennslu í Laugarnesskóla.

Heildstætt námsmat

Í Laugarnesskóla er verið að þróa heildstætt námsmat með það að leiðarljósi að hafa matið sem fjölbreyttast og að það taki til sem flestra þátta í starfi nemandans. Leitast er við að greina mikilvæga þætti í fari einstaklinga í því augnamiði að styrkja jákvæða og sterka þætti og hlúa að veikum þáttum í þeim tilgangi að bæta sjálfsmýnd nemenda.

Markmið námsmats af því tagi er að gefa sem skýrasta mynd af stöðu nemenda, bæði námslega og félagslega. Til að fá sem besta yfirsýn yfir færni og viðhorf nemandans er nauðsynlegt að kanna marga ólíka þætti:

- kunnáttu, þekkingu, minni; hvort nemandinn þekkir heiti, staðreyndir, lýsingar, reglur
- beitingu þekkingar; hvernig nemandinn beitir hugtökum, áferðum og reglum
- leikni, hvort nemandinn geti leikið eftir atferli, náí tókum á verki
- skilning; hvort nemandinn nær að tengja, lesa úr upplýsingum, útskýra, túlka, draga ályktanir
- greiningu; hvort nemandinn nær að greina mismunandi eiginleika

- skapandi hugsun; hvort nemandinn nýti þekkingu til að setja fram eigin hugmyndir, skapa
- gagnrýna hugsun; hvort nemandinn leggi rökstutt mat á álitamál eða verknað
- viðhorf og tilfinningar; hvort nemandinn sýni athygli, alúð, ábyrgð, skoðanir, samhygð
- samstarf, samvinnu; hvernig nemandi sýnir samskiptagreind sína í verki

Matið á að fela í sér leiðsögn fyrir nemendur og kennara og vera endurgjöf á kennslu og nám. Megintilgangur leiðsagnarmats er að gera nemendur meðvitaða um það sem þeir læra, hvernig þeir læra og til hvers er ætlast af þeim. Matið gefur kennurum einnig færi á að skoða áhrif kennslunnar og þróa vinnubrögð sín. Það gefur kennara einnig færi á að meta áhrif nýs kennsluskipulags á nemendur og árangur þeirra í námi.

Leiðsagnarmat byggir á góðri endurgjöf frá kennurum sem nemendur geta nýtt sér til að verða meðvitaðir um eigin námsframvindu. Lykilatriði er að matið byggi á skýrum markmiðum og matsviðmiðum til að nemendur geti vitað til hvers er ætlast af þeim.

Til þess að leiðsagnarmat beri góðan árangur þarf það að ná til margra ólíkra þátta. Kennarar verða því að:

- Skýra námsmarkmiðin og gera þau sýnileg og skiljanleg öllum
- Nota dæmi eða sýnishorn af góðum verkefnum
- Gefa lýsandi endurgjöf reglulega
- Kenna nemendum að meta eigið nám og að setja sér markmið og hvernig þeir ná markmiðunum
- Beina matinu að einum eða fáum þáttum í einu
- Kenna nemendum að rifja skipulega upp
- Hvetja nemendur til ígrundunar, til að hafa skipulag á því sem þeir læra og deila því með öðrum

Leiðsagnarmatið getur verið með ýmsu móti. Hér að neðan eru taldir upp þær aðferðir sem kennarar Laugarnesskóla styðjast við.

Sjálfsmat nemenda

Rannsóknir sýna að sjálfsmat getur bætt námsárangur. Leiðin til þess er að nemendur setja sér markmið í upphafi og keppast við að ná þeim. Við það öðlast þeir ákveðna yfirsýn yfir verkefnið og möguleika á að stjórna eigin vinnu. Til þess að nemendur geti metið hvernig til tókst verður að kenna þeim aðferðir til þess og eru matslistar þá góð hjálpartæki. Þannig geta nemendur lagt mælistiku á eigið nám og fá tækifæri til að læra hvað hefur tekist vel og hvað má betur fara næst. Með sjálfsmati leggja nemendur mat á eigin frammistöðu og getu. Einnig eiga þeir að meta hvort þeir

hafi gert sitt besta við lausn verkefnis. Þýðing sjálfsmats fyrir nemendur er sú helst að það virkjar þá til ábyrgðar á námi sínu og líkur eru á að þeir skilji betur tilgang námsins auk þess að vera mikilvæg þjálfun í sjálfsskoðun. Sjálfsmat nemenda hefur einnig þýðingu fyrir kennara þar sem þeir fá mikilvægar upplýsingar um viðhorf og skoðanir nemenda.

Jafningjamat nemenda

Jafningjamat er það kallað þegar nemendur meta framlag, frammistöðu eða verk hvers annars og getur það verið hvort heldur í einstaklingsvinnu eða hópavinnu. Matið er leiðsagnarmat, nemendur fá leiðsögn um hvernig megi laga og bæta tiltekin atriði á meðan nám fer fram. Þeir fá þá tækifæri til að skiptast á skoðunum um verkefni og úrlausnir, taka gagnrýni og vinna úr henni og þiggja hjálp við úrlausn hugsanlegra vandamála. Það gerir nemendum kleift að átta sig betur á veikum og sterkum hliðum sínum og er matið þannig mikilvægur þáttur í lærdómsferlinu.

Kostir jafningjamats eru að það:

- virkjar nemendur til þátttöku og ábyrgðar
- eflir skilning nemenda á markmiðum námsins
- bætir endurgjöfina, hún verður fyllri - fleiri sjónarhorn
- nemendur taka ábendingum nemenda oft betur en ábendingum kennara
- nemendur leggja sig oft meira fram ef þeir vita að félagar þeirra taka þátt í mati
- veitir mikilvæga þjálfun, m.a. í tjáningu, samstarfi, jafningjastuðningi, og nemendur læra að gagnrýna uppbyggilega

Verkmöppur

Í skólanum hefur verið ákveðið að byggja námsmat m.a. á verkmöppum nemenda með það að leiðarljósi að nemendur fái stöðuga endurgjöf um nám sitt ásamt ábendingum um hvernig þeir geti lagt mat á eigin vinnu og bætt sig. Í kjölfarið setja þeir sér markmið fyrir næstu námslotu. Nemendur safna verkum sínum í möppur yfir allt skólaárið sem auðveldar þeim, foreldrum og kennurum að fá yfirsýn yfir vinnuna og framfarir.

Í annarlok velja nemendur verk í möppuna og í skólalok safna nemendur saman bestu verkum sínum í svokallaða gullakistu og færa rök fyrir vali á verkum í hana. Í lok skólaárs boða nemendur foreldra í viðtal sem þeir leiða og stjórna. Í viðtalinu skoða nemendur gullakistuna með foreldrum og öðrum gestum. Gullakistur nemenda eiga að endurspegla að einstaklingar eru mismunandi. Það er skylda skólans að koma til móts við og viðurkenna mismunandi þroska, getu og hæfileika. Með því að meta viðleitni nemenda og framfarir er oft hægt að hvetja nemendur til dáða. Gullakisturnar eru geymdar í skólanum milli ára til að nemendur geti skoðað framfarir sínar yfir nokkur ár.

Inngangur

Nemendur, starfsfólk og stjórnendur Laugarnesskóla hafa undanfarnar vikur tekið höndum saman í lýðræðislegri hugmyndavinnu þar sem raddir allra hafa fengið að heyrast um það hvernig ný viðbygging við Laugarnesskóla þurfi að vera. Fram hefur komið skilningur á því að ný viðbygging við gamlan skóla er ekki einfalt úrlausnarefni því bæði þarf að uppfylla kröfur nútíma skólastarfs og bera virðingu fyrir því að skólinn stendur á gömlum merg og á sér margar ríkar hefðir.

Laugarnesskóli hefur að mörgu leyti mikla sérstöðu meðal grunnskóla borgarinnar. Má þar nefna sem dæmi skólaseilið í Katlagili sem gefur einstök tækifæri í útikennslu, umhverfis- og náttúrumennt; morgunsönginn sem tvinnar saman íslenskunám og eflingu samkenndar meðal nemenda, sem og ríka sviðslistahefð sem styrkir sjálfsmynd og þjálfar samvinnubrögð og tjáningu. Stefna skólans er að viðhalda grónum hefðum og þróa þær með það að leiðarljósi að nemendur skólans þroskist við að taka þátt í þeim.

Kennsluhættir í Laugarnesskóla einkennast af fjölbreytni og einstaklingsmiðun. Sérstök áhersla er lögð á að list- og verkgreinar auðgi nám nemenda, unnið er með samþættingu námsgreina og undanfarin ár hefur verið stígandi í nýtingu skólans á upplýsingatækni. Sveigjanleiki í stundaskránni gefur möguleika á að brjóta upp skólastarfið og vinna að heildstæðum verkefnum með hverjum árgangi og einnig verkefnum sem tveir eða fleiri árgangar vinna saman. Verkefni eins og útikennsla, val og árviss þemaverkefni er auðvelt að fella inn í stundaskrána

Þá má einnig nefna að Laugarnesskóli hefur um árabil sett nemendalýðræði á oddinn og er viðurkenndur Réttindaskóli Unicef. Elstu nemendur skólans gegna þar veigamiklu hlutverki sem fyrirmyndir þeirra yngri í þeirri eflingu félagsfærni sem lýðræðislegt skólastarf hefur í för með sér.

Hugmyndir nemenda, starfsfólks og stjórnenda um nýja viðbyggingu við Laugarnesskóla miða við þá sýn að viðbyggingin styðji við ofangreind einkenni skólans.

Samantekt frá starfsmönnum

Kennslurými	Mötuneyti	Aðstaða starfsmanna	Geymslur
Almennar kennslustofur	Stærra eldhús	Stærri kaffistofa	Leikmunageymsla
Sérgreinastofur	Stærri matsal með betri hljóðvist	Stærra fataherbergi fyrir starfsmenn ásamt þurrkaðstöðu	Skjalageymslu
Rými fyrir sérkennslu		Aðstaða fyrir starfsmenn til að fara í sturtu	Áhalda og efnageymslu
Sal með sviði		Betri skrifstofu fyrir skrifstofustjóra	Geymslu fyrir hlaupahjóra-og reiðhjólageymsla
Stærra bókasafn		Hvíldarherbergi fyrir starfsmenn	Geymsla fyrir vinaliðadót
Útikennsluaðstaða		Skápageymsla fyrir starfsmenn sem hafa ekki neina aðstöðu	
Ný tónmenntastofa			
Rými fyrir skólahljómsveit			
Hvíldarrými fyrir nemendur sem þurfa betra næði			

Samantekt frá nemendum

Kennslurými	Mötuneyti	Aðstaða starfsmanna/nemenda	Annað
<p>Bekkjarstofur sem eru alvöru framtíðarstofur Vísindastofa/tæknistofa Hvíldarherbergi Klifurvegg og hengirólur Listaverkaveggur Leikritasal Stærri smíðastofu Fleiri stofur Bíósalur Annar íþróttasal Nýjar listasmiðjur Sundlaug Skólastofur, eitt herbergi sem þar sem tveir bekkir geta verið saman Stofur af mismunandi stærð Stærri og litríkar stofur Stærri bókasafn, hljóðlát og töfrandi Stjörnuvísindastofu, efst uppi glerkúlu á þakinu til að horfa í gegnum</p>	<p>Stærri matsal með góðri hljóðvist Hafa tvo matsali Sigggi kokkur verður að hafa betra eldhús</p>	<p>Fleiri snyrtingar Fleiri skrifstofur fyrir kennara Hugmynda-og réttindaráðsstofa</p>	<p>Hafa rennibraut inni Geymsla fyrir hlaupahjól Hafa stærri kjallara, byggja undir skólann Hafa viðbyggingu sem er aðeins öðruvísi en samt í svipuðum stíl. Það er ákveðinn stíll í gamla húsinu en hafa það kannski á milli þess og nútímalegri Stóra glugga</p>

1.1.1 Fagsvæði tónmenntakennslu

Kennsla í tónmennt fer fram í 1.-7. bekk og í valgreinum á unglingsstigi. Fimm aðalsvið tónlistarkennslunnar eru söngur, hljóðfæraleikur, tónfræði, tónsköpun og hreyfing. Kennslustund í tónlist getur verið afar mismunandi og spannað allt frá fræðilegri kennslu þar sem nemendur sitja við borð og skrifa hjá sér eða hlusta, yfir í hljóðfæraleik, dans, leik og söng.

Til að skapa góða tónlistarkennslu er mikilvægt að geta auðveldlega skipt milli viðfangsefna í kennslunni, sérstaklega þegar verið er að kenna börnum á fyrsta skólastigi sem eiga erfitt með að einbeita sér að sama verkefni lengi í einu.

Staðsetning svæða rýma fyrir tónlistarkennslu má gjarnan tengjast hreyfirými/fjölnotasal eða svæði fyrir leiklistarkennslu. Æskilegt er að hægt sé að nýta rýmið utan hefðbundins skóladays. Það er mikilvægt að hugsa fyrir því að kennsla í tónlist er ólík eftir aldri barna. Kennsla barna á ásláttarhljóðfæri er mögulega meiri fyrir yngri börnin en kennsla í rafrænni tónlist meiri eftir því sem aldur nemenda hækkar.

Hljóðvistin í rýminu þarf að vera góð. Ágætt er að hugsa fyrir staðsetningu og mótun veggja í því sambandi, uppbrot í rýminu er með til að brjóta niður hljóðið í stað þess að veggir séu samhliða, efnisval má einnig auka dýpt og mýkt hljóðvistarinnar. Hér er æskilegra að nota mjúk efni í stað harðra. Mögulega er hægt að hugsa sér innréttingar og nýting þeirra gefi tækifæri til betri hljóðvistar, þar verði einnig hægt að geyma hljóðfærin.

Æskilegt er að við tónmenntastofu séu 2-3 minni rými/æfingarherbergi, en þetta myndi auka möguleika kennara til hópstarfs og bjóða upp á samnýtingu húsnæðisins með skólahljómsveit og tónlistarskóla til hljóðfærkennslu. Jafnframt skal innrétta hljóðver sem gefa möguleika á að gera radd- og tónlistarupptökur á fleiri rásum.

Vagnar með hljóðfærum á að vera hægt að flytja á milli svæða og auka þannig enn frekar á sveigjanleikann.

Tónlist og söngur hljómar fallega í rými þar sem hátt er til lofts. Bæta má hljómburðinn enn frekar með því að hafa breytilega lofthæð eins og í hljólmleikasal. Æskilegt er að huga vel að dagsbirtunni í rýmunum. Mögulega að hafa ofanljós.

Það á að vera rými fyrir hreyfingu í gegnum tónlistina og þar sem þekking og hæfni nemenda er í iðkuð með einstaklingskennslu og samspili. Auk þess á að vera svæði til hlustunar á tónlist og samræðna.

Tónlistarsýmið er hægt að staðsetja nálægt stærra rými, fjölnotasal þannig að hægt sé að samnýta þessi svæði annað hvort til kennslu eða uppfærslu leikrita og tónlistaviðburða.

Fagsvæði tónmenntastofu skal vera með eftirfarandi aðstöðu:

- Tónmenntastofa - *samnýtanleg með skólahljómsveitinni? 40 m² - 80 m²*
- 2-3 minni æfingarrými – *samnýtanleg með skólahljómsveitinni? 3 x 11 m²*
- Hljóðver- *samnýtanleg með skólahljómsveitinni? 12 m²*
- Aðstaða fyrir starfsfólk. Getur verið samnýtanleg
- Hljóðfærageymsla 12 m²

- Snyrtingar

1.1.2 Skólahljómsveit

Í þeim menntabyggingum þar sem skólahljómsveit hefur aðstöðu má gera ráð fyrir eftirfarandi aðstöðu fyrir hljómsveitina. Á að gera á ráð fyrir því að neðangreind aðstaða er viðbót við þau rými sem að tilheyrja fagsvæði tónmenntakennslu?

- Tónmenntastofa – nýtist 2 -3 viku frá kl. 14.00-17.00.
Á öðrum tímum má nýta stofuna fyrir skólakórinn, leiklist, aðra starfsemi. Ef fjölnotasalur er í menntabyggingunni getur hann mögulega nýst fyrir skólahljómsveitina?
- 2-3 minni æfingarrými – *samnýtanleg með tónmenntakennslunni*
- Hljóðver
- Aðstaða fyrir starfsfólk. Getur verið samnýtanleg.
- Hljóðfærageymsla. *Væntanlega sérgeymsla.*
- Snyrtingar

1.1.1 Skólahljómsveit

Núverandi tónlistarstofa Laugarnesskóla verður mögulega notuð til að stækka núverandi matsal og þarf því annað rými fyrir tónlistarstarfið.

Skólahljómsveit.

Starfsemi – hvar og hvenær.

Aðstaða skólahljómsveitar Austurbæjar hefur í dag aðstöðu/heimastöð í Laugarnesskóla. Eftirfarandi aðstaða er fyrir skólahljómsveitina í skólanum.

- Tvö kennslurými / æfingarými.
Vegna skorts á æfingarými æfa nemendur einnig í raungreinastofunni, leiklistarstofu á 4. hæð og öðrum tilfallandi kennslurýmum.
- Skrifstofa/undirbúningsrými/kaffistofa/hljóðfærageymsla/nótnageymsla.
Aðstaða skólastjóra, kennara, kaffistofa, hljóðfærageymsla, nótnageymsla er til saman á ca. 15 m². *Kennarar samnýta í dag aðstöðu fyrir kaffistofu Laugarnesskóla sem er á 2. hæð í 1. áfanga byggingarinnar.*
- Núverandi tónmenntastofa er samnýtt með skólahljómsveitinni. skólahljómsveitina.

Tillögur að úrbótum:

- 1-2 kennslurými/æfingarými til viðbótar/æfinga/
kennslurými má samnýta með..
- Hljóðfærageymsla
- Nótnageymsla
- Aðstaða fyrir kennara/skólastjóra – getur samnýst með skólanum.
- Tónmenntastofa/salur fyrir skólahljómsveitina – fjöldi nemenda í skólahljómsveitinni.
Stofan er notuð 2- 3 í viku fyrir skólahljómsveitina frá kl. 14.00- 17.00?
Á öðrum tímum má nýta salinn fyrir *skólakórinn; aðra tónlistaskóla eða...*

Tónmenntastofan á að vera rúmgóð og björt. Gera þarf ráð fyrir vinnuaðstöðu fyrir kennara til undirbúnings og samskipta við nemendur og kennara.

Einnig þarf að gera ráð fyrir geymslu fyrir hljóðfæri, tæki og gögn sem fylgja tónlistarnámi. Einnig þarf að athuga hvort að hér verði minni rými til einkakennslu í tónlist. (8 m² -15 m²)

Æskilegt er að ný tónmenntastofa tengist nýjum fjölnotasal. Tónmenntastofa þarf að geta haft hreyfisvæði, hefðbundið námssvæði og æfingasvæði.

HÚSRÝMISÁÆTLUN FYRIR SKÓLA

Laugarnesskól 630 nemendur



Námssvæði og frístundastarf

	Fjöldi rýma nú	Núverandi staða húsnæðis	Fjöldi rýma eftir breytingu í	m ² eftir breytingu í núv. húsnæði	m ² af breytingum	Fjöldi rýma	Stærð rýmis	m ² í nýbygginu
	fjöldi	m ²		m ²	m ²	fjöldi		m ²
Almennt námsrými								
Almennar kennslustofur	22	1082		1082				
Á 1. hæð eru 4 kennslustofur 44,0 m ² . Á 2. hæð eru 9 kennslustofur 44,0 m ² . og 2. kennslustofur 96,0 m ² . Á 3. hæð eru 7 kennslustofur 44,0-48.0 m ² .								
Bæta þarf við 10 almennum kennslusvæðum						10	60	600
Kennslusvæði/námssvæði								
Opin rými fyrir árganga, með minni lokanlegum fjölnota rýmum, hópaherbergi, geymslu og snyrtingum. Æskilegt að sé í góðum tengslum við vinnusvæði kennara.								
Hópaherbergi/námsver						2	35	70
Geymslur						1	15	15
Snyrtingar						1	25	25
Samtals								710
Vísindasvæði - náttúrufræði	1	52,5	1	0 52,5		1	85	85
Núverandi raungreinastofa er á 4. hæð skólans. Æskilegt er að tengja það námssvæði nær öðrum námssvæðum og verði staðsett í framtíðinni nær öðrum námssvæðum. Æskilegt er að skipta rýminu niður í minni rými og hafa góða tengingu er við útisvæðin þannig að nemendur geti farið út og safnað í efnissmiðju til nánari skoðunar. Mögulega getur hluti náttúrustofunnar verið að hluta til utandyra. Í vísindastofunni þurfa að vera víðsjár, smásjár og önnur viðeigandi tæki sem að tilheyra raungreinakennslu.								
Lagt er til að núverandi raungreinastofa verði breytt og stofan verði hluti af rými þar sem fer fram kennsla í skapandi greinum eins og leiklist og dans. • Laga þarf loftgæði í stofunni.								
Handavinna / textíl	1	72,5	1	72,5	0	0		0
Kennslurými með efnisgeymslu 20,8 m ² . Verður óbreytt.								
Smíðar	1	72,8	1	72,8	0	0		0

Kennslurými með efnisgeymslu, vélarými, rennibekk, málun og aðstöðu fyrir kennara. Verður óbreytt.

Myndmennt 1 73 1 73 0 0 0

Kennslurými í tengslum við fjölnotastofu. Verður óbreytt
Keramik 10, 2m², sull/málning 10, 2m²

Sullherbergi 1 38 1 38 38 0 0

Lagt er til að sullherbergi sem notað hefur verið sem hluti að kennslu í list- verkgreinum verði lagt niður sem námsrými og það verði mögulega nýtt sem búningurými starfsmanna.

Fjölnota/ýmsar smiðjur

Fjölnotastofa 1 0 1 0 0 1 70 70

Kennslurými í tengslum við smíði, myndmennt og textíl

Hljóðver 1 0 0 0 0 1 15 15

Nýtt hljóðver í nýbyggingu í tengslum við myndver og fjölnotasmiðju.

Myndver 0 0 0 0 0 1 15 15

Myndver í nýbyggingu í tengslum við fjölnotasmiðju og fjölnotasmiðju.

Heimilisfræði 0 0 0 0 0 1 20 20

Aðstaða fyrir kennslu í heimilisfræði fyrir yngstu börnin

Samtals 120

Leiklist 1 114 0 166,5 51 0 0 0

Í Laugarnesskóla er mikil áhersla á kennslu skapandi listgreina þar á meðal leiklist og dans. Í frímínútum skólans er til að mynda ávalt boðið upp á dans í hátíðarsal skólans. Í dag fer kennslan í leiklist og dansi aðallega fram í kennslurými á 4. hæð skólans. Óbreytt. Núverandi vísindastofa á 4. hæð verður hluti af leiklistrýminu.

Tónmennt

Mögulega nýting á núverandi tónmenntarrými.

Sérkennslustofa með 20 m² geymslu og hljóðfæraherbergi.

Núverandi stofa verður mögulega hluti af matsal skólans Nýtt rými fyrir tónmennt í nýbyggingu, gjarnan í nálægð við sal.

Stærra rými fyrir tónlistarkennslu auk minni rýma fyrir

Tónlistasalur / verður hluti af matsal 1 76,6 1 76,6 76,6 1 80 80

Hljóðfærageymsla 1 20 1 20 20 1 0 0

Hljóðfæraherbergi 1 10,8 1 10,8 10,8 1 0 0

Samtals 80

Skólahljómsveit Austurbæjar

Sérkennslustofa með snyrtingu og 20 m² geymslu og hljóðfærherbergi. (aðgengi eftir lokun skólans)
Tónmenntastofan á að vera rúmgóð og björt. Gera þarf ráð fyrir vinnuaðstöðu fyrir kennara til undirbúnings og samskipta við nemendur og kennara. Einnig þarf að gera ráð fyrir geymslu fyrir hljóðfæri, tæki og gögn sem fylgja tónlistarnámi. Einnig þarf að athuga hvort að hér verði minni rými til einkakennslu í tónlist. (8 m² -15 m² Æskilegt er að ný tónmenntastofa tengist nýjum fjölnotasal. Tónmenntastofa þarf að geta haft hreyfisvæði, hefðbundið námssvæði og æfingasvæði. Í nánnum tengslum við tónmenntastofu er æskilegt að koma fyrir stofu fyrir æfingar fyrir skólahljómsveitina. Í tengslum við þá aðstöðu er geymsla fyrir hljóðfæri.

Tónmennt skólahljómsveit	1	40	40
Skólahljómsveit	2	15	30
Skólahljómsveit skrifstofa	1	18	18
Snyrting	2	3	6
Samtals			94

Heimilsfræði

1	71	1	71	0	0	0
---	----	---	----	---	---	---

Sérkennslustofa með eldunaraðstöðu og 10 m² geymslu auk kennarakröks. Núverandi heimilisfræðistofa er staðsett í 2. áfanga skólans og var hún gerð árið 2008. Með auknum fjölda nemenda í skólanum er lagt til að bæta við aðstöðuna.

Skólasafn/upplýsingaver

2	57	1	114	1	140	140
---	----	---	-----	---	-----	-----

Upplýsingaver, bókasafn og tölvuver. Núverandi bókasafn er staðsett á 1. hæð skólans í 1. áfanga byggingarinnar. Auk útlána bóka og námsgagna er bókasafnið vinnusvæði og gagnasmiðja fyrir nemendur og kennara. Á skólasafni er vinnuaðstaða þar sem nemendur og starfsmenn geta unnið í ró að ýmsum verkefnum. Almenn ánægja nemenda og starfsmanna er með bókasafnið og þá sérstaklega það ævintýralega andrúmsloft sem að þar ræður ríkjum en óskað en óskað hefur verið eftir því að bókasafnið verði stækkað svo það nái að sinna þeim væntingum sem gerðar eru í dag til starfsemi þeirra.

Lagt er til að í nýrri viðbyggingu verði upplýsingaver fyrir nemendur þar sem að þeir að geta unnið að víðtækri upplýsingaöflun það þarf að vera í ágætum tengslum við ný námssvæði, frístundaheimili. Hér þarf að vera vinnuaðstaða fyrir nemendur og aðstöðu fyrir starfsfólk.

- Núverandi bókasafn verður mögulega sérkennslurými en er það ósk stjórnenda skólans einnig hefur verið skoðað hvort að kaffistofa starfsmanna verði þar staðsett.

Tölvuver	1	50,3	1	1	50,3
Tölvuumsjón	1	6,6	1	1	6,6

Stoðþjónusta

Námsver	4	114	0	0		
námsver u.þ.b. 35 m ² að stærð á 1-2 hæð í 2. áfanga byggingarinnar. 2 námsver í byggingu 3. áfanga skólans sem eru 18 m ² og 25 m ² . Þau rými voru upphaflega ætluð sem vinnurými kennara en hafa nú aðra nýtingu. Á 3. hæð skólans í 1. áfanga byggingarinnar eru 2 viðtalsherbergi sem eru meðal annars nýtt fyrir sálfræðinga og námsráðgjafa. Eru þau herbergi í tengslum við heilsugæslu skólans þar sem að hjúkrunarfræðingur hefur aðstöðu.						
Samtals		1911	1685	420		1109

Félagsaðstaða

	fjöldi	m ²	fjöldi	m ²	m ²	fjöldi	m ²
Hátíðasalur - salurinn verður óbreyttur							
Hátíðasalur/Alrými	1	203					
Á 1. hæð skólans er hátíðarsalur sem skipað hefur mikilvægan sess í skólastarfinu en þar safnast nemendur meðal annars saman á morgnana í morgunsöng. Einnig er salurinn nýttur yfir daginn meðal annars í frímínútum nemenda. Meðfram salaveggjum er náttúrugripa - og							
Matsalur	1	177					
Í viðbyggingu frá árið 2008 er salur á 1. hæð sem er meðal annars notaður sem matsalur. Vegna stærðar salarins þarf að fjórskipta nemendum í matmálstímum og yngstu nemendurnir hefja borðhald kl. 11.10. Engin aðstaða er til uppfærslu á leikritum og söngleikjum. Mögulegar úrbætur							
• Lagt er til að til viðbótar við matsalinn í 3. áfanga skólans verði gerður fjölnotasalur allt að 200 m ² . Þann sal verður hægt að samnýta með núverandi matsal, fyrir sýningar og frístundaheimilið. Í salnum á að vera svið til uppfærslu leikrita og sýninga almennt.							
Fjölnotasalur	0	0				1	200
Lagt er til að til viðbótar við matsalinn í 3. áfanga skólans verði gerður fjölnotasalur allt að 200 m ² . Þann sal verður hægt að samnýta með núverandi matsal, fyrir sýningar og frístundaheimilið. Í salnum á að vera svið til uppfærslu leikrita og sýninga almennt.							
Leiksvið	0	0				1	20
Leiksvið í fjölnotasal.							
Baksvið	0	0				1	30
Geymsla tengd leiksviði og fjölnotasal							

Miðrými-lengd viðvera 2. hæð Rými á 2. hæð hússins fyrir framan heimasvæði	1	141			1	0	
Hjartarými árgangar. Hjartarými þarf að því að vera skipt upp í nokkur smærri rými og gera þarf ráð fyrir því að hægt sé að hafa valtóflur á nokkrum stöðum svo að það komi ekki allir 220 á sama staðinn að velja á sama tímanum. Það þurfa að vera sófar, stólar og borð.	0	0			1	220	
Skrifstofa fyrir frístund Skrifstofa fyrir frístund verður mögulega vinnustofa kennara. Er á 2. hæð.	1	18					
Snyrtingar. (2x20 m2) Snyrtingar fyrir bæði kynin og einnig snyrting fyrir fatlaða, í góðum tengslum við innganga og fatahengi. Þessar snyrtingar nýtast einnig kennslurýmum skólans.					2	40	
Skáli fata- og skógeymsla Fata- og skógeymslur fyrir 180-200 manns í tengslum við innganga skólans. Samnýtist með kennslurými skólans. Í þessum rýmum eru læstir skápar fyrir nemendur skólans.					0	0	
			Samtals			510	
	4	539			7		
Stjórnun							
	fjöldi	m ²	fjöldi	m ²	m ²	fjöldi	m ²
Almenn skrifstofa, móttaka, biðstofa Móttaka/biðstofa í tengslum skrifstofur skólastjóra og aðstoðarskólastjóra.	1	24,6	1	24,6			
Skrifstofa skólastjóra Skrifstofa tengd almennri skrifstofu og fundaraðstöðu.	1	15,7	1	15,7	0	0	
Fundarherbergi Fundarherbergi fyrir 4-5 manns, tengt móttöku og biðstofu	1	8,3	1	8,3			
Skrifstofa aðstoðarskólastjóra Skrifstofa tengd almennri skrifstofu og fundaraðstöðu.	1	13,2	1	13,2	0	0	
Skrifstofa deildarstjóra Skrifstofa tengd almennri skrifstofu og fundaraðstöðu.	1	11,5	1	11,5	0	0	
Setkrókur/fundarkrókur	1	11,5	1	11,5	0	0	

Kaffistofa	1	56			1	50	50
<p>Kaffi- og setustofa starfsfólks, eldhúsinnrétting og aðstaða til að framreiða mat. Í góðum tengslum snyrtinga. Gjarnan í tengslum við vinnuaðstöðu kennara og starfsfólks. • Tillaga A - Færa kaffistofuna þar sem núverandi bókasafn skólans er staðsett. Núverandi kaffistofu mætti þá nýta fyrir fundaraðstöðu / undirbúningsrými kennara.</p> <p>Tillaga B - Tengja kaffistofu og núverandi undirbúningsrými kennara á 3. hæð.</p> <p>Tillaga C - Óbreytt stærð á kaffistofu</p> <p>Eftirfarandi má gjarnan einkenna kaffistofuna.</p> <p>Á kaffistofunni má gjarnan vera kaffihúsa stemning.</p> <p>Hún þarf að vera björt og rúmgóð..</p> <p>Gott væri ef hægt sé að hólfa stofuna niður ef svo ber undir, helmingur starfsmanna á fundi og helmingur í kaffi.</p> <p>Á kaffistofunni má gjarnan koma fyrir aðstöðu fyrir starfsfólk til að ræða saman í ró og næði gefa einnig tækifæri til að halda þar minni fundi og bjóða upp á aðstöðu til að vinna að verkefnum.</p> <p>Á kaffistofunni þarf að vera aðstaða til þess að framreiða mat. Starfsmenn þurfa að geta geymt matvæli í ísskáp.</p>							
Umsjónarmaður	1	10,3	1	10,3	1		11
<p>Afdrep og skrifstofa fyrir húsvörð í tenglum við skrifstofur og góða yfirsýn yfir aðalinngang og umferðarrými. Er í dag staðsett á 2. hæð. Mögulega staðsett í nýrri viðbyggingu í betri tengslum við inngang í skólann.</p>							
Námsráðgjafi	1	13,2	1	13,2	0		0
<p>Viðtalsherbergi fyrir námsráðgjafa, tengd almennri skrifstofu og biðstofu. Er staðsett á 3. hæð.</p>							
Sálfræðingur	1	10,6	1	10,6	0		0
<p>Viðtalsherbergi fyrir sálfræðing, tengd almennri skrifstofu og biðstofu. Er staðsett á 3. hæð.</p>							
Heilsugæsla	1	19	1	19	0		0
<p>Aðstaða fyrir hjúkrunarfræðing í tengslum við biðstofu og snyrtingu.</p>							
Viðtalsherbergi/fundarherbergi	1	10,7	1	10,7			
<p>Minni fundarherbergi til að taka á mót foreldrum, aðstaða fyrir sérfræðinga t.d. sálfræðinga og aðra sérfræðinga.</p>							
Gagnasmiðja	1	26	1	26	0		0

Vinnuherbergi tengt almennri skrifstofu, skrifstofu skólustjóra aðstoðarskólustjóra og vinnuherbergi kennara. Í þessu herbergi er vinnuborð, pappírsgeymsla, innbinding, röðun, pappírsskurður o.fl.. Er í vinnuherbergi.

Undirbúningsherbergi / vinnuherbergi	1	56,6	1	56,6	1	45	45
--------------------------------------	---	------	---	------	---	----	----

Vinnustofa með 15-20 vinnustöðvum. Í góðum tengslum við almenna skrifstofu og ljósritun. Í vinnstofu kennara þarf að vera símaafdrepp, vegna símaviðtalstíma

Snyrtingar, munaskápar, fatahengi, búningsherbergi
Snyrtingar og fatahengi kennara.

Samtals	14	287,2	13	231,2	0	3	106
----------------	----	-------	----	-------	---	---	-----

Eldhús og afgreiðsla

	fjöldi	m ²		m ²	m ²	fjöldi	m ²
Eldhús	1	31,6	1	55	55		
Kæliklefi	1	2,8					
Samtals		34,4					

Stoðrymi

	fjöldi	m ²		m ²	m ²	fjöldi	m ²
Snyrtingar							
Fatahengi, skógeymsla, skápar						1	50
Samtals	12	60,6					

Geymslur/ræsting

Samtals	10	81,5
----------------	----	------

Gangur

Samtals	739,7
----------------	-------

Samtals	4	881,8
----------------	---	-------

Nettó heild samtals	3654	1775
----------------------------	-------------	-------------

Íþróttahús

	fjöldi	m ²	fjöldi	m ²	m ²	fjöldi	m ²
Leikfimisalur 12 x 24 m.	1	168	1	168		1	
Almennur leikfimisalur með góðri lofthæð.							

Kennari	1	8	1	8	0	0
Rými fyrir leikfímkennara í tengslum við leikfímísalinn.						
Áhöld	1	17	1	17	0	0
Geymsla fyrir áhöld sem notuð eru í leikfímísalnum						
Skór og útiföt	0	0	1	0	0	0
Fata- og skógeymsla í tengslum við inngang í íþróttahúsnæðið. (Getur samnýst með öðrum fata- og skógeymslum í skólanum.)						
Útiáhöld	1	0	1	0		
Geymsla fyrir áhöld sem notuð eru í útileikjum						
Sjúkraherbergi og tæki	0	0	1	0	0	0
Herbergi með sjúkrabekk, þar sem hægt er að hlyna að slösuðum og sjúkum, í góðum tengslum við leikfímísal.						
Búningsaðstaða	0	0	0	0		
Vinnustofa með 15-20 vinnustöðvum. Í góðum tengslum við almenna skrifstofu og ljósritun. Í vinnstofu kennara þarf að vera símaafdrepp, vegna símaviðtalstíma						
Bað- og búningsklefar	1	31	1	31	0	0
Búningsklefar fyrir bæði kynin, tvisvar sinnum tveir klefar með snyrtingum og sturtum.						
Bað- og búningsklefar	1	18	1	18		0
Búningsklefar fyrir bæði kynin, tvisvar sinnum tveir klefar með snyrtingum og sturtum.						
Samtals	6	242	8	242	0	1
Nettó heild samtals						

25. maí 2020/GpB

Minnisblað með forsögn Langholtsskóla og Þróttheima

Frumkostnaðaráætlun

Unnin hefur verið forsögn vegna viðbyggingar og breytinga innanhúss í Langholtsskóla ásamt Þróttheimum, félagsmiðstöð. Forsögning er unnin af skipuðum starfhóp í samræmi við erindisbréf frá 21. október 2019. Lagt er til að viðbygging verði 1590 m² og breytingar innanhúss á núverandi húsnæði verði 620 m².

Kostnaður viðbyggingar er áætlaður um 1.070 m.kr. og kostnaður breytinga innanhúss 248 m.kr. á verðlagi í maí 2020

Rúnar Gunnarsson
deildastjóri Frumathugana mannvirkjagerðar

Langholtsskóli og Þróttheimar

Forsögn



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
Skóla- og frístundasvið
Júní 2020

Innihald

1. Lýsing verkefnis	3
1.1 Inngangur	3
1.2 Framtíðarsýn.....	3
1.3 Vistvæn hönnun	5
1.4 Nemendafjöldi	5
1.5 Undirbúningur	6
2. Núverandi aðstæður og þarfagreining	8
2.1 Námsvæði og frístundastarf	9
2.1.1 Almenn námsrými	9
2.1.2 Vísindasvæði	10
2.1.3 Textíl, smíði, myndmennt, heimilsfræði	10
2.1.4 Ýmsar smiðjur	11
2.1.5 Tónmennt	11
2.1.6 Skólasafn - Upplýsingaver	12
2.1.7 Stoðþjónusta.....	12
2.2 Félagsaðstaða	12
2.2.1 Fjölnotasalur	12
2.3 Félagsmiðstöð.....	13
2.4 Stjórnun	15
2.4.1 Skrifstofur, móttaka, biðstofa	15
2.4.2 Heilsugæsla	15
2.4.3 Umsjónarmanneskja húsnæðis.....	15
2.4.4 Fundar- og viðtalsherbergi.....	15
2.4.5 Undirbúningsherbergi og gagnasmiðja	16
2.4.6 Kaffistofa.....	16
2.4.7 Snyrtingar, munaskápar, fataherbergi, búningsherbergi	16
2.5 Eldhús	17
2.6 Stoðrymi	17
2.6.1 Snyrtingar	17
2.6.2 Fatahengi, skógeymslur, fataskápar	17
Anddyri	18
Annað	18
2.6 Íþróttahúsnæði.....	18
2.7 Lóð	19
Teikningar	19
3 Samantekt.....	23

1. Lýsing verkefnis

1.1 Inngangur

Langholtsskóli er einn af fjölmennustu grunnskólum Reykjavíkurborgar með 681 nemendum (1. október 2019). Það er mun fleiri en skólinn rúmar og eru nú 8 lausar kennslustofur við skólann og mikil þrengsl í list- og verkgreinum, í fjölnotasal/mötuneyti og íþróttum. Nemendur sækja frístundastarf í Þróttheima (5.-10 bekkur) og Glaðheima (1.-2. bekkur), staðsett við Holtaveg 11 og Dalheima (3.-4. bekkur), staðsett í Laugardal. Stefnt er að því að færa félagsmiðstöð fyrir 5.-10. bekk í skólann og að frístundaheimili fyrir 1.-4. bekk verði í Laugardal.

Samkvæmt nemendaspá mun börnum fækka aðeins á næstu árum í skólahverfinu, en þó ekki þannig að húsnæðið rúmi allan nemendafjöldann. Þarfagreining sýnir að þörf er á að byggja við skólann, bæði til að félagsmiðstöðin Þróttheimar fái aðstöðu í skólahúsnæðinu, og til að rúma áætlaðan fjölda nemenda. Auk þess sem þörf er á endurbótum á eldri byggingum og að uppfæra í samræmi við fjölbreytni í kennsluháttum og framtíðarsýn skólans um aukna teymiskennslu¹.

Starfshópurinn mælir með því að byggja við á suðaustur horni lóðarinnar í tengslum við B-álmú og matsal.

1.2 Framtíðarsýn

Í Langholtsskóla eru miklar væntingar fyrir hönd nemenda og gerðar kröfur um faglegt og árangursríkt skólastarf. Leitast við að koma til móts við nemendur með fjölbreyttum kennsluháttum og vali á viðfangsefnum. Áhersla er lögð á að skapa jákvæðan skólabrag þar sem öllum líður vel. Einkunnarorð skólans, virðing – vellíðan – skapandi skólastarf, endurspeglar meginstefnumið skólans.

Langholtsskóli er lifandi lærdómssamfélag þar sem þróunarstarf er í hávegum haft. Lögð er áhersla á að koma til móts við sérhvern einstakling í námi og stuðla að vellíðan, virkni og þátttöku nemenda í samfélaginu innan sem utan skólans. Áhersla er á teymisvinnu starfsmanna og teymiskennslu, skapandi starf, öfluga kennslu í list- og verkgreinum, útikennslu, íþróttaiðkun og hreyfingu, fjölbreytni í kennsluaðferðum og fjölmenningu í námi og er *Smiðjan í skapandi skólastarfi*² dæmi um nýbreytnistarf sem eftir er tekið og gengur út á að breytta kennsluhætti á unglingsstigi. *Smiðjan* fellur vel að vinnubrögðum framtíðarskólans og svarar vel kalli aðalnámskrár grunnskóla. Í smiðjunni er lögð áhersla á teymiskennslu, sameiginlega ábyrgð kennara á stærri hópum og vinnubrögð sem studd eru af margmiðlun og tækni. Við endurnýjun og nýbyggingar við Langholtsskóla þarf að huga að þróun skólastarfs í samræmi við það starf sem fer fram í *Smiðjunni*, hugmyndafræði teymisvinnu og teymiskennslu, sem og skólaþróun undanfarinna ára. Nútímaskólinn kallar á fjölbreytileika í húsnæði, t.d. klasastofur³, sameiginleg rými, lítil og stór, til að mæta fjölbreytni í vinnubrögðum og nálgun í námi – og námsaðstæðum nemenda.

¹ **Teymiskennsla:** Tveir eða fleiri kennarar eru samábyrgir fyrir einum árgangi, aldursblönduðum hópi, námsgrein eða námsgreinum. Kennarar undirbúa sig saman og kenna einnig að einhverju marki saman. Tveir eða fleiri kennarar leggja saman krafta sína, hæfileika, áhuga og bjargir og bera sameiginlega ábyrgð á kennslu í tilteknum nemendahópi (Main og Bryer, 2005).

² Sjá <https://www.smidjan.com/>

³ „**Klasar – klasastofur**“. Klasi eða þyrping kennslustofa. Gæti t.d. verið stór stofa sem rúmar heilan árgang sem er aðalvinnurými árgangsins með hliðarstofur með mismunandi húsbúnaði eða tækjum sem henta mismunandi hópum og verkefnum (dæmi í nýbyggðum Dalskóla í Úlfarsárdal). Klasinn þarf einnig að rúma vinnuaðstöðu kennara/starfsmanna.

Húsnæði Langholtsskóla og Próttheima þarf að vera sveigjanlegt og fjölbreytt til að geta mætt þörfum nútíðar og framtíðar. Það þarf að verið opið og mögulegt að nýta það á fjölbreyttan hátt, á sama tíma og hægt er að aðgangsstýra og nýta hluta hússins, án þess að hægt sé að fara um allt húsnæðið. Húsnæðið þarf að rúma skóla og félagsmiðstöð undir sama þaki og á að endurspeglar framtíðarsýn skóla og félagsmiðstöðvar, þar sem er samlegð og samnýting á rýmum. Starfsumhverfi bæði barna og starfsfólks þarf að vera aðlaðandi og starfsaðstæður góðar. Hugmyndir eru um að samtvinna vistvæna hönnun byggingarinnar og sjálfbærnimenntun í skólastarfinu.

Markmið félagsmiðstöðvarinnar Próttheima er að bjóða upp á heildstæða og faglega þjónustu þar sem uppeldisgildi frítímastarfs eru höfð að leiðarljósi. Í því felst að skapa umhverfi og aðstæður í frístundastarfi þar sem hægt er að þjálfa lykilfærni hjá börnum og unglingum með áherslu á samskiptafærni, félagsfærni, virkni og þátttöku ásamt styrkingu sjálfsmyndar (nánari greining á þörfum í kafla 2).

Félagsmiðstöðin býður upp á fjölbreytt viðfangsefni sem höfða til ólíkra barna og unglunga með mismunandi áhugasvið. Mikil áhersla er á unglingalýðræði, stuðning og hvatningu til virkni barna og unglunga í að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd.

Að auki er mikil áhersla lögð á fræðslu um ýmis málefni tengdum lífsleikni og má þar nefna fræðslu gegn fordómum, forvarnir gegn vímuefnum, stuðningur við jákvæða sjálfsmynd og margt fleira.

Félagsmiðstöðin er þátttakandi í samstarfi í hverfinu. Mikil áhersla er lögð á gott samstarf við foreldra/forráðamenn og alla þá aðila sem koma að uppeldismálum í hverfinu. Lögð er mikil áhersla á að félagsmiðstöðin sé sýnileg og opin þeim sem áhuga hafa á að kynna sér starfsemina. Þá eru haldnar ýmsar uppákomur og verkefni í samstafi við börn, foreldra, skóla og aðra samstarfsaðila í hverfinu.

Í þeirri vinnu sem nú er að hefjast er mest um vert að jafnræðis gæti milli barnanna í borginni – burtséð frá því hvort nemendur búi í nýju hverfi með nýjum skóla eða í rótgrónu hverfi með gömlum skóla. Því er rétt að vitna í Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 orðunum hér á undan til áréttingar.

Í skóla- og frístundastarfi borgarinnar starfar framsækið starfsfólk sem rýnir í starfsaðferðir, vinnur saman að sameiginlegum markmiðum og tileinkar sér nýja starfs- og kennsluhætti...

...búa þau [börnin] undir virka þátttöku í fjölmennings- og fjölþjóðlegu lýðræðissamfélagi sem tekur örum breytingum.

...Til þess að það takist þarf að styðja faglegt frumkvæði starfsfólks, veita því rík tækifæri til starfsþróunar og markvissa ráðgjöf og handleiðslu í starfi.

Tryggja þarf að húsnæði og aðstaða til skóla- og frístundastarfs veiti fullnægjandi umgjörð um metnaðarfullt starf og stuðli að heilbrigði og vellíðan barna og starfsmanna. (Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030).

1.3 Vistvæn hönnun

Við undirbúning, hönnun, byggingu og rekstur bygginga Reykjavíkurborgar er áhersla lögð á umhverfissjónarmið. Fyrir liggur samþykkt frá borgarráði um að umhverfissvottunarkerfið Breeam skuli notað til að votta byggingar Reykjavíkurborgar. Við byggingu viðbygginga skal horft til þess markmiðs að byggingar nái stuðlinum Breeam excellent. Við endurbætur eldra húsnæðis eru ekki kröfur um vottun, en skal það gert á sem vistvænastan máta.

Mikilvægt er að unnið sé á markvissan hátt með vistvæni í hönnunarferlinu s.s. í stjórnun og skipulagi, með gerð lífsferilsgreininga, í efnisvali og að hugað sé að heilsu og vellíðan.

1.4 Nemendafjöldi

Langholtsskóli er einn af fjölmennustu grunnskólum Reykjavíkurborgar. Frá 2001 hefur nemendum fjölgað úr 524 í 685 (1.9.2018) og eru nú 681 talsins (1.10. 2019). Nemendur á yngsta stigi, 1.-4. bekk eru 254; miðstigi, 5.-7. bekk 247 og 176 nemendur á unglingsstigi, 8.-10. bekk.


Húsnæði skólans annar ekki þeim fjölda nemenda sem um ræðir. Sé miðað við fjölda lausra kennslustofa við skólann, má álíta að um 150-160 nemendum séu ofaukið. Þá er einungis gengið út frá fjölda almennra stofa, en ekki gert ráð fyrir annarri kennslu, starfsmannaaðstöðu, né aðstæðum fyrir aðra starfsemi í skólanum.

Samkvæmt spá um nemendafjölda mun nemendum fækka í Langholtsskóla á næstu árum. Spáin byggir á börnum fæddum 2018 og fyrr sem búa í hverfinu í dag. Engir uppbyggingarreitir eru innan skólahverfisins.

Taflan að neðan sýnir nemendaspá fyrir Langholtsskóla

	Raunfjöldi Nemendaspá					
	1.okt.19	2020-2021	2021-2022	2022-2023	2023-2024	2024-2025
Langholtsskóli	681	689	678	676	643	621

Á grafinu hér að neðan sést sögulegur fjöldi nemenda. Við greiningu á húsnæðisþörf Langholtsskóla í kafla 2 er miðað er við sögulegan fjölda frá árinu 1994, þegar vinna við einsetningu grunnskóla Reykjavíkur hófst.



1.5 Undirbúningur

Skilgreining á verkefninu

Með erindisbréfi dagsettu þann 21. október 2019 var óskað eftir greiningu og tillögum varðandi húsnæðisþörf fyrir skóla- og frístundastarf fyrir nemendur og unglinga í Langholtshverfi.

Skipaður var starfshópur með starfsfólki frá SFS, stjórnendum skóla- og frístundastarfs og deild frumathuganna mannvirkja á USK. Helstu verkefni hópsins eru:

- Að skoða núverandi húsakost.
- Greina húsnæðisþarfir miðað við nútíma skóla- og frístundastarf. Horfa sérstaklega til aðstöðu fyrir félagsmiðstöðina Þróttheimi í Langholtsskóla.
- Vinna forsögn og þarfagreiningu grunnskólans.
- Að leggja fram frumtillögur varðandi húsnæði sem hafi það að markmiði að tryggja farsælt og gott skóla- og frístundastarf í Langholtsskóla til framtíðar.

Starfshópurinn skipa:

Rúnar Gunnarsson, FruMan SFV

Soffía Vagnsdóttir, SFS

Daníel Benediktsson, SFS

Soffía Pálsdóttir, SFS

Haraldur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Kringlumýrar

Hreiðar Sigtryggsson, skólastjóri Langholtsskóla

Starfsmaður hópsins er: Gréta Þórsdóttir Björnsson FruMan SFV

Ráðgjafar hópsins voru

Sesselja Auður Eyjólfsdóttir, aðstoðarskólastjóri Langholtsskóla

Þórhildur Rafns Jónsdóttir, deildarstjóri unglíngastarfs Kringlumýri

Anna Kristín Sigurðardóttir, prófessor við menntavísindasvið Háskóla Íslands

Vinnuferli

Hópurinn hefur fundað reglulega og farið hefur verið í vettvangsferð í Langholtsskóla og Þrótttheima.

Hópurinn hefur aflað upplýsinga um tölulega greiningu á áætluðum nemendafjölda í skólanum í

fram tíðinni, unnið að þarfagreiningu fyrir skólann og skilgreint framtíðarsýn skóla- og

félagsmiðstöðvarstarfs . Einnig hefur hópurinn unnið að tillögum um mögulega stækkun skólans og

aðstöðu fyrir félagsmiðstöðina. Í vinnuferlinu var unnið út frá núverandi húsnæði skólans og þörf fyrir

aukið varanlegt húsrými.

2. Núverandi aðstæður og þarfagreining



Núverandi aðstæður

Skóli

Langholtsskóli er heildstæður skóli fyrir 1.-10 bekk, staðsettur austast í Laugardal. Skólinn hóf starfsemi árið 1952 og hefur verið byggður í nokkrum áföngum. Fyrsti áfanginn var A-álma sem er teiknuð af Einari Sveinssyni og var stækkuð 1961-63. Einar teiknaði einnig B-álmu sem var byggð á árunum 1965-67. Fjórði áfangi, (C-álma) teiknuð af Gunnari Hanssyni, var byggður 1975-77. 2003 var fjölnotasal. Árið 2004 var fjölnotasalur byggður við skólann, teiknaður af Arkþing. Á síðustu árum hafa svo bæst við færarlegar kennslustofur á lóð og eru þær sem stendur 8 talsins. Heildarstærð Langholtsskóla með íþróttahúsi er 6614,6 m², auk 574,8 m² í færarlegum kennslustofum. Skólalóð Langholtsskóla er 2,2 ha.

Frístundastarf

Frístundaheimili barna í 1.-2 bekk (Glaðheimar) og félagsmiðstöð barna í 5.- 10. bekk er staðsett í Próttheimum við Holtavegi 11. Frístundastarf barna í 3.-4. bekk er í safnfrístundaheimilinu Dalheimum, sem er staðsett í Laugardal og er það einnig fyrir nemendur í 3.-4. í Laugarnesskóla. Heildarstærð Próttheima er 799 m². Heildarstærð lóðar við Próttheima er 2429 m². Opið borgarland er við hlið Próttheima og er það notað í frístundastarfi. Heildarstærð lóðar er því ekki réttvísandi fyrir landnotkun. Samanber erindisbréf skal horft sérstaklega til þess að hætt verði að nota húsnæðið að Holtavegi 11 undir frístundastarf.

Þarfagreining

Húsnæði Langholtsskóla annar ekki þeim fjölda nemenda sem sækja skólann og hentar ekki stefnu skólans um teymiskennslu. Til þess að leysa úr þörf fyrir aðstöðu skólustarfs fyrir þann fjölda sem sækir Langholtsskóla, og að mögulegt sé að flytja félagsmiðstöðina Þrótttheima undir sama þak og skólann, þarf að byggja við og endurskipuleggja núverandi húsnæði. Í forsögninni er ekki farið yfir viðhaldspörf byggingarinnar. Vert er að taka fram að ástandsúttekt byggingarinnar er í ferli og viðhaldspörf verður metin út frá henni.

Þegar húsnæðispörf skóla- og frístundastarfs eru metnar, er miðað við sögulegan fjölda nemenda og nemendaspá. Þörf fyrir skólahúsnæði er áætluð sem miðgildi sögulegs nemendafjölda, að viðbættum ca. 50 % af nemendum upp að hámarksnemendafjölda. Ekki er fyrirhuguð nein uppbygging í hverfi Langholtsskóla í náninni framtíð. Gert er ráð fyrir að komið sé fyrir tímabundnu húsnæði við skóla þegar fjöldi nemenda er í hámarki.

Í samræmi við ofangreint er gert ráð fyrir að húsnæði Langholtsskóla þurfi að rúma um 630 börn og 100 starfsmenn, hér af um 60 kennara. Til að rúma þennan fjölda þarf að byggja 1575 m² við núverandi húsnæði. Að auki þarf að breyta 620 m² af núverandi skólahúsnæði. Hér að neðan er nánari þarfagreining á rýmisþörf fyrir skóla- og frístundastarf til framtíðar.

ATH. Mögulegar breytingar á þjónustustigi félagsmiðstöðvarinnar Þrótttheima
Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir (2018 nr. 38 9. maí) 16. gr. leggja þá skyldu á herðar sveitafélaga að þau skulu bjóða fötluðum börnum og ungmönnum upp á frístundaþjónustu eftir að reglubundnum skóladegi þeirra lýkur. Þetta kallar á breytingar á þjónustu félagsmiðstöðva á þá vegu að félagsmiðstöðvar skulu bjóða börnum og unglingum í 5.-10. bekk þjónustu eftir að skóladegi líkur (alla virka daga frá ca. 14-17) og skólafrídögum allt árið um kring. Fjöldi þessara barna og unglinga eru í dag ca. 20 einstaklingar í Langholtsskóla og líklegt að svo verði áfram. Alltaf er gengið út frá því að þessi hópur taki þátt í því starfi sem er í gangi hverju sinni, en þarfir þessa hóps kallar á aukið sérhæft rými þar sem þau geta verið út af fyrir sig, ef þannig stendur á.

Starfshópur á vegum SFS vinnur nú að því að meta hvar eigi að bjóða einstaklingum með langvarandi stuðningsþarfir frístundaþjónustu. Ein af hugmyndum hópsins er að Þróttheimar taki við börnum með langvarandi stuðningsþarfir frá þremur skólum. Vinnu starfshópsins er ólukið og því ekki hægt að meta rýmisþarfir þessa starfs að svo stöddu. Taka skal rýmisþarfir skráðar í þessa forsögn með fyrirvara um að ekki er ákveðið hvar þessum hóp verður boðið upp á frístundaþjónustu. Rýmisþörf gæti því orðið meiri en gert er ráð fyrir á núverandi tímamarki.

2.1 Námsvæði og frístundastarf

2.1.1 Almenn námsrými

24 almennar kennslustofur eru í Langholtsskóla, flestar á bilinu 47 m²-55 m², en fjórar 81 m² á 2. hæð í B-álmu. Engin lyfta er upp á 2. hæð í B álmu og ekki aðgengi fyrir alla. Kennslustofur Langholtsskóla eru mjög hefðbundnar, eitt rými með töflu fyrir enda, lokaðar fram á gang og lokað á milli þeirra innbyrðis. Stofurnar henta ekki vel teymiskennslu og nútíma kennsluháttum. Eitt teymiskennslu rými er í skólanum í risinu á 3. hæð og er það nýtt fyrir 1. bekk, sem uppfyllir vel kröfur um skipulag húsnæðis sem hentar nútímalegum kennsluháttum.

8 færnanlegar kennslustofur eru við Langholtsskóla sem nýttar eru til almennrar kennslu.

Þarfagreining

Fjölga þarf almennum kennslurýmum. Gera skal ráð fyrir tveim árgöngum í nýja viðbyggingu, gjarnan í tengslum við kennslustofur á 2. hæð, B - álmu.

Í nýbyggingunni skal gera ráð fyrir „klasa“ stofu þar sem hver árgangur, eða hvert námsstig, á sitt heimasvæði. Hvert heimasvæði þarf að hafa nokkur aflokuð rými eða a.m.k. 2 þar sem hægt er að vinna í minni hópum. Það þarf að vera sjónræn tengin á milli stærri og minni rýma, t.d. með gluggum og glerveggjum. Það þarf að vera hægt að opna og loka á milli eftir þörfum. Hugsa má umferðarsvæði og opin svæði sem hluta af námssvæðum. Gera þarf ráð fyrir að hægt sé að stúka sundur stærri rými með skilrúmum og léttum innréttingum. Húsgögn skulu vera fjölbreytt og færanleg og hægt að mynda svæði af ýmsum toga. Í námsrýmum skal gert ráð fyrir að hver nemandi hafi sína aðstöðu, t.d. fyrir tösku.

Stoðþjónusta og sérkennsla hefði aðgang að svæðum innan klasa til þess að geta veitt aðstoð strax í nærumhverfi barnsins.

Við hönnun klasa og þarf að gæta vel að hljóðvist og lýsingu.

Í nálægð við heimasvæði skulu vera snyrtingar og vinnuherbergi kennarateyma.

Gera þarf breytingar á innra skipulagi í hluta af núverandi húsnæði samhliða nýbyggingu og mynda „klasa“ eins og lýst er hér að ofan, í þeim mæli sem eldri byggingarstrúktur leyfir. T.d. með að opna á milli stofa með viðeigandi hljóðeinöngruðum millihurðum, breyta hluta almennra stofa og útbúa minni rými, þannig að bjóða megi hverjum klasa upp á mismunandi rými. Pláss þarf að vera til að vinna verkefni sem standa yfir í nokkurn tíma, sem ekki þarf að taka niður fyrir næstu kennslustund, t.d. tæknilego, módelsmíði o.s.fr.

Nauðsynlega þarf að bæta aðgengi að 2. hæð í B-álmu og að mögulegt verði að komast þangað með lyftu.

Áætlað er að einhverjum af núverandi almennum kennslustofum verði breytt í t.d. undirbúningsherbergi kennara og snyrtingar. Mikilvægt er að gæta hófs við endurskipulagninu og að ekki verði farið í breytingar nema af raunverulegri þörf.

Huga má að öðrum endurbótum á núverandi húsnæði, t.d. opna rými út á lóð á jarðhæð C-álmu – en þar eru timburpallar sem mætti nýta betur ef hægt væri að ganga beint út úr stofunum.

2.1.2 Vísindasvæði

Ágæt náttúrufræðistofa er í C-álmu skólans.

Þarfagreining

Áætlað er að stofan verði að mestu óbreytt. Náttúrufræðistofa er að hluta niðurgrafin. Æskilegt er að opna út á palla fyrir utan stofuna til að hægt sé að nýta útirými við kennslu.

Gróðurhúsi mætti koma upp út af náttúrufræðistofu.

2.1.3 Textíl, smíði, myndmennt, heimilsfræði

List- og verkgreinastofur eru á jarðhæð aðalbyggingar (A-álmu). Skólinn nær ekki að uppfylla skyldur sínar við nemendur um list- og verkgreinar samkvæmt viðmiðunarstundaskrá. Nemendur fá því nokkuð færri kennslustundir í hverri list- og verkgrein en verið hefur til að koma öllum nemendum að.

Þarfagreining

Ekki er gert ráð fyrir að breyta núverandi textíl-, smíða- myndmenntar- eða heimilsfræðistofu. Til að mæta þörf fyrir list- og verkgreinarými er áætlað að gera fjölnotasmíðjur. Miðað við

viðmiðunarstundarskrá og áætlaðan fjölda nemenda vantar um 40 stundir á viku í smiðju. Áætlað er að hægt sé að kenna um 35 kennslustundir í hverju smiðjurými á viku.

2.1.4 Ýmsar smiðjur

Málmur og fjölnotasmiðja eru einnig á jarðhæð, milli smíðastofu og myndmenntarstofu.

Lítið hljóðver og ljósmyndun er í fyrrum geymslum, þar sem lágt er til lofts. Rýmin eru að hluta til enn notuð sem geymslur.

Lítið „green screen“ horn er á gangi í kjallara skólans.

Þarfagreining

Fjölnotasmiðja / Verkstæði / Makerspace

Í nýbyggingu skal gert ráð fyrir fjölnota smiðju. Þetta rými samnýtist af skóla og félagsmiðstöð. Verkstæðið er ætlað fyrir fönður, málningarvinnu, hjólaviðgerðir eða gera búninga svo eitthvað sé nefnt. Það þarf að vera hægt að koma inn í þetta rými beint af skólalóðinni til dæmis með reiðhjól eða anna búnað sem þarfnast viðgerðar. Þetta er grófrými. Tilvalið rými til samnýtingar bæði fyrir skólann og íbúa hverfisins.

Snillismiðja - Fab-lab

Tengt nýjum heimasvæðum og/eða fjölnotasmiðju og félagsmiðstöð skal vera Fab-Lab / Snillismiðja, sem er tæknismiðja þar sem mögulegt er að koma hugmyndum í framkvæmd, með því að hanna og framleiða hluti með aðstoð stafrænnar tækni. Þar þarf að vera mögulegt að koma fyrir þrívíddarprentara, vínlyskera, laserskera, efnivið, svo og tölvum til að hanna og forrita. Þetta er ekki eins gróft rými og verkstæði.

Hljóð- og myndver

Mælt er með að koma upptökuherbergi og hvers kyns mynd- og hljóðvinnsluherbergi (green screen herbergi) nær snillismiðju og félagsmiðstöð. Gott væri að koma upp sameiginlegu vinnurými fyrir fjölnotasmiðju, snillismiðju, hljóð- og myndver, sértæku rýmin væru þá minni, út frá einskona miðju.

Áhugi er á að gera gróðurhús eða koma upp aðstöðu til að rækta grænmeti og kryddjurtir sem nýttast myndu í heimilisfræðikennslu, fyrir félagsmiðstöð og náttúrufræði.

2.1.5 Tónmennt

Ágætist tónmenntarstofa er á 2. hæð í austast A-álmu. Tónmenntarstofa er ekki í nálægð við sal og engin rými fyrir hljóðfærakennslu eru í tengslum við tónmennt. Einkakennsla á hljóðfæri fyrir nemendur skólahljómsveita fara fram í litlum kompum undir bókasafni.

Þarfagreining

Mælt er með því að flytja tónmenntarstofu nær fjölnotasal og að núverandi tónmenntarstofa fengi annað hlutverk, sem t.d. almenn kennslustofa.

Tónmenntastofa þarf að vera rúmgóð og björt. Tónmenntastofa þarf að geta haft hreyfisvæði, hefðbundið námssvæði (borð) og æfingasvæði. Hljóðvist þarf að vera góð og vel útfærð, þannig að tónlistaræfingar sem og framsögn trufli ekki aðra starfsemi. Gera þarf ráð fyrir vinnuástöðu fyrir tónlistarkennara til undirbúnings og samskipta við nemendur og forráðamenn. Einnig þarf að gera ráð fyrir geymslu fyrir hljóðfæri, tæki og gögn sem fylgja tónlistarnámi. Gera skal ráð fyrir þrem litlum hljóðeinangruðum rýmum, (um 8 m²) til einkakennslu á hljóðfæri, til upptöku o.fl. Æskilegt er að tónmenntastofan tengist fjölnotasal. Aðgengi þarf að vera að kennslustofum fyrir nemendur í

tónlistarnámi sem raskar ekki öðru starfi í skólanum og utan hefðbundins opnunartíma án þess að opna upp allan skólann.
Notkun rýma í kjallara verður aflögð, en nýta má rýmin til kennslu.

2.1.6 Skólasafn - Upplýsingaver

Ágæt stærð er á skólasafni / upplýsingaveri Langholtsskóla. Tölvuver er hluti upplýsingavers. Auk útlána bóka og námsgagna er bókasafnið vinnusvæði og gagnasmiðja fyrir nemendur og kennara. Á skólasafni er vinnuaðstaða þar sem nemendur og starfsmenn geta unnið í ró að ýmsum verkefnum. Loftgæðum á skólasafni og í kringum það er ábótavant.

Þarfagreining

*Gera þarf úttekt á skólasafni vegna loftgæða og ákveða úrbætur í samræmi við niðurstöður úttektar. Spilaherbergi/leskrókur
Hluti skólasafnsins má samnýta með félagsmiðstöð fyrir næðisrými. Það er mikilvægt að hafa afdrep fyrir börn og unglinga í félagsmiðstöð sem þurfa að geta dregið sig út úr aðstæðum og verið í rólegra rými þar sem hægt er að lesa og spila borðspil. Einnig þarf svona rými að rúma borð svo hægt sé að spila spunaspil/hlutverkaspil eins og Dungeons and dragons.*

2.1.7 Stoðþjónusta

Fjögur námsver eru í skólanum, þrjú sem sinna hvert einu stigi, auk hegðunarvers, þar sem þroskaþjálfar hafa aðstöðu sína. Hvert námsver rúmar 10-15 börn. Þar sem púsla þarf árgöngum eftir stærðum og húsnæði á hverju ári er ekki mögulegt að hafa námsver í tengslum við árganga/stig eins og æskilegt væri.

Í skólanum eru engin viðtalsherbergi fyrir sálfræðinga, talmeinafræðinga eða aðra sérfræðinga (t.d. frá Barnavernd) og reynast skrifstofur stjórnenda eina afdrepið fyrir viðtöl sérfræðinga við foreldra, nemendur eða aðra sem hlut eiga að máli.

Sérdeild fyrir nemendur með einhverfu starfar við skólann. Húsnæði deildarinnar hefur verið tekið í gegn eftir að mygla fannst í veggjum deildarinnar.

Þarfagreining

Námsver fyrir nemendur með sértæka náms- eða hegðunarerfiðleika sem þurfa tímabundið aðstöðu til náms í litlum hópi. Námsver skal tengja við svæði árganga/stig og getur farið fram í hópherbergjum sem eru við almennar kennslustofur Sjá meira undir almenn kennslurými. Aðstaða skal eftir fremsta megni vera í nærumhverfi nemenda, fyrir stoðþjónustu sérfræðinga.

Námsver í C-álmum verður óbreytt.

Mögulegt er að námsver í B – álmum verði notað sem stoðrými fyrir börn í frístundastarfi með langvarandi stuðningsþarfir.

Einnig er mikilvægt að aðstaða sé fyrir nýbúakennslu, sem nú er að hluta í námsveri í B-álmum.

2.2 Félagsaðstaða

2.2.1 Fjölnotalalur

Fjölnotalalur Langholtsskóla er rúmir 200 m² auk sviðs. Um 20-30 m² af salnum er upphækkun við bogadreginn útvegg, sem er mjög vannýtt svæði. Salur nýtist eingöngu sem matsalur frá 9:30 – 14.00. Hádegismatartíminn er fimmskiptur á tímabilinu 11.00-13.00, yngstu nemendurnir (1.-4. bekkur) fá 25 mínútur í matsal og aðrir 20 mínútur. Hljóðvist í salnum er afar ábótavant miðað við þann mikla fjölda sem þar fer um á degi hverjum. Erfitt er fyrir börn að eiga samskipti á matmálstíma.

Salnum er einnig ætlað að vera fjölnotasalur (leiklist, dans, samvera, önnur kennsla). Þar sem hann nýtist eingöngu undir mötuneyti frá 9:30 – 14.00 reynist salurinn ekki sá samkomustaður og félagsaðstaða sem nauðsynleg er fyrir nemendur skólans. Erfitt er að nýta hann fyrir kennslu eins og leiklist eða dans, nema snemma morguns eða síðdegis. Matsalurinn er nýttur til stærri funda, starfsmannafunda og er í raun eini fundarstaðurinn í húsinu fyrir utan almennar kennslustofur.

Parfagreining

Núverandi fjölnotasalur/matsalur

Salurinn verður áfram í fjölbreyttri notkun, mestmegnis sem matsalur frá 9:30-14:00 en nýtist í skólastarf og fyrir félagsmiðstöð þess fyrir utan, t.a.m. fyrir böll á kvöldin eða fyrir félagsmiðstöðvaropnanir. Í bogadregnum útvegg fjölnotasals er rými með upphækkuðum gólfleti sem er vannýtt. Auka mæti nýtingarflöt salarins með því að breyta þessu rými. Mikilvægt er að bæta hljóðvist í matsal.

Nýr fjölnotasalur / alrými

Í tengslum við núverandi fjölnotasal/matsal verði gerður fjölnotasalur sem einnig er alrými félagsmiðstöðvarinnar. Þar þarf að vera hægt að setjast niður í hópum, pláss fyrir borðtennisborð og aðstaða fyrir leiklist, dans, samveru og aðra kennslu. Það þarf að vera mögulegt að nota salinn að hluta til fyrir matsal í hádegi, svo fleiri rýmist í matartíma og börn hafi lengri tíma til að matast. Jákvætt er ef hægt er að opna á milli salanna og nýta sem stærri sal við sérstök tilefni. Mögulega má flytja svið og finna því stað í nýjum fjölnotasal.

Upplagt væri ef nýta mætti þetta rými fyrir íbúa hverfisins fyrir fundi og minni samkomur utan opnunartíma félagsmiðstöðvarinnar.

Geymsla

Engin geymsla er við sal og svið. Gera þarf ráð fyrir geymslu t.a.m. fyrir stóla og borð, sem og munum tengdum sviði til að salur nýtist sem best. Mögulega samnýtt með geymslu félagsmiðstöðvar.

2.3 Félagsmiðstöð

Húsnæði við Holtaveg 11

Gengið er inn um sameiginlegt anddyri á jarðhæð og tröppur liggja upp á efri hæð þar sem rými félagsmiðstöðvarinnar er. Lítið pláss er fyrr skó, yfirhafnir og töskur.

Aðalrými, sem er 89 m², er í fjölbreyttri notkun og rúmar m.a. annars svið, borðtennisborð, sófakrók. Minna aðalrými, 58,4 m², er m.a. undir sjónvarp, playstation og billiard. Bæði þessi herbergi eru í góðri stærð. Listasmiðja er mjög lítil og töluvert af plássinu fer undir efnisgeymslu, sem háir starfinu. Einnig er vandasamt að geyma efni, sem börn eiga ekki að komast í. Við hlið listasmiðju er stúdíó sem einnig er lítið en rúmar ágætlega þá starfsemi. Eldhús er notað af starfsfólki frístundaheimilis til að framreiða hressingu fyrir börn í 1.-2. bekk og af börnum og unglingum í félagsmiðstöðinni. Matsalur er sameiginlegur fyrir frístundaheimili og félagsheimili. Matsalur nýtist félagsmiðstöð eingöngu þegar frístundaheimili er lokað. Skrifstofa er einnig notuð sem fundaraðstaða, sem nýtist í trúnaðarsamtöl. Á gangi við skrifstofu er setukrókur og eina „næðisafdrepp“ félagsmiðstöðvarinnar.

Þjónustan sem Þróttheimar veitir

Félagsmiðstöðin Þróttheimar þjónustar 425 börn og unglunga úr 5.-10. bekk Langholtsskóla. Þjónustan sem Þróttheimar veita er skipt í starf fyrir miðstig (5.-7. bekk) og unglingastig (8.-10. bekk). Miðstigsstarfið er þrjú daga vikunnar frá kl. 14.00 til 18.30 og gera má ráð fyrir 40-60 börnum í starfinu á þessum tíma. Unglingastarfið skiptist í dag- og kvöldstarf, viðburði og sumarstarf. Dagstarfið fer fram alla daga frá 14:00 til 18:30 og gera má ráð fyrir 50-80 unglungum í því starfi. Kvöldstarfið fer fram þrjú kvöld í viku og gera má ráð fyrir 50-70 unglungum í það starf hverju sinni. Þróttheimar eru í dag í sérhúsnæði að Holtavegi 11 í samnýtingu með frístundaheimilinu Glaðheimum. Þróttheimar hafa 198,4 m² fyrir sig og eru að samnýta 131,2 m² með Glaðheimum. Sú samnýting gengur misvel á dagtíma þegar starfsemi beggja er í gangi.

Þarfagreining

Almennt um rými félagsmiðstöðvar

Skóli og félagsmiðstöð nýta að sem mestu leyti rými saman.

Mikilvægt er að inngangur félagsmiðstöðvarinnar opni ekki á annað rými skólans. Starfsemin kallar á fjölbreytt rými, bæði stærri herbergi og minni til að þjónusta fjölbreyttan hóp barna og unglunga.

Mikilvægt er að hægt sé að hafa góða yfirsýni yfir svæði félagsmiðstöðvarinnar t.d. með gluggum á milli rýma.

2.3.1 Afþreyingarrými

Í afþreyingarrými þarf að vera pláss fyrir poolborð, foosball, pílukast, þythokky og sófa. Það þarf að vera gott pláss til að fara í hina ýmsu leiki ásamt því að geta setið saman í hópum og notið þess að vera saman.

2.3.2 Eldhús

Eldhúsið þarf að vera í sérrými með auðveldri tengingu við alrýmið og þarf að hafa góða vinnuáðstöðu fyrir einfalda eldamennsku/bakstur með allavega tvö borð fyrir ca. 10 manns. Inni í eldhúsinu skapast stemning sem sjaldan myndast annarsstaðar í húsinu (líkt og heima hjá fólk, viljum halda í heimilislega stemningu). Mikið af hópastarfi fer fram inni í eldhúsinu og því mikilvægt að geta myndað rólegt andrúmsloft sem hægt er að loka af. Eldhúsið þarf að vera nálægt salnum svo að hægt sé að nýta það sem sjoppu þegar þarf.

2.3.3 Sjónvarpsherbergi

Sér herbergi fyrir ps4, sjónvarp og aðrar leikjatölvur. Rýmið þarf að vera huggulegt.

2.3.4 Skrifstofa og vinnurými

Skrifstofa forstöðumanns, með yfirsýn yfir inngang og sem mest af félagsmiðstöð. Notaleg og nýttist fyrir trúnaðarsamtöl. Önnur vinnurými starfsfólks félagsmiðstöðvar eru samnýtt, sjá kafla 2.4.

2.3.5 Sértæk rými fyrir börn með langvarandi stuðningsþarfir

Í félagsmiðstöðinni þarf sértæk rými fyrir börn með fötlun og þá sérstaklega einhverfu eins og fram kemur hér fyrir ofan (Kap. 2 – Mögulegar breytingar á þjónustustigi Þróttheima). Þar sem boðið er upp á félagsmiðstöðvarstarf fyrir einhverf börn og unglunga er mikilvægt að hafa nokkur atriði í huga. Algeng fylgiröskun einhverfu er skynúrvinnsluvandi sem gerir það að verkum að einstaklingar geta verið afar næmir fyrir hljóð- og sjónáreitum. Vond hljóðvist sbr. bergmál, kliður og læti sem og slæm lýsing geta valdið einstaklingum raunverulegum sársauka. Öll rými þurfa því að hafa góða hljóðvist og lýsing má ekki vera of skær eða flöktandi. Félagsmiðstöð þarf einnig að geta boðið börnum og unglinum upp á afmörkuð rými þar sem hægt er að t.d. spila, lesa og spjalla saman án þess að verða fyrir stöðugu áreiti annarra sökum umgangs eða hávaða. Afmörkuð herbergi væri því góður kostur

ásamt stærri rýmum/sal. Í frístundastarfi sem starfrækt er fyrir fötluð börn og unginga er almennt gert ráð fyrir þrisvar sinnum stærra rými en fyrir ófötluð börn. Allt rými félagsmiðstöðvarinnar þarf að henta þeim sem þangað sækja þjónustu.

2.2.1 Geymsla

Í tengslum við félagsmiðstöð þarf að vera geymsla fyrir húsgögn, árstíðabundið dót og annað sem ekki er í stöðugri notkun. Gjarnan samnýtt með geymslu fyrir fjölnotasal.

2.4 Stjórnun

Aðstaða starfsfólks s.s. kaffistofa, búningsherbergi, fundarherbergi o.s.fr. er sameiginleg fyrir starfsfólk skóla- og frístundarstarfs.

2.4.1 Skrifstofur, móttaka, biðstofa

Deildarstjórar og verkefnastjórar rúmast illa á skrifstofum eins og þær eru í dag, auk þess sem aðgengi er ábótavant. Á nokkrum stöðum eru hurðarop ekki nógu breið, t.d. hjá stjórnendum skólans. Fundarherbergi við hlið skrifstofu skólastjóra hefur verið nýtt sem skrifstofa og vinnurými fyrir verkefnastjóra, herbergið er gluggalaust og loftgæði ekki góð.

Ágæt aðstaða er fyrir námsráðgjafa.

Þarfagreining

Fundarherbergi, sem notað hefur verið fyrir starfsfólk vegna plássleysis, má færa aftur til fyrri nota. Athuga þarf loftgæði í fundarherberginu. Auk þess sem má breyta almennri stofu sem er við hlið kennaraaðstöðu og nýta að hluta sem fundarherbergi. Mögulega má gera fundarherbergi í umferðarrými sem tengir A-álmú og sal.

Gert er ráð fyrir að núverandi skrifstofur verði áfram nýttar, auk þess sem að hluti núverandi vinnurýmis A-álmú verði opin skrifstofuaðstaða fyrir millistjórnendur og sérfræðinga.

Skrifstofa skólastjóra – Óbreytt, en hurð skal gerð aðgengileg hjólastólum.

Skrifstofa aðstoðarskólastjóra – Óbreytt, en hurð skal gerð aðgengileg hjólastólum.

Námsráðgjafi – óbreytt.

2.4.2 Heilsugæsla

Ágæt aðstaða er fyrir hjúkrunarfræðing í vesturhluta A-álmú.

Þarfagreining

Heilsugæsla verður óbreytt.

2.4.3 Umsjónarmanneskja húsnæðis

Ágæt aðstaða er fyrir umsjónarmanneskju húsnæðis í vesturhluta A-álmú, við anddyri.

Þarfagreining

Aðstaða umsjónarmanneskju húsnæðis verður óbreytt.

2.4.4 Fundar- og viðtalsherbergi

Ekkert fundarherbergi er í skólanum og því eru fundir ýmist haldnir á skrifstofu skólastjóra, herbergi inn af skrifstofu deildarstjóra, sem hvorugt rúmar marga í einu, eða í kennslustofum, þegar því er við komið.

Þarfagreining

Útbúa þarf fundarherbergi sem henta annars vegar fyrir minni fundi eða einkasamtöl (t.d. við foreldra/nemanda) og hins vegar fyrir stærri fundi (10-20 manns). T.d. tvö stærri fundarherbergi, annað í tengslum við starfsmannaáðstöðu, sem nýtist til dæmis fyrir stjórnendur, hitt í tengslum við félagsmiðstöð, sem nýtist t.d. fyrir fundi nemendaráðs og starfsfólk félagsmiðstöðvar. Þá þarf tvö minni fundar- og viðtalsherbergi sem nýtast einnig fyrir sálfræðinga, talmeinafræðing, félagsráðgjafa og aðra sérfræðinga.

2.4.5 Undirbúningsherbergi og gagnasmiðja

Ekki er nægjanleg vinnuástaða fyrir kennara og aðra starfsmenn. Í Langholtsskóla starfa milli 50 og 60 kennarar í dag. Í sameiginlegri vinnustofu, sem er 54,1 m², er rými fyrir 8-12 manns í einu, og er þar einnig gagnasmiðja fyrir undirbúningsstarf.

Þarfagreining

Vinnuástöðu kennara og starfsmanna (s.s. stuðningsfulltrúa, sálfræðinga og annarra sérfræðinga) verður dreift um skólann og komið fyrir í tengslum við almenn kennslurými. Dagsbirta skal vera í vinnurýmum.

Gert er ráð fyrir að áfram verði vinnuástaða kennara þar sem undirbúningsherbergi er í dag. Kennslustofu á 2. hæð verði að hluta breytt í undirbúningsrými, auk þess að undirbúningsrými verði í nýrri viðbyggingu. Gjarnan má skapa tengsl með gluggum eða glerveggjum fram í annað rými eða fram á gang frá undirbúningsherbergjum. Starfsmannafjöldi sem hefur afnot af hverju rými er um 20-25 (ekki endilega á sama tíma). Ástaðan gæti verið í formi rýmis með fundarborði fyrir um 6-7 manns og vinnuborðum.

Gert er ráð fyrir að gagnasmiðja verði áfram á sama stað.

2.4.6 Kaffistofa

Ástaða fyrir starfsfólk rúmar ekki starfsmannahópin, sem telur um 100 starfsmenn. Einungis hluti starfsmanna rúmast á kaffistofu í einu. Fatahengi og önnur ástaða, svo sem salerni eru af skornum skammti. Flestir starfsmenn eru í 100% starfi. Kaffistofa starfsfólks, sem einnig inniheldur fatageymslu, skápa og eldhúsinnréttingu, er 87 m². Frímínútur eru mismunandi eftir stigum. Starfsmannahópurinn er því aldrei allur á sama tíma í hléi, heldur dreifist eftir því á hvaða aldurstigi starfsmenn vinna.

Þarfagreining

Gert er ráð fyrir að kaffistofa verði áfram á sama stað, en að munaskapar og fatahengi verði fært annað og innra skipulag kaffistofunnar verði endurskoðað. Kaffistofan er ástaða starfsfólks til hressingar og hvíldar. Þar þarf að vera innrétting (vaskur, kæling og upphitun matvæla) með geymsluástöðu fyrir leirtau og drykki og matvæli sem starfsmenn taka með sér að heiman. Starfsfólk þarf að geta matast við borð og sest niður í ró og næði. Á kaffistofu má gjarnan vera „kaffihúsastemmning“. Hún þarf að vera björt og rúmgóð og möguleiki á fundarhaldi. Gott væri ef hægt sé að hólfa stofuna niður ef svo ber undir, helmingur starfsmanna á fundi og helmingur í kaffi.

2.4.7 Snyrtingar, munaskápar, fataherbergi, búningsherbergi

Fatahengi og munaskápar eru á kaffistofu. Engin skipti- eða búningsástaða er fyrir starfsfólk og ekki sturtuástaða. 6 snyrtingar eru fyrir kennara. Þar af ein fyrir fatlaða, sem einnig er ætluð nemendum.

Þarfagreining

Gert skal ráð fyrir að fataherbergi og munaskápar verði færðir úr kaffistofu. Í tengslum við starfsmannaðstöðu skulu vera læst munahólf fyrir persónulega muni starfsmanna, ásamt fatahengi og skóhirslu. Aðstaða fyrir starfsfólk með bekkjum, fataskápum, fatahengi, skóhillum og munaskápum. Munaskapar og fatahengi geti verið í eldri byggingu eða nýbyggingu. Mögulega má koma fatahengi og munaskápum fyrir í umferðarrými sem tengir A-álmu við sal. Mikilvægt er að fatahengi og munaskápar verði staðsett þar sem allir eiga leið um, eins og á við um kaffistofuna.

Útbúa skal búningsherbergi með sturtu fyrir starfsfólk. Mögulega má koma búningsherbergjum fyrir þar sem nú eru hljóðver og ljósmyndun.

2.5 Eldhús

Mötuneyti er starfrækt við skólann sem framreiðir um 730-750 matarskammta í hverju hádegi. Þar af um 660 fyrir nemendur í áskrift og bróðurpart starfsmannahópsins sem telur um 100 manns.

Eldhúsið er lítið og erfitt er að anna núverandi fjölda nemenda og auknum kröfum sem gerðar eru til mötuneyta skóla, t.a.m. um að börn hafi val um rétti. Ekki er möguleiki á slíku í núverandi eldhúsi. Geymslur eru þökkalegar og fyrirhugaðar eru endurbætur á kæli- og frystisklefum í eldhúsinu.

Aðstaða starfsmanna mötuneytisins eru bágborin, eitt salerni, litlir munaskápar og einn fataskápur. Dálítil skonsa er notuð sem afdrep og kaffistofa starfsmanna í eldhúsi. Engin sturta er í tengslum við mötuneyti – sem gott væri hreinlætis vegna og til að bregðast við slysum (s.s. vegna bruna).

Þarfagreining

Stækka þarf eldhús til að anna núverandi fjölda nemenda og auknum kröfum sem gerðar eru til mötuneyta skóla. Byggja þarf eldhús í samræmi við hugmyndir Reykjavíkurborgar um að börn hafi val um rétti.

Bæta þarf aðstöðu starfsfólks eldhúss.

2.6 Stoðrymi

2.6.1 Snyrtingar

Fáar snyrtingar eru í A-álmú skólans og litlar. Einungis tvær snyrtingar eru gerðar í samræmi við algilda hönnun.

Þarfagreining

Bæta þarf við snyrtingum í eldri hluta skólans, sérstaklega í A-álmú. Í viðbyggingu skulu vera snyrtingar í nálægð við ný heimasvæði og félagsmiðstöð. Gera þarf ráð fyrir kynlausri salernisaðstöðu sem er alveg aflokuð og salerni fyrir einstaklinga með fötlun.

2.6.2 Fatahengi, skógeymslur, fataskápar

Ekki eru næg fatahengi, skógeymslur og skápar fyrir nemendur.

Þarfagreining

Samnýting skal vera á fatahengjum, skógeymslum og nemendaskápum fyrir skóla og félagsmiðstöð og mögulegt að nýta fatahengi þegar félagsmiðstöð er opin, á sama tíma og önnur rými skólans eru lokuð.

Anddyri

Litlar eða engar merkingar eru í skólanum sem vísa á t.a.m. hvar afgreiðslu og starfsmanna- og kennarastofu er að finna.

Þarfagreining

Bæta þarf merkingar við innganga skólans.

Annað

Aðgengi

Aðgengi fyrir fatlaða er ábótavant, fá salerni þar sem fatlaðir komast að, engin lyfta í B-álmum og börn í hjólastól komast ekki í sérdeild. Langholtsskóli er ekki byggður fyrir fólk (börn/starfsfólk/foreldra) með líkamlega fötlun. Mikilvægt er að huga að aðgengi fatlaðra í öllum endurbótum og nýbyggingum við skólann. Það er engin rafmagnsopnun þannig að fólk sem hefur ekki kraft eða getu til að opna þungar gamlar hurðirnar geta það ekki nema fá utanaðkomandi aðstoð.

Þarfagreining

Aðgangsstýring.

Mögulegt þarf að vera að hafa opið í félagsmiðstöð þó önnur rými skólans séu lokað

Umferðarrými

Svæði sem tengir austurhluta elsta hluta Langholtsskóla, B- álmum, fjölnotasal og C- álmum er mjög vannýtt rými. Breyta þarf innra skipulagi og endurhugsa þetta svæði í tengslum við viðbyggingu og breytingar í skólanum.

Aðgengi fyrir alla

Mikilvægt er meta núverandi húsnæði út frá aðgengi fatlaðra (skóli án aðgreiningar) og bæta aðgengi fatlaðra svoleiðis að allir hafi jafnt aðgengi um allan skólann, t.a.m. fjölga salernum þar sem fatlaðir komast að, bæta við lyftu í B-álmum og víkka hurðarop, t.d. hjá stjórnendum skólans. Bæta þarf við rafmagnsopnun þannig að fólk sem hefur ekki kraft eða getu til að opna þungar gamlar hurðirnar geti komið inn án utanaðkomandi aðstoðar. Tryggja þarf að allir (starfsfólk, nemendur, foreldrar o.s.fr) eigi eins greiðan aðgang um skólann og kostur er.

2.6 Íþróttahúsnæði

Við skólann er lítið íþróttahús sem komið er til ára sinna. Íþróttahúsið annar ekki kennslu í íþróttum. Nemendur í 1.-4. bekk sækja báða íþróttatíma sína í íþróttahús skólans. 5.-7. bekkur sækir annan íþróttatíma af tveimur í íþróttasalinn en hinn í íþróttahús TBR við Glæsibæ. Nemendur í 8.-10. bekk sækja báða íþróttatíma sína í íþróttahús TBR. Kennslustundir í íþróttum eru alls 70 talsins, þar af 42 stundir í íþróttahúsi skólans og 28 í TBR.

Skólastjórn telur að töluvert óhagræði sé af sækja íþróttatíma utan skólans þar sem það tekur nemendur um 15-20 mínútur að komast á milli húsa og gera sig klára fyrir þátttöku í íþróttatímum í TBR og sama tíma að komast til baka. Það þarf því að gera ráð fyrir 80 mínútum fyrir hverjar 40 mínútur í íþróttum í TBR. Samnýting á íþróttahúsi TBR gengur nokkuð vel fyrir utan þann tíma sem þarf til viðbótar til að komast á milli staða. Íþróttahús er þétt setið.

Sundkennsla fer fram í sundlauginni í Laugardal. Skólastjórnendur benda á að upphækkunlegur botn innisundlaugar er oft bilaður og því ekki hægt að kenna ósyndum börnum í þeirri laug og erfitt er að kenna nemendum á köldum vetrardögum úti í Laugardalslaug.

Þarfagreining

Samkvæmt upplýsingum frá ÍTR stendur nú yfir mikil vinna varðandi íþróttamannvirki í Laugardal m.a. varðandi Laugardalshöll, íþróttahús fyrir Þrótt og skólana í Laugardal og aðstöðu TBR. Því er ekki talið rétt á þessum tímapunkti að fara að huga að breytingum á íþróttahúsi við Langholtsskóla.

Ákjósanlegt er að aðstaða innan skólans t.d. í félagsrymum og á göngum bjóði upp á og hvetji til hreyfingar. Skapa má hreyfistöðvar eða lítil hreyfirými. Frístundastarf þarf aðgang að íþróttahúsi.

2.7 Lóð

Hjólastandar eru fáir á lóð skólans, engin yfirbyggð skýli til staðar og engin aðstaða ætluð fyrir hlaupahjól.

Þarfagreining

Bæta skal aðstöðu fyrir reiðhjól og önnur virk farartæki s.s. hlaupahjól. Til að uppfylla markmið Aðalskipulags Reykjavíkurborgar 2010-2030 þurfa að vera hjólstæði fyrir 20 % nemenda og starfsfólks og helmingur þeirra vera yfirbyggð. Hugað skal að því að hafa hjólstæði í tengslum við sem flesta innganga.

Teikningar

Skýringarmyndir sýna núverandi notkun Langholtsskóla. Færanlegar kennslustofur eru ekki með á skýringarmyndum.

Námsvæði og frístundastarf



- Almenn námsrými
- Námsver, sérkennsla
- Sérgræinastofur



Félagsaðstaða

- Eldhús
- Stjórnun



Stoðrymi

- Umferðarymi
- Snyrtingar, geymslur, ræstin
- Íþróttir






Skýringarmyndir sýna núverandi notkun þróttheima. Ólitað svæði á jarðhæð er notað af Glaðheimum.



3 Samantekt



Þörf er á að byggja 1590 m² í nýrri viðbyggingu og að endurskipuleggja og breyta um 620 m² í núverandi byggingu. Starfshópurinn mælir með að byggt verði í tengslum við B-álmu og fjölnotasal á suðaustur horni lóðarinnar. Á appelsínugulum reit (sjá skýringarmynd) er hægt að gera um 800 m² byggingarreit og byggja á tveimur hæðum.

Hægt er að tengja nýbyggingu á þessum stað við B álmu og bæta aðgengi, sem er sérlega ábótavant í B-álmu í dag. Rýmið gæti á auðveldan hátt tengst sal, sem félagsmiðstöð getur nýtt og einng væri mögulegt að endurskipuleggja stórt umferðarrými á 1. hæð, sem í dag er vannýtt.

Helstu áherslur við breytingar á núverandi húsnæði:

- Opna á milli kennslustofa bæði sjónrænt og með hurð. Mikilvægt er að passa upp á hljóðvist við þessa aðgerð. T.d. með einfaldri hurð og glugga til hliðar
- Mögulega gera sjónræna tengingu við umferðarrými
- Gera vinnurými fyrir kennara á 2. hæð í A-álmu
- Gera minni herbergi í einhverjum af eldri kennslustofum
- Bæta nýtingu á tengisvæði
- Lyftutengingu á 2. hæð B álmu

Helstu rými í nýbyggingu:

- Námsgæði / heimasvæði
- Félagsmiðstöð
- Vinnuástaða fyrir kennara
- Nýr fjölnotasalur, með tengingu við matsal
- Smíðjur og tónmenntaerbergi

Viðaukar og minnisblöð

Með þessari forögn fylgja húsrýmisáætlun og skýringarmynd auk minnisblað og viðauka

- Minnisblað með frumkostnaðaráætlun
- Húsrýmisáætlun
- Skýringarmynd sem sýnir mögulegar breytingar í núverandi byggingu og forsendur útreikninga á breytingaþörf.
- Viðauki 1 - minnisblað frá skóla- og frístundastjórnendum um samnýtingu.
- Viðauki 2 - tölvupóstur frá skrifstofustjóra ÍTR.
- Viðauki 3 - athugasemdir sem fylgja forögn.
- Viðauki 4 - athugasemdir vegna Skólahljómsveitar Austurbæjar

HÚSRÝMISÁÆTLUN FYRIR SKÓLA

Langholtsskóli 630 nemendur



	Fjöldi rýma nú	Núverandi staða húsnæðis	Fjöldi rýma eftir breytingu í núv. húsn.	m ² eftir breytingu í núv. húsnæði	Fjöldi rýma	m ² í nýbygginu	m ² af breytingum
	fjöldi	m ²	fjöldi	m ²	fjöldi	m ²	m ²
2.1 Námssvæði							
2.1.1 Almennt námsrými							
> Almennar kennslustofur	25	1776		1789,2			214,6
Kennslustofur, flestar á bilinu 47 m ² -55 m ² , fjórar 81 m ² . 1 teymiskennslurými.							
> Heimasvæði						385	
Opið rými fyrir tvo árganga, með minni lokanlegum fjölnota rýmum, hópaherbergi, geymslu og snyrtingum. Æskilegt að sé í góðum tengslum við vinnusvæði kennara.						400	
Hópaherbergi				52	1	35	
Geymslur					1	15	
Snyrtingar						25	
2.1.2 Vísindasvæði - náttúrufræðistofa	1	84	1	84	0	0	0
Náttúrufræðistofa er kennd í C álmu og verður áfram á sama stað. Hér hægt að opna út á palla fyrir utan.							4
2.1.3 Heimilsfræði	1	105,8	1	105,8	0	0	0
Sérgreinarými. Óbreytt.							

2.1.3 Textíl	1	75,3	1	75,3	0	0	0
Sérgreinarými með blautrými, geymslu og vinnurými kennara. Óbreytt.							
2.1.3 Smíði	1	126	1	126	0	0	0
Sérgreinarými með málun, rennibekki, vélarrými, efnisgeymslu og vinnurými kennara. Óbreytt.							
2.1.3 Myndlist	1	57,5	1	57,5	0	0	0
Sérgreinarými. Óbreytt.							
2.1.4 Ýmsar smiðjur							
> Málsmíði	1	28,8	1	28,8	0	0	0
Sérgreinarými í tengslum við smíðastofu. Óbreytt.							
> Fjölnotastofa	1	34,6	1	34,6	0	0	0
Sérgreinarými í tengslum við myndmenntarstofu. Óbreytt.							
> Hljóðblöndun		26,9					26,9
Lítið hljóðver er í fyrstum í geymslu. Breytt nýting á rými.							
> Ljósmyndun		20,9					20,9
Lítið hljóðver er í fyrstum í geymslu. Breytt nýting á rými.							
2.1.4 Snillismiðja					1	60	
Tæknismiðja tengt nýjum heimasvæðum og/eða fjölnotasmiðju og félagsmiðstöð. Þarf að vera mögulegt að koma fyrir þrívíddarprentara, vínyskera, laserskera, efnivið, svo og tölvum							
> Hljóðver						15	
Uppþöku- og hljóðvinnslurými, hluti af snillismiðju. Nálægð við tónmenntarstofu.							
> Myndver						15	
Green screen og myndvinnslurými, hluti af snillismiðju.							
2.1.4 Fjölnotasmiðja					1	80	

Verkstæðið er ætlað fyrir fönður, málningarvinnu, hjólaviðgerðir eða gera búninga svo eitthvað sé nefnt. Það þarf að vera hægt að koma inn í þetta rými beint af skólalóðinni t. d. með reiðhjól.

2.1.5 Tónmennt	1	66,4	0	0	1	90	66,4
Sérgreinarými. Hugmyndir eru um að færa tónmennt og tengja við félagsaðstöðu skólans. Stærra rými auk minni hljóðfærakennslurýma.							
>Hljóðfærakennsla	2	22,2	0				
Notkun á rýmum fyrir hljóðfærakennslu verður aflögð. Minni rými fyrir hljóðfærakennslu verða hluti af tónmenntarstofu.							
2.1.6 Skólasafn-upplýsingaver	1	189,1	1	189,1	0	0	0
Bókasafn og tölvuver. Nýta má hluta skólasafns með félagsmiðstöð.							
2.1.7 Stoðþjónusta, námsver	4	250,3		154,9	0	0	95,4
Námsver verða að hluta óbreytt. Stoðþjónusta skal vera í námunda við almenn námsrými.							
Sérdeild einhverfra		85,7		85,7			
Óbreytt.							
Samtals		2949,5		2782,9		635	424,2

2.2 Félagsaðstaða

	fjöldi	m ²	fjöldi	m ²	fjöldi	m ²	m ²
2.2.1 Fjölnotasalur / matsalur / alrými	1	244	1	244	1	180	40
Núverandi salur mest megnis fyrir mötuneyti, en í fjölbreyttri notkun utan þess tíma. Nýting óbreytt. Mögulega breytingar á innra skipulagi. Nýr fjölnotasalur og alrými félagsmiðstöðvarinnar í tengslum við núverandi sal. Hægt þarf að vera að setjast niður í hópum, aðstaða fyrir leiklist, dans, samveru og aðra kennslu. Mögulegt þarf að vera að nota salinn að hluta til fyrir matsal. Gott er ef hægt er að opna á milli sala og nýta sem stærri sal við sérstök tilefni.							

2.2.1 Svið og discobúr	72,1		49,1		0	25
Hluti af baksviði nýtt til að stækka eldhús. Mögulega má færa svið í nýjan fjölnotasal.						
2.2.1 Geymsla					30	
Geymsla tengd matsal og alrými, samnýting félagsmiðstöðvar og skóla.						
Samtals	316,1		293,1		210	65

2.3 Félagsmiðstöð

	fjöldi	m ²	fjöldi	m ²	fjöldi	m ²	m ²
2.3.1 Afþreyingarrými					1	55	
Þarf að vera pláss fyrir poolborð, foosball, pílukast, þithokky og sófa. Það þarf að vera gott pláss til að fara í hina ýmsu leiki ásamt því að geta setið saman í hópum og notið þess að vera saman.							
2.3.2 Eldhús í félagsmiðstöð					1	20	
Sér rými í tengslum við alrými félagsmiðstöðvar. Þarf að hafa vinnuaðstöðu fyrir einfalda eldamennsku/bakstur með allavega tvö borð sem rúmar ca. 10 manns.							
2.3.3 Sjónvarpsherbergi					1	25	
Hér þarf pláss fyrir sjónvarp og aðrar leikjatölvur. Rýmið þarf að vera huggulegt og ekki of stórt.							
2.3.4 Skrifstofa					1	12	
Skrifstofa forstöðumanns, með yfirsýn yfir inngang og sem mest af félagsmiðstöð.							
2.3.5 Börn með langvarandi stuðningsþarfir							
Ekki vitað á þessari stundu hver þörfin er.							
Samtals	0	0			112	0	

2.4 Stjórnun

	fjöldi	m ²	fjöldi	m ²	fjöldi	m ²	m ²
--	--------	----------------	--------	----------------	--------	----------------	----------------

2.4.1 Almenn skrifstofa, móttaka, biðstofa	1	35,6	1	22,3	0	0	13,3
Móttaka/biðstofa í tengslum skrifstofur skólastjóra og aðstoðarskólastjóra. Almenn skrifstofa fyrir (X) marga, t.d. aðstoðarskólastjóra, deildarstjóra o.s.fr.							
2.4.1 Skrifstofa skólastjóra	1	14,2	1	14,2	0	0	0
Skrifstofa tengd almennri skrifstofu og fundaraðstöðu.							
2.4.1 Skrifstofa aðstoðarskólastjóra	1	11,7	1	11,7	0	0	0
Skrifstofa tengd almennri skrifstofu og fundaraðstöðu.							
2.4.1 Skrifstofa deildarstjóra	2	23,2	2	23,2	0	0	0
Skrifstofa tengd almennri skrifstofu og fundaraðstöðu.							
2.4.1 Námsráðgjafi	1	12,9	1	12,9	0	0	0
Viðtalsherbergi fyrir námsráðgjafa, tengd almennri skrifstofu og biðstofu.							
2.4.2 Heilsugæsla	1	19,7	1	19,7	0	0	0
Aðstaða fyrir hjúkrunarfræðing í tengslum við biðstofu og snyrtingu.							
2.4.3 Umsjónarmaður		26,5		26,5	0	0	0
Afdrep og skrifstofa fyrir húsvörð í tenglum við skrifstofur og góða yfirsýn yfir aðalinngang og umferðarrými.							
2.4.4 Fundarherbergi		0	1	25	1	30	0
Fundarherbergi fyrir 10 - 12 manns, tengt móttöku og biðstofu							
2.4.4 Viðtalsherbergi		0	1	13,3	1	15	13,3
Minni fundarherbergi til að taka á móti foreldrum, aðstaða fyrir sérfræðinga t.d. sálfræðinga og aðra sérfræðinga.							

2.4.5 Gagnasmiðja	0	0	0	0	0	0	0
Vinnuherbergi tengt almennri skrifstofu, skrifstofu skólastjóra aðstoðarskólastjóra og vinnuherbergi kennara. Í þessu herbergi er vinnuborð, pappírsgeymsla, innbinding, röðun, pappírsskurður o.fl.. Er í vinnuherbergi.							
2.4.5 Undirbúningsherbergi / vinnuherbergi	1	54,1	101,7		45		0
Vinnustofa með 15-20 vinnustöðvum. Í góðum tengslum við almenna skrifstofu og ljósritun. Í vinnstofu kennara þarf að vera símaafdrepp, vegna símaviðtalstíma							
2.4.6 Kaffistofa	1	87,5	87,5	0	0		0
Kaffi- og setustofa starfsfólks, eldhúsinnrétting og aðstaða til að framreiða mat. Í góðum tengslum snyrtinga. Gjarnan í tengslum við vinnuáðstöðu kennara og starfsfólks.							
2.4.7 Snyrtingar, munaskápar, fatahengi, búningsherbergi			47,8				
Færa skal munaskápa og fatahengi úf kaffistofu og koma því fyrir í nálægð við kaffistofu. Koma skal upp búningsaðstöðu með sturtu, t.d. í kjallara þar sem nú er hljóðver.							
Samtals		285,4	405,8		90		26,6
2.5 Eldhús							
	fjöldi	m ²	fjöldi	m ²	fjöldi	m ²	m ²
		77,3		102,3			0
Samtals		77,3		102,3			0
2.6 Stoðrymi							
	fjöldi	m ²	fjöldi	m ²	fjöldi	m ²	m ²
2.6.1 Snyrtingar		179,1		203,1		13	
Fjölga þarf við snyrtingum í eldri hluta skólans, sérstaklega í a-álm.							
2.6.2 Fatahengi, skógeymsla, skápar				100		50	

Fjölga þarf fatahengjum, skógeymslum og skápum. Mikilvægt er að samnýttist skóla og félagsmiðstöð.

Geymslur

206,2

228,4

20

Óbreytt. Rými sem nú eru nýtt undir hljóðfærakennslu verða nýtt sem geymslur.

Tæknirými

30,3

30,3

100

Óbreytt. Skal vera í viðbyggingu eftir þörfum. Er ekki tekið með hér.

Ræsting

15,7

15,7

30

Óbreytt. Skal vera í viðbyggingu eftir þörfum. Er ekki tekið með hér.

Umferðarrými

1432,2

1332,2

100

Óbreytt. Skal vera í viðbyggingu eftir þörfum. Er ekki tekið með hér.

Samtals

1863,5

1909,7

213

100

Nettó heild samtals

5491,8

5493,8

1270

620

25% veggir og gangar


320

Samtals

1590

Gróðurhús

30




Búningsherbergi/
Fatahengi/Munaskápar


Geymslur

Opna á milli stofa


Opna út



Grunnmynd 1.hæð M 1:200



Grunnmynd 2.hæð M 1:200



Grunnmynd 3.hæð M 1:200

Viðauki 1

Minnisblað vegna samnýtingar Langholtsskóla og félagsmiðstöðvarinnar Þrótttheima í nýbyggingu við Langholtsskóla 14. maí 2020

Fjallað var um húsrýmisáætlun fyrir nýja viðbyggingu og ræddar hugmyndir um samnýtingu skóla og félagsmiðstöðvarinnar á húsnæðinu.

Mætt fyrir hönd Langholtsskóla: Hreiðar Sigtryggsson skólastjóri, Sesselja Auður Eyjólfsdóttir aðstoðarskólastjóri og verkefnastjórnarnir Guðlaug Bjarnadóttir og Björgvin Ívar Guðbrandsson. Fyrir hönd Kringlumýrar, Haraldur Sigurðsson framkvæmdastjóri, Þórhildur Rafns Jónsdóttir deildarstjóri og Hildur Þóra Sigurðardóttir forstöðumaður.

Flutningur félagsmiðstöðvarinnar Þrótttheima inn í Langholtsskóla býður upp á mörg tækifæri til betra og skilvirkara samstarfs milli stofnananna og samnýtingar á rýmum og ýmiss konar búnaði. Þannig gefst færi á að koma betur til móts við nemendur í leik og starfi – og meiri samfella í starfi beggja stofnana. Einnig felast tækifæri í þeirri skörun á dagvinnutíma sem verður með tilkomu félagsmiðstöðvarinnar í skólanum.

Samnýting milli Langholtsskóla og Þrótttheima

Samkvæmt forsögn fyrir nýbyggingu við skólann er gert ráð fyrir mörgum og fjölbreytilegum rýmum. Efri hæð er að mestu leyti ætluð undir kennslurými en neðri hæð verði fyrir félagsmiðstöð og fjölnota sal. Inn á milli verði rými sem má samnýta en skóli og félagsmiðstöð hafi yfirráð yfir ákveðnu svæði hvor um sig. Sjá þarf til þess að flæði milli rýma verði gott og skilvirkt en hafa þarf í huga að hægt verði að afmarka svæði þannig að hluti húsnæðisins sé opið en aðgangur takmarkaður um önnur svæði. Hönnuða bíða ögrandi verkefni að raða saman þeim rýmum sem gert er í rýmisáætluninni.

Eftir góða yfirferð á því rými sem sett er fram í áætluninni eru góðir möguleikar á samnýtingu ef staðsetning svæðanna, sem mögulegt er að samnýta, eru vel skipulögð og umferð um þau sé auðveld og lipur. Þau svæði sem um ræðir eru 2.1.4. Snillismiðja (hljóðver, myndver og fl.) og fjölnotasmiðja. 2.1.6. skólasafn – upplýsingaver. 2.2.1. fjölnota salur.

Mikilvægt er að huga vel að samspili rýmanna, t.d. að hljóðver/myndver tengist nýrri tónmenntastofu, sérstökum tónlistarrýmum (klefum, sjá 2.1.5) fyrir tónlistarkennslu og jafnframt að þessi rými tengist einnig fjölnotasal.

Rými félagsmiðstöðvarinnar.

Sérstaklega þarf að huga að rými fyrir „börn með langvarandi stuðningsþarfir (2.3.5)“ þar sem stærð þess í húsrýmisáætluninni er ekki áætluð vegna óvissu með fjölda þeirra barna sem koma til með að nýta rýmin. Gert er ráð fyrir að Þróttheimar þurfa alltaf að þjónusta þau börn sem eru með skilgreindar stuðningsþarfir í Langholtsskóla hverju sinni. Miðað við fjöldann sem er í dag má gera ráð fyrir um 18 börnum og unglingum sem þurfa þjónustu. Til að geta boðið þeim þjónustu, miðað við stöðuna í dag, þarf að gera ráð fyrir tveimur 20 fermetra rýmum sem yrðu hönnuð með þarfir þeirra að leiðarljósi.

Einnig er „sjónvarpsherbergi 2.3.3.“ í minna lagi. Orðalagið um að það megi ekki „vera of stórt“ er ekki rétt. Miða þarf við þann fjölda sem sækir Þrótttheima þarf sjónvarpsherbergið að taka á móti nokkrum hópum í einu.

Annað.

Mikilvægt að hönnuðir séu í góðu samstarfi og samráði við fulltrúar Langholtsskóla og Þrótttheima (Kringlumýri) í hönnunarferlinu.

Viðauki 2

From: [Steinþór Einarsson](#)
To: [Gréta Þórsdóttir Björnsson](#)
Subject: RE: Íþróttahúsnæði og aðstaða Langholtsskóla
Date: miðvikudagur, 24. júní 2020 13:14:08
Attachments: [image001.png](#)

Sæl

Stýrihópur um íþróttastefnu er að vinna að fjárfestingaáætlun til næstu 5 ára. Varðandi Laugardalinn þá hefur ekki verið tekin ákvörðun varðandi forgangsröðun. Þar er undir bygging íþróttahúss fyrir Ármann / Þrótt og íþróttakennslu skólanna. Síðan þjóðarleikvangur í inniboltagreinum og svo lagfæring á Laugardalshöll. Það er ljóst að það verður ekki farið í allt þetta – en ef þjóðarleikvangur verður byggður verður ekki byggt hús fyrir Þrótt / Ármann, heldur verður það húsnæði notað fyrir félögin og íþróttakennslu skólanna.

Kveðja
Steinþór Einarsson
Skrifstofustjóri rekstrar og þjónustu
Íþrótt- og tólmstundasvið Reykjavíkur

Sími 411 5000 · Beinn sími 411 5090
steinthor.einarsson@reykjavik.is www.itr.is · [Meðferð tölvupósts / Disclaimer](#)



From: Gréta Þórsdóttir Björnsson <Greta.Thorsdottir.Bjornsson@reykjavik.is>
Sent: 24 June 2020 13:03
To: Steinþór Einarsson <steinthor.einarsson@reykjavik.is>
Subject: FS: Íþróttahúsnæði og aðstaða Langholtsskóla

Sæll Steinþór

Takk fyrir samtalið í gær.
Gætur þú sent mér þessi svör í pósti, eins og við töluðum um?

Bestu kveðjur,
Gréta Þórsdóttir Björnsson
Arkitekt
greta.thorsdottir.bjornsson@reykjavik.is
Reykjavíkurborg – Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími: 411 1111

Kraftur – Samvinna – Virðing – Vinsemd

Frá: Gréta Þórsdóttir Björnsson
Sent: mánudagur, 22. júní 2020 11:58
Til: Steinþór Einarsson <steinthor.einarsson@reykjavik.is>

Afrit: Soffía Pálsdóttir <soffia.palsdottir@reykjavik.is>

Efni: FS: Íþróttahúsnæði og aðstaða Langholtsskóla

Sæll Steinþór

Varstu búin að ná að kíkja á póstinn hér að neðan? Ég væri þakklát ef þú gætir svarað fljótlega, þar sem starfshópurinn hefur lokið vinnu sinni og ég er að klára þetta allra síðasta.

Bestu kveðjur,

Gréta Þórsdóttir Björnsson

Arkitekt

greta.thorsdottir.bjornsson@reykjavik.is

Reykjavíkurborg – Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík

Sími: 411 1111

Kraftur – Samvinna – Virðing – Vinsemd

Frá: Gréta Þórsdóttir Björnsson

Sent: mánudagur, 15. júní 2020 10:23

Til: Steinþór Einarsson <steinthor.einarsson@reykjavik.is>

Efni: SV: Íþróttahúsnæði og aðstaða Langholtsskóla

Sæll Steinþór

Er vinnu varðandi íþróttamannvirki í Laugardal, þ.á.m. íþróttahús skólanna lokið eða komin lengra á veg? Liggja fyrir einhverjar upplýsingar um þessa vinnu sem ég get fengið?

Við erum að reyna að loka starfshóp sem hefur unnið að því að greina og koma með tillögur varðandi húsnæðisþörf Langholtsskóla og fékk eftirfarandi athugasemd frá Soffíu Pálsdóttir: *Mér finnst komment ÍTR orðin ansi gömul síðan í des og búið að samþykkja nýja íþróttastefnu sem Steinþór nefnir í sínum t.pósti að sé í vinnslu. Þarf ekki að fá uppfærslu á kommentum frá ÍTR vegna íþróttasalamála?*

Bestu kveðjur,

Gréta Þórsdóttir Björnsson

Arkitekt

greta.thorsdottir.bjornsson@reykjavik.is

Reykjavíkurborg – Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík

Sími: 411 1111

Kraftur – Samvinna – Virðing – Vinsemd

Frá: Steinþór Einarsson <steinthor.einarsson@reykjavik.is>

Sent: föstudagur, 13. desember 2019 14:03

Til: Gréta Þórsdóttir Björnsson <Greta.Thorsdottir.Bjornsson@reykjavik.is>

Afrit: Ómar Einarsson <omar.einarsson@reykjavik.is>

Efni: RE: Íþróttahúsnæði og aðstaða Langholtsskóla

Sæl Gréta

Það er nú kannski ekki hlutverk ÍTR að komenta á þetta. Eru einhverjir úr yfirstjórn SFS að koma með koment? Er einhver úr yfirstjórn SFS í þessum starfshópi?

Nú stendur yfir mikil vinna varðandi íþróttamannvirki í Laugardal m.a. varðandi Laugardalshöll, íþróttahús fyrir þrótt og skólana í Laugardal og aðstöðu TBR. Því er kannski ekki rétt á þessum tímapunkti að fara að huga að íþróttahúsi við Langholtsskóla.

Kveðja
Steinþór Einarsson
Skrifstofustjóri rekstrar og þjónustu
Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkur

Sími 411 5000 · Beinn sími 411 5090
steinthor.einarsson@reykjavik.is www.itr.is · [Meðferð tölvupósts / Disclaimer](#)



From: Gréta Þórsdóttir Björnsson <Greta.Thorsdottir.Bjornsson@reykjavik.is>
Sent: 13 December 2019 13:04
To: Steinþór Einarsson <steinthor.einarsson@reykjavik.is>
Subject: SV: Íþróttahúsnæði og aðstaða Langholtsskóla

Sæll Steinþór

Getur þú gefið álit á íþróttaaðstöðu Langholtsskóla?

Bestu kveðjur,
Gréta Þórsdóttir Björnsson
Arkitekt
greta.thorsdottir.bjornsson@reykjavik.is
Reykjavíkurborg – Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími: 411 1111

Kraftur – Samvinna – Virðing – Vinsemd

Frá: Steinþór Einarsson <steinthor.einarsson@reykjavik.is>
Sent: þriðjudagur, 10. desember 2019 09:44
Til: Gréta Þórsdóttir Björnsson <Greta.Thorsdottir.Bjornsson@reykjavik.is>
Efni: RE: Íþróttahúsnæði og aðstaða Langholtsskóla

Já við erum núna á fundi vegna íþróttastefnu og munum ræða þetta.

Kveðja
Steinþór Einarsson
Skrifstofustjóri rekstrar og þjónustu
Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkur



From: Gréta Þórsdóttir Björnsson <Greta.Thorsdottir.Bjornsson@reykjavik.is>

Sent: 10 December 2019 09:43

To: Steinþór Einarsson <steinthor.einarsson@reykjavik.is>

Cc: Rúnar Gunnarsson <runar.gunnarsson@reykjavik.is>

Subject: FS: Íþróttahúsnæði og aðstaða Langholtsskóla

Sæll Steinþór

Getum við fengið álit frá ÍTR um aðstöðu Langholtsskóla?
Sjá tölvupóst hér að neðan.

Bestu kveðjur,

Gréta Þórsdóttir Björnsson

Arkitekt

greta.thorsdottir.bjornsson@reykjavik.is

Reykjavíkurborg – Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík

Sími: 411 1111

Kraftur – Samvinna – Virðing – Vinsemd

Frá: Gréta Þórsdóttir Björnsson

Sent: föstudagur, 29. nóvember 2019 15:55

Til: Steinþór Einarsson <steinthor.einarsson@reykjavik.is>

Afrit: Rúnar Gunnarsson <runar.gunnarsson@reykjavik.is>

Efni: Íþróttahúsnæði og aðstaða Langholtsskóla

Sæll Steinþór

Það vinnur starfshópur að þarfagreiningu, forsögn og frumtillögum fyrir húsnæði Langholtsskóla um þessar mundir. Skólastjórnendur í starfshópnum hafa skrifað eftirfarandi um íþróttaaðstöðu skólans:

Íþróttahúsnæði

Við skólann er lítið íþróttahús sem komið er til ára sinna og þarfnast verulegrar endurnýjunar. Íþróttahúsið annar ekki kennslu í íþróttum. Nemendur í 1.-4. bekk sækja báða íþróttatíma sína í íþróttahús skólans. 5.-7. bekkur sækir annan íþróttatíma af tveimur í íþróttasalinn en hinn í íþróttahús TBR við Glæsibæ. Nemendur í 8.-10. bekk sækja báða íþróttatíma sína í íþróttahús TBR. Kennslustundir í íþróttum eru alls 70 talsins, þar af 42 stundir í íþróttahúsi skólans og 28 í TBR.

Töluvert óhagræði telur skólastjórn sé af sækja íþróttatíma utan skóla þar sem það tekur

nemendur um 15-20 mínútur að komast á milli húsa og gera sig klára fyrir þátttöku í íþróttatímum í TBR og sama tíma að komast til baka. Það þarf því að gera ráð fyrir 80 mínútum fyrir hverjar 40 mínútur í íþróttum í TBR. Samnýting á íþróttahúsi TBR gengur nokkuð vel fyrir utan þann tíma sem þarf til viðbótar til að komast á milli staða. Íþróttahús þétt setið. Sundkennsla fer fram í sundlauginni í Laugardal. Aðstaða þar er bagaleg, einkum fyrir yngstu börnin. Upphækkanlegur botn innisundlaugar er mjög oft bilaður og því ekki hægt að kenna ósýndum börnum í þeirri laug. Aðstaða til sundkennslu í grunnu vatni úti í Laugardalslaug er óásættanleg þar sem grunna útilaugin er hringlaga en ekki ferhyrnt eins og innilaugin – og erfitt er að kenna nemendum út á köldum vetrardögum.

Starfshópurinn er ekki sammála um hver þörf skólans fyrir íþróttahús er, þar sem TBR er nálægt skólanum og góð aðstaða til íþróttaiðkunar í Laugardal.

Við viljum því biðja um álit frá ÍTR á framangreindu.

Bestu kveðjur,
Gréta Þórsdóttir Björnsson
Arkitekt
greta.thorsdottir.bjornsson@reykjavik.is
Reykjavíkurborg – Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími: 411 1111

Kraftur – Samvinna – Virðing – Vinsemd

Viðauki 3

Kynningarfundur á starfi smiðjunnar

Anna Kristín Sigurðardóttir, ráðgjafi starfshópsins, leggur til að þeim sem mega koma að hönnun nýbyggingarinnar verði boðið á kynningarfund á starfi smiðjunnar. Það er mikilvægt að koma þessari hugmyndafræði vel til skila til hönnuða til að fá sem besta lausn. Það er erfitt að koma þessu vel á framfæri í texta og síðan sem vísað er á gefur heldur ekki nægilega góða mynd fyrir þann sem ekki er inni í skólastarfi.

Um stöðu frístundastarfs 1.-4. bekkjar

Nemendur Langholtsskóla sækja frístundastarf í félagsmiðstöðina Prótttheima, frístundaheimilið Glaðheima og frístundaheimilið Dalheima, Próttheimar og Glaðheimar eru staðsett við Holtaveg 11 og Dalheimar eru með aðstöðu í Laugardal. Stefnt er að því að færa félagsmiðstöð fyrir 5.-10. bekk í skólann og að frístundaheimilið Glaðheimar fyrir 1.-2. bekk verði í Laugardal í núverandi húsnæði Dalheima. Ekki liggur fyrir ákvörðun með nýja staðsetningu Dalheima, sem er frístundaheimili fyrir börn í 3. og 4. bekk Langholtsskóla og Laugarnesskóla. Það er mjög mikilvægt að fara að huga að framtíðaraðstöðu fyrir Dalheima.

Soffía Pálsdóttir og Haraldur Sigurðsson

Íþróttahúsnæði

Skólastjórnendur telja íþróttaaðstöðu við skólann ófullnægjandi og það verði ekki bætt með byggingu íþróttahúss Próttar á þeirra starfssvæði.

Hreiðar Sigtryggsson og Sesselja Auður Eyjólfsdóttir

Skólahljómsveit

Eftir að starfshópurinn hafði lokið vinnu sinni bárust athugasemdir frá Sigríði Björnsdóttur, deildarstjóra listfræðslu SFS vegna Skólahljómasveitar Austurbæjar. Athugasemdirnar fylgja með forsögninni og minniháttar breytingar voru gerðar á húsrýmisáætlun í samráði við fulltrúa og sviðstjóra SFS. Sjá athugasemdir í viðauka 4.

Viðauki 4

Óumbeðin umsögn – athugasemdir vegna vinnu við

Forsögn Langholtsskóla og Þrótttheima

unnið hefur

Sigfríður Björndóttir, deildarstjóri listfræðslu SFS

Almennt

Inngangur og framtíðarsýn vegna fyrirhugaðra breytinga á Langholtsskóla innihalda ekki eitt orð um starfsemi Skólahljómsveitar Austurbæjar innan skólans, þrátt fyrir að um 20% nemenda sveitarinnar, alls 24 nemendur skólaárið 2019-2020, séu úr Langholtsskóla. Þetta þarf að laga enda væri það í samræmi við lýsingar aftar í skjalinu þar sem nefndar eru þarfir fyrir rými vegna hljóðfærakennslu.

Skólahljómsveitastarf heyrir undir frístundastarf barna en heyrir ekki undir frístundamiðstöðvar. Samkvæmt skilgreiningu verkefnisins var með með erindisbréfi dagsettu þann 21. október 2019 óskað eftir greiningu og tillögum varðandi húsnaðisþörf fyrir skóla- og frístundastarf fyrir nemendur og unglunga í Langholtshverfi. Skólahljómsveitastarfið heyrir því þar undir.

Í lýsingu undir yfirskriftinni – Núverandi aðstæður – segir meðal annars:

Húsnaði Langholtsskóla annar ekki þeim fjölda nemenda sem sækja skólann og hentar ekki stefnu skólans um teymiskennslu. Til þess að leysa úr þörf fyrir aðstöðu skólastarfs fyrir þann fjölda sem sækir Langholtsskóla, og að mögulegt sé að flytja félagsmiðstöðina Þrótttheima undir sama þak og skólann, þarf að byggja við og endurskipuleggja núverandi húsnaði.

Ekki er minnst í þessum kafla á núverandi aðstæður til tónlistarkennslu á vegum skólahljómsveita sem er óforsvaranlegt og stendur til að bæta samkvæmt tillögum. Mikilvægt er að nefna það í lýsingu á núverandi aðstæðum.

Aðrir kaflar

Í kafla 2.1. – Námssvæði og frístundastarf – koma fram lýsingar og tillögur vegna hljóðvers og aðstöðu til tónmenntakennslu og líka hljóðfærakennslu. Gera má ráð fyrir áhuga á nýtingu hljóðvers vegna tónlistarnáms í framtíðinni og gott aðgengi að því, sem ekki veldur truflun, er mikilvægt.

Hljóð- og myndver Mælt er með að koma upptökuherbergi og hvers kyns mynd- og hljóðvinnsluherbergi (green screen herbergi) nær snillismiðju og félagsmiðstöð. Gott væri að koma upp sameiginlegu vinnurými fyrir fjölnotasmíðju, snillismiðju, hljóð- og myndver, sértæku rýmin væru þá minni, út frá einskönar miðju.

Um tónlistarrýmin segir:

2.1.5 Tónmennt - brot úr texta skýrslunnar – feitletrun SB

Ágætis tónmenntarstofa er á 2. hæð í austast A-álm. Tónmenntarstofa er ekki í nálægð við sal og engin rými fyrir hljóðfærakennslu eru í tengslum við tónmennt. **Einkakennsla á hljóðfæri fyrir nemendur skólahljómsveita fara fram í litlum kompum undir bókasafni.**

Þarfagreining

Mælt er með því að flytja tónmenntarstofu nær fjölnotasal og að núverandi tónmenntarstofa fengi annað hlutverk, sem t.d. almenn kennslustofa. Tónmenntastofa þarf að vera rúmgóð og björt. Tónmenntastofa þarf að geta haft hreyfisvæði, hefðbundið námssvæði (borð) og æfingasvæði. Hljóðvist þarf að vera góð og vel útfærð, þannig að tónlistaræfingar sem og framsögn trúfli ekki aðra starfsemi. Gera þarf ráð fyrir vinnuáðstöðu fyrir tónlistarkennara til undirbúnings og samskipta við nemendur og forráðamenn. Einnig þarf að gera ráð fyrir geymslu fyrir hljóðfæri, tæki og gögn sem fylgja tónlistarnámi. **Gera skal ráð fyrir þrem litlum hljóðeinangruðum rýmum, (um 8 m²) til einkakennslu á hljóðfæri, til upptöku o.fl.** Æskilegt er að tónmenntastofan tengist fjölnotasal. **Aðgengi þarf að vera að kennslustofum fyrir nemendur í tónlistarnámi sem raskar ekki öðru starfi í skólanum og utan hefðbundins opnunartíma án þess að opna upp allan skólann.**

Notkun rýma í kjallara verður aflögð, en nýta má rýmin til kennslu. (hvaða rými má nota til kennslu ef notkun er aflögð – ónothæf rými!)

Athugasemdir SB:

Setja þarf fram í inngangi og framtíðarsýn að gert sé ráð fyrir starfsemi skólahljómsveitar og þær þarfir hafðar í huga við hönnun og frágang rýma. Er það í samræmi við tillögurnar sjálfar en sést of lítið í lýsingum á verkefninu.

Þrjú tónlistarrými sem eru hljóðeinangruð og með góðu aðgengi sem raskar ekki öðru starfi og hægt er að komast í utan hefðbundins opnunartíma án þess að opna allan skólann – er vel hugsað. Það sem vantar að taka fram að **eitt þessara rýma þarf að vera um 12 fm.**

Það er mjög mikilvægt til að húsnæðið takmarki ekki með öllu þá kennsluhætti sem notaðir eru og verða notaðir í tónlistarnámi, s.s. samkennsla (2-3) og kennsla smærri hópa (3-5). Í viðauka eru þessi rými nefnd „klefar“ og er það afleitt að innleiða þá hugsun sem fylgir því hugtaki. Vilji menn raunverulega hafa tónlistarkennslurýmið í því formi

Tónlistarrýmið og nýting þeirra má ekki heldur raska vinnu í tónmenntastofunni né í smiðjurými og því þarf aðgengi að þeim að vera utan þeirrar stofu þar sem kennsla á vegum skólahljómsveita fer fram á skólatíma.

Í viðauka 1 í skýrslunni segir:

Mikilvægt er að huga vel að samspili rýmanna, t.d. að hljóðver/myndver tengist nýrri tónmenntastofu, sérstökum tónlistarrýmum (klefum, sjá 2.1.5) fyrir tónlistarkennslu og jafnframt að þessi rými tengist einnig fjölnotasal.

Hvað þetta varðar þá er mikilvægt að skoðað sé vandlega ef það á að nota einhverjar „klefalausnir“. Húsnæðishópur stýrihóps um tónlistarnám hefur skoðað slík rými vegna ófullnægjandi aðstöðu og hvort megi nýta slíka „klefa“ í stórum sameiginlegum rýmum skóla til tónlistarkennslu. Ekki er ljóst á þessari stundu hvort sátt er um að fara þá leið og hvernig gengi að kenna á hljómandi hljóðfæri í sértilbúnum klefum sem almennt eru hljóðdeyfðir innanfrá og þannig meira eins og stúdío en kennslurými.

Vonandi ná þessar athugasemdir eyrum þeirra sem geta haft áhrif á framkvæmdina.

Virðingarfyllt

Sigfríður Björnsdóttir

Fylgiskjal 6 - Nemendafjöldi og spá

Upplýsingar í þessu skjali voru unnar fyrir hópinn af sérfræðingi á skrifstofu sviðsstjóra SFS og var miðað við núverandi upplýsingar um byggingarreiti o.þ.h.

Mynd 1. Nemendasþá fyrir skólana þrjá til ársins 2040.

Nemendasþá 2020-2041					
Skóli	2020-2021	2021-2022	2026-2027	2030-2031	2040-2041
Langholtsskóli	706	712	641	662	665
Laugalækjarskóli	353	393	442	421	423
Laugarnesskóli	589	588	602	683	686
Samtals Laugardalur	1.648	1.693	1.685	1.766	1.774

Mynd 2. Greining nemenda á yfirstandandi skólaári eftir árgöngum í skólunum þremur.

Nemendafjöldi skólaárið 2020-2021											
9.feb.21											
Skóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur	Alls 2020
Langholtsskóli	60	59	65	67	74	87	85	84	66	59	706
Laugalækjarskóli							89	99	81	84	353
Laugarnesskóli	107	106	97	72	99	108					589
Samtals Laugardalur	167	165	162	139	173	195	174	183	147	143	1648
Nemendafjöldi skólaárið 2021-2022											
Skóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur	Alls 2021
Langholtsskóli	65	60	59	65	67	74	87	85	84	66	712
Laugalækjarskóli							112	93	103	85	393
Laugarnesskóli	87	111	110	101	76	103					588
Samtals Laugardalur	152	171	169	166	143	177	199	178	187	151	1693
Nemendafjöldi skólaárið 2026-2027											
Skóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur	Alls 2026
Langholtsskóli	70	71	59	57	68	65	60	59	65	67	641
Laugalækjarskóli							122	121	112	87	442
Laugarnesskóli	102	120	90	79	112	98					601
Samtals Laugardalur	172	191	149	136	180	163	182	180	177	154	1684
Nemendafjöldi skólaárið 2030-2031											
Skóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur	Alls 2030
Langholtsskóli	72	74	61	59	71	72	60	58	69	66	662
Laugalækjarskóli							101	89	123	108	421
Laugarnesskóli	115	133	101	89	114	131					683
Samtals Laugardalur	187	207	162	148	185	203	161	147	192	174	1766
Nemendafjöldi skólaárið 2040-2041											
Skóli	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur	Alls 2040
Langholtsskóli	73	74	61	60	70	67	62	62	67	69	665
Laugalækjarskóli							102	90	123	108	423
Laugarnesskóli	116	133	102	89	115	131					686
Samtals Laugardalur	189	207	163	149	185	198	164	152	190	177	1774

Hér kemur fyrst skiptingin í vestur/austur í skólahverfi skólanna eftir lögheimilum í Þjóðskrá fyrir núverandi grunnskólaárganga 2005-2014. Það eru sem sagt um 10% barna á grunnskólaaldri í skólahverfinu sem á lögheimili vestan Kringlumýrarbrautarinnar. Auðvitað er mögulegt að á seinasta skólaári hafi þetta verið eitthvað aðeins öðruvísi en á því næsta. En líkur á miklum sveiflum eru litlar. Fyrst eru það fjöldatölur og svo hlutföll.

	Laugalækjarskóli	Laugarnesskóli	Samtals
Austur	284	554	838
Vestur	33	56	89
Samtals	317	610	927

	Laugalækjarskóli	Laugarnesskóli	Samtals
Austur	90%	91%	90%
Vestur	10%	9%	10%
Samtals	100%	100%	100%

Svo eru það nemendurnir í skólunum tveimur miðað við upplýsingar frá seinustu mánaðarmótum. Ég gerði einnig grein fyrir þeim fjölda sem er í skólunum tveimur en með lögheimili í skólahverfi Langholtsskóla og svo allir hinir (önnur skólahverfi í Rvk, í öðrum sveitarfélögum og erlendis).

	Laugalækjarskóli	Laugarnesskóli	Samtals
Austur	239	499	738
Vestur	20	25	45
Langholtsskóli	47	33	80
Annað	42	25	67
Samtals	348	582	930

	Laugalækjarskóli	Laugarnesskóli	Samtals
Austur	69%	86%	79%
Vestur	6%	4%	5%
Langholtsskóli	14%	6%	9%
Annað	12%	4%	7%
Samtals	100%	100%	100%

Hvað Vestur/Austur skiptinguna varðar þá sjáum við að hlutfall nemenda í skólunum tveimur er enn lægra en lögheimilishlutfallið sem við sjáum í fyrri tölunum tveimur. M.ö.o. eru börn í vesturhlutanum sem frekar sækja aðra skóla en Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla. Ekki búinn að tékka á því en ekki ólíklegt að þessir skólar séu Háteigur, Austurbær og Waldorf. Svo er það önnur

saga að um fjórðungur nemenda Laugalækjarskóla kemur alls ekkert úr hverfinu en um er að ræða unglíngaskóla og þeir trekkja að, sjáum það líka með Haga og Réttó.

Samstarfssamningur milli x skóla og frístundaheimilisins x, skólaárið 2020-2021

Frístundaheimilið x og grunnskólinn x gera með sér samstarfssamning fyrir 15. júní ár hvert (fyrir 1. sept. 2020) fyrir komandi skólaár, þar sem fram koma upplýsingar um eftirfarandi:

- Hvernig reglubundnum samstarfs- og upplýsingafundum er háttað
- Samstarf frístundafræðings við grunnskóla
- Yfirlit yfir sameiginlega viðburði í skóla- og frístundastarfinu
- Yfirlit yfir sameiginlega starfsdaga/fræðslu
- Samstarf um óhefðbundna daga
- Meðferð og miðlun upplýsinga
- Samnýtingu á húsnæði
- Skiptingu kostnaðar

Framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvar í viðkomandi hverfi ber ábyrgð á því að boða til fundar vegna gerðar þessa samnings. Á fundinn eru boðaðir forstöðumaður frístundaheimilis og skólastjóri grunnskóla, ásamt öðrum þeim sem framkvæmdastjóri eða skólastjóri óska eftir að taki þátt í gerð samningsins. Framkvæmdastjóra frístundamiðstöðvar ber að skila samningunum til skrifstofu skóla- og frístundasviðs.

1. Reglubundnir samstarfs- og upplýsingafundir

(Hér eru nefnd dæmi um fundi, má breyta og bæta við eftir aðstæðum)

Fundur	Fulltrúi frístundaheimilis	Fulltrúi grunnskóla	Markmið fundar	Tímasetning og fyrirkomulag
Sameiginlegur kynningarfundur fyrir foreldra að hausti				
Skilafundir með leikskóla				
Skipulagsfundir um starf frístundafræðinga				
Stöðufundir um starf frístundafræðinga				
Nemendaverndarráðsfundir				
Þátttaka í eineltisteymi ¹ ,				
Þátttaka í lausnarteymi ²				

¹ Úr [gátlista SFS vegna eineltis](#): Hvatt er til þess að við alla grunnskóla séu starfrækt eineltisteymi. Í teymunum ættu að sitja þeir fagaðilar í viðkomandi skólasamfélagi/nærsamfélagi sem best eru til þess fallnir. Það geta verið námsráðgjafar, kennarar, frístundaráðgjafar, stjórnendur grunnskóla og/eða frístundamiðstöðva og annað starfsfólk sem hefur þekkingu og áhuga á að vinna gegn einelti

² Lausnarteymum grunnskóla er ætlað að veita kennurum og öðru starfsfólki jafningjastuðning þegar óskað er eftir því. Í lausnarteymum er unnið út frá fyrirfram skilgreindu verklagi þar sem markvisst er unnið að lausnaleit. Gerð er áætlun um næstu skref og lausnarteymi fylgir málum eftir í tiltekinn tíma.

Móttökuviðtal vegna barna með annað móðurmál en íslensku				
Fundur um sameiginlegt starfsfólk				
Fundir vegna aðstoðar við einstaka nemendur sem þarfnast sérfræðipjónustu (með samþykki foreldra)				

2. Samstarf frístundafræðings við grunnskóla

Frístundafræðingur er faglærður starfsmaður sem er starfsmaður frístundaheimilis, [sjá starfslýsingu](#).

Árgangar/bekkir/hópar sem frístundafræðingar vinna með á skólatíma:

Vikulegur starfstími/stundaskrá frístundafræðings í grunnskóla:

Inntak og áherslur í starfinu (verkefni frístundafræðings á skólatíma):

Hvernig fær grunnskóli upplýsingar um forföll frístundafræðings?

3. Yfirlit yfir sameiginlega viðburði í skóla- og frístundastarfinu

(Hér eru nefnd dæmi um viðburði, má breyta og bæta við eftir aðstæðum)

Heiti viðburðar	Áætluð tímasetning	Hlutverk skóla	Hlutverk frístundaheimilis	Verkefnastjóri/ ábyrgðarmaður viðburðar
Heimsóknir leikskólabarna (aðlögun)				
Öskudagur				
Jólaskemmtun				
Leikjadagur				
Barnameningahátíð				

4. Yfirlit yfir sameiginlega starfsdaga/fræðslu

Yfirskrift starfsdags/fræðslu	Dagsetning	Markmið	Ábyrgðarmaður	Þátttakendur	Annað (s.s. kostnaður)

5. Samstarf um óhefðbundna daga

(Hér eru nefnd dæmi um óhefðbundna daga, má breyta og bæta við eftir aðstæðum)

Dagsetning	Yfirskrift	Hlutverk/tímasetning skóla	Hlutverk/tímasetning frístundaheimilis
	Starfsdagur		
	Öskudagur		
	Jólaskóli		
	Vorgleði		

6. Meðferð og miðlun upplýsinga

- Forstöðumaður frístundaheimilis er boðaður á skilafundi með leikskóla að undangengnu samþykki frá foreldri/forsjáraðila ([sjá eyðublað á innri vef](#))
- Forstöðumaður frístundaheimilis er boðaður á fundi nemendaverndarráðs þegar þörf krefur í samræmi við 20. gr. reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010 og 11. gr. [reglna Reykjavíkurborgar um þjónustu frístundaheimila](#).
- Skólaritari í umboði skólastjóra veitir nýjum forstöðumönnum frístundaheimila aðgang að frístundagátt í Mentor ([sjá leiðbeiningar á innri vef](#)) eða Námfús
- Grunnskóli upplýsir frístundaheimili þegar nýr nemandi er að hefja nám við skólann og býður forstöðumanni að taka þátt í móttökuvíðtali með samþykki foreldra.

7. Húsnæði Sjá útreikninga á rými í exel skjali.

Heildarfjöldi barna á frístundaheimili:

Fjöldi barna með fötlun:

Stærð sérrýmis þarf því að vera (1 m² á barn en 2 m² fyrir barn með fötlun):

Heildar rými þarf að vera (4 m² á barn en 8 m² fyrir barn með fötlun):

a) Sérrými frístundaheimilis

Sérrými er það rými sem er alfarið í umsjón frístundaheimilisins, ef það er nýtt af öðrum er það gert í samráði við forstöðumann frístundaheimilisins. Skv. skilgreiningu á rýmisþörf frístundaheimila skal hjarta frístundaheimilisins vera u.þ.b. 1 m² af nettó vinnurými fyrir hvert barn, þó aldrei minna en 60 m². Æskilegt er frístundaheimilið hafi eitt sérrými fyrir 1. og 2. bekk og annað sérrými fyrir 3. og 4. bekk.

b) Samnýtt rými með grunnskóla

Heildar rými sem börn og starfsmenn frístundaheimilanna hafa aðgang að eftir skólatíma ætti að vera að lágmarki 4 m² nettó á barn hverju sinni (8 m² þegar um börn með fötlun er að ræða). Rými sem frístundaheimili samnýtir með grunnskóla er þá 3 m² á barn (6 m² þegar um börn með fötlun er að ræða).

_ Aðgangur að rými sem hægt er að nýta þegar börn þurfa að komast í ró

FORSTOFA

_ Frístundaheimilið hefur afnot af forstofu sem er a.m.k. 10-15 m²

_ Hvert barn hefur snaga fyrir föt sín

_ Hvert barn hefur pláss fyrir skólatösku

HREINLÆTISAÐSTAÐA

_ Frístundaheimilið hefur aðgang að salernum sbr. eftirfarandi töflu skv. Reglugerð um hollustuhætti nr.941/2002:

25 börn 2 salerni

50 börn 3 salerni

100 börn 4 salerni

200 börn 6 salerni

_ Aðgengi að salerni fyrir fatlaða

GEYMSLUR

_ Fyrir útidót (Viðmiðið er 5-8 m²):

_ Fyrir innidót

MATSALUR

Frístundaheimili fái þjónustu frá eldhúsi skólans og aðgang að matsal eða annarri aðstöðu þar sem börnin geta neytt síðdegishressingar. Merkið við allt það sem við á:

_ Borða í matsal skóla

_ Borða í frístundaheimili

_ Skólinn sér um síðdegishressinguna

_ Aðgengi að eldhúsi frístundaheimilis

_ Aðgengi að eldhúsi skóla

STARFSMANNAAÐSTAÐA

_ Skrifstofa, kaffistofa, læstir starfsmannaskápar og salerni fyrir starfsfólk sem hér segir:

_ Skrifstofa forstöðumanns nálægt sérrými frístundaheimilis, að lágmarki 7 m² ef önnur starfsmannaaðstaða er ekki fyrir hendi, annars duga 4 m²

Önnur starfsmannaaðstaða:

_ Læstir skápar

_ Kaffistofa

_ Starfsmannasalerni

_ Samningsaðilar hafa kynnt sér reglur um þjónustu frístundaheimila þar á meðal grein 11 um samstarf.

8. Skipting kostnaðar

Er einhver kosnaður sem grunnskóli og frístundaheimili þurfa að deila með sér, s.s. varðandi húsnæði, þrif, kaffistofu, búnað eða annað? Tilgreinið hér fyrir neðan:

_ Samningsaðilar hafa kynnt sér [Reglur um þjónustu frístundaheimila](#) þar á meðal grein 11 um samstarf.

Ef breyting verður á forsendum samnings geta báðir aðilar óskað eftir endurnýjun á samningi þessum.

Dagsetning

Skólastjóri

forstöðumaður frístundaheimilisins/
framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvar

Samstarfssamningur milli x skóla og félagsmiðstöðvarinnar x, skólaárið 2020-2021

Félagsmiðstöðin x og grunnskólinn x gera með sér samstarfssamning fyrir 15. júní ár hvert (1. sept. 2020) fyrir komandi skólaár, þar sem fram koma upplýsingar um eftirfarandi:

- Hvernig reglubundnum samstarfs- og upplýsingafundum er háttað
- Yfirlit yfir sameiginlega viðburði í skóla- og frístundastarfinu
- Yfirlit yfir sameiginlega starfsdaga/fræðslu
- Meðferð og miðlun upplýsinga
- Samnýtingu á húsnæði
- Skipting kostnaðar

Framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvar í viðkomandi hverfi ber ábyrgð á því að boða til fundar vegna gerðar þessa samnings. Á fundinn eru boðaðir forstöðumaður félagsmiðstöðvar og skólastjóri grunnskóla, ásamt öðrum þeim sem framkvæmdastjóri eða skólastjóri óska eftir að taki þátt í gerð samningsins. Framkvæmdastjóra frístundamiðstöðvar ber að skila samningunum til skrifstofu skóla- og frístundasviðs.

1. Reglubundnir samstarfs- og upplýsingafundir

(Hér eru nefnd dæmi um fundi, má breyta og bæta við eftir aðstæðum)

Fundur	Fulltrúi félagsmiðstöðvar	Fulltrúi grunnskóla	Markmið fundar	Tímasetning og fyrirkomulag
Sameiginlegur kynningarfundur fyrir foreldra að hausti				
Reglulegir samráðsfundir tengiliða grunnskóla og félagsmiðstöðva				
Nemendaverndarráðs fundir				
Þátttaka í eineltisteymi ¹				
Þátttaka í lausnar-teymi ²				
Móttökuviðtal vegna barna með annað móðurmál en íslensku				

¹ Úr [gátlista SFS vegna eineltis](#): Hvatt er til þess að við alla grunnskóla séu starfrækt eineltisteymi. Í teymunum ættu að sitja þeir fagaðilar í viðkomandi skólasamfélagi/nærsamfélagi sem best eru til þess fallnir. Það geta verið námsráðgjafar, kennarar, frístundaráðgjafar, stjórnendur grunnskóla og/eða frístundamiðstöðva og annað starfsfólk sem hefur þekkingu og áhuga á að vinna gegn einelti

² Lausnar-teyminum grunnskóla er ætlað að veita kennurum og öðru starfsfólki jafningjastuðning þegar óskað er eftir því. Í lausnar-teyminum er unnið út frá fyrirfram skilgreindu verklagi þar sem markvisst er unnið að lausnaleit. Gerð er áætlun um næstu skref og lausnar-teymi fylgir málum eftir í tiltekinn tíma.

Fundir um viðbrögð við niðurstöðum kannana á högum og líðan barna og unglunga í skólanum				
Skilafundir vegna einstaklinga og/eða hópa (ath. leyfi frá foreldrum)				
Fundir vegna aðstoðar við einstaka nemendur sem þarfnast sérfræðipjónustu (með samþykki foreldra)				

2. Yfirlit yfir sameiginlega viðburði/verkefni í skóla- og frístundastarfinu

(Hér eru nefnd dæmi um viðburði, má breyta og bæta við eftir aðstæðum)

Heiti viðburðar/verkefnis	Áætluð tímasetning	Hlutverk skóla	Hlutverk félagsmiðstöðvar	Verkefnastjóri/ ábyrgðarmaður viðburðar
Viðvera starfsfólks félagsmiðstöðva á skólatíma				
Árshátíð/ball				
Skrekkur				
Öskudagur				
Jólaskemmtun				
Leikjadagur				
Barnamenningarhátíð				
Nemendafélag				
Ferðir				
Skólabúðir / íþrótta- og tómstundabúðir				
Kortlagning félags tengsla og fyrirlögn tengslakannana				

3. Yfirlit yfir sameiginlega starfsdaga/fræðslu

Yfirskrift starfsdags/ fræðslu	Dagsetning	Markmið	Ábyrgðarmaður	Þátttakendur	Annað (s.s. kostnaður)

4. Meðferð og miðlun upplýsinga

_ Forstöðumaður félagsmiðstöðvar er boðaður á fundi nemendaverndarráðs þegar þörf krefur í samræmi við 20. gr. reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010 og 11. gr. [reglna Reykjavíkurborgar um þjónustu félagsmiðstöðva](#).

_ Skólaritari í umboði skólastjóra veitir nýjum forstöðumönnum félagsmiðstöðva aðgang að frístundagátt í Mentor, [sjá leiðbeiningar á innri vef](#) eða Námfús.

_ Grunnskóli upplýsir félagsmiðstöð þegar nýr nemandi er að hefja nám við skólann og býður forstöðumanni að taka þátt í móttökuviðtali með samþykki foreldra.

5. Húsnæði Sjá nánari skilgreiningu á rými í exel skjali.

_ Sérrými félagsmiðstöðvar er $X \text{ m}^2$ (lágmarkið er 65 m^2).

Sérrými félagsmiðstöðvar er það rými sem er alfarið í umsjón félagsmiðstöðvar, ef það er nýtt af öðrum er það gert í samráði við forstöðumann félagsmiðstöðvarinnar. Skv. skilgreiningu á rýmisþörf félagsmiðstöðva þarf sérrými að vera amk. 65 m^2 .

_ Heildar rými félagsmiðstöðvar er $X \text{ m}^2$ (lágmarkið er 350 m^2)

Heildarrými er það rými sem börn, unglingar og starfsmenn félagsmiðstöðvar hafa aðgang að eftir skólatíma. Sérrými telst hluti af fermetrafjölda heildar rýmis.

_ Aðgangur er að rými sem hægt er að nýta þegar börn þurfa að komast í ró

_ Félagsmiðstöðin hefur afnot af forstofu sem er a.m.k. $10\text{-}15 \text{ m}^2$

_ Rýmið býður upp á nægjanlegt pláss/hillur/snaga fyrir skó, útiföt og skólatöskur

_ Félagsmiðstöðin hefur aðgang að salernum sbr. eftirfarandi töflu skv. Reglugerð um hollustuhætti nr.941/2002:

25 börn	2 salerni
50 börn	3 salerni
100 börn	4 salerni
200 börn	6 salerni

_ Aðgengi að salerni fyrir fatlaða

_ Geymsla fyrir borð, stóla, leiktæki, svið, borðtennisborð og önnur leiktæki (viðmiðið er $5\text{-}8 \text{ m}^2$)

_ Grindur á hjólum fyrir borð og stóla

Starfsmannaaðstaða:

	Já	Nei	m ²	Samnýtt m/skóla
Skrifstofa forstöðumanns nálægt sérrými félagsmiðstöðvar				
Önnur starfsmannaaðstaða				
Læstir skápar				
Kaffistofa				
Starfsmannasalerni				

6. Skipting kostnaðar

Er einhver kostnaður sem grunnskóli og félagsmiðstöð þurfa að deila með sér, s.s. varðandi húsnæði, þrif, kaffistofu, búnað eða annað? Tilgreinið hér fyrir neðan:

_ Samningsaðilar hafa kynnt sér [Reglur um þjónustu félagsmiðstöðva](#) þar á meðal grein 11 um samstarf.

Ef breyting verður á forsendum samnings geta báðir aðilar óskað eftir endurnýjun á samningi þessum.

Dagsetning

Skólastjóri

forstöðumaður félagsmiðstöðvar/
framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvar

SKÍPULAG Í LANGHOLTÍ 12B 12B-A1

M: 1:2000



- AUNLIFT HÚS
- GRÁVUR HÚS
- HÆÐIR
- 7-8 HÆÐIR
- 7-10 HÆÐIR
- VEÞRIANIR



PUNKTUSIN TEIKNUÐ INN EFTIR
 MÆLINGU MÆLINGAÐEILDAR 17-10-60
 P. T.
 HVERFI 17901 Breytt í samræmi við
 MÆLIBLAÐIÐ 5-10. 1960 P. T.

SAMDYKKT Á FUNDI SAMVINGUNEFNDAR
 UM SKÍPULAGSMÁL 23. 1. 56
 SAMDYKKT Í BÚVAÐRÁÐI 3. 2. 56

Guðmundur Ólafsson

10.11.1960
Guðmundur Ólafsson

